


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




20% Europris
afsláttur á völdu jólaskrauti
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
7. desember 2011
286. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Rappar um fátækt og fangelsisvist á sólóplötu**
*Óskar Axel Óskarsson lætur allt flakka á sinni fyrstu plötu, Maður í mótun.*
fólk 50

**Sjö ára bið á enda**
*Rapphljómsveitin Skytturnar spilar í Reykjavík á föstudag eftir sjö ár í hîði.*
fólk 42



**Slæmur skellur**
*Stelpurnar okkar steinlágu gegn Noregi í gær. Þær mæta Þýskalandi í kvöld.*
sport 44

**veðrið í dag**




**ÁFRAM KALT** Í dag má búast við N-áttum, víðast 3-8 m/s en hvassara við NA ströndina. Snjókoma í fyrstu austan til en annars víða él við N- og A-ströndina en nokkuð bjart á suðvesturhorninu.
VEÐUR 4



**BLÓÐBAÐ Í KABÚL** Nærri 60 manns voru drepnir og um 150 manns særðust í sjálfsvígsárás sem gerð var fyrir utan Abul Fazl-moskuna í Kabúl í Afganistan í gær. Árásin átti sér stað á helgidegi sjía-múslima sem eru í minnihluta í landinu. Þetta er blóðugasta árás sem gerð hefur verið í Kabúl síðustu ár. **Sjá síðu 10**
NORDICPHOTOS/AFP

# Höfðatorg í hendur kröfuhafa

**Eigandi Eyktar missir félagið utan um Höfðatorg. Atkvæði greidd um nauðasamninga eftir tvær vikur. Skuldaði 23 milljarða um áramót.**

**VIÐSKIPTI** Eigandi byggingarfélagsins Eyktar hefur misst Höfðatorg ehf. til lánardrottna. Höfðatorg ehf. á Höfðatorgsbygginguna og óbyggðar lóðir þar í kring og skuldaði 23 milljarða króna um síðustu áramót.

Félagið er komið í nauðasamningaferli og munu lánardrottnar greiða atkvæði um samningana 22. desember. Íslandsbanki er þeirra langstærstur.

Pétur Guðmundsson hjá Eykt, fyrrverandi eigandi Höfðatorgs ehf., kveðst sjá eftir Höfðatorgi í samtali við Markaðinn í dag. „Þetta endaði svona. Það var mat kröfuhafa að svona væri þessu best fyrir komið. Það hefur þá bara sinn gang.“

> Það var mat kröfuhafa að svona væri þessu best fyrir komið.
>
> PÉTUR GUÐMUNDSSON
> EIGANDI EYKTAR

Fyrsti áfangi Höfðatorgs var tekinn í notkun í byrjun árs 2008 og hýsir í dag fyrst og fremst ýmsa starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar, sem leigt hefur húsnæðið af Höfðatorgi ehf. Annar áfanginn var nítján hæða turn sem var opnaður í janúar 2009. Um þrjátíu prósent af tuttugu þúsund fermetra húsnæði hans standa tóm.

Til stóð að byggja einnig 300 herbergja hótel á lóðinni og lagði Pétur hornstein að þeirri byggingu ásamt konu sinni 17. nóvember síðastliðinn, viku eftir að formlegt nauðasamningaferli um Höfðatorg ehf. hófst.
- þsj / sjá Markaðinn í miðju blaðsins

Gefur út heklbók í miðju hannyrðaæði:

## Fyrsta heklbókin í 53 ár

**FÓLK „Langamma mín, Þóra Ólafsdóttir frá Hvítárvöllum, kenndi mér að hekla þegar ég var tíu ára gömul og er bókin tileinkuð henni,“ segir Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir sem gefur á næstunni út bókina Þóra – heklbók. Síðasta íslenska bókin um hefðbundið hekl kom út árið 1948.**

**Tinna furðar sig á að jafn langt hafi liðið á milli útgáfu bóka með hliðsjón af því hannyrðaæði sem hefur gripið þjóðina. Hún segir bókina gefna út til að bæta úr því.**
- sg / Allt í miðju blaðsins

Ný bók um Jón Sigurðsson varpar ljósi á atburð sem samtíminn þagði um:

# Lík Jóns forseta var grafið upp

**SAGA** Lík Jóns Sigurðssonar og eiginkonu hans, Ingibjargar Einarsdóttur, voru grafin upp árið 1881 og tímabundið komið fyrir í líkhúsi í Reykjavík. Ástæðan var að minnisvarðinn sem settur var við gröf þeirra í Hólavallakirkjugarði var svo þungur að hleðslan í kringum gröfina bar hann ekki uppi.

Þetta kemur fram í bókinni Jón forseti allur eftir Pál Björnsson sagnfræðing, sem kemur út á morgun. Bókin fékk tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Jón og Ingibjörg létust bæði í Kaupmannahöfn í desember 1879. Líkkistur þeirra voru fluttar heim um vorið og jarðarför þeirra fór fram að viðstöddu fjölmenni. Safnað var fyrir minnismerki sem kom til landsins í október 1881.

Páll greinir frá því að þá hafi komið í ljós að umbúnaður grafarinnar gerði ekki ráð fyrir svo veglegum steini. Grafa þurfti kistur Jóns og Ingibjargar upp og þær látnar standa uppi í líkhúsi bæjarins á meðan gerðar voru nauðsynlegar ráðstafanir.

Um þennan atburð eru litlar heimildir, en landsmálablöðin þögðu. Túlkar Páll þögnina sem svo að mönnum hafi þótt það svo miður að ró þeirra hjóna var raskað að þeir hafi ákveðið að þegja.
- shá


Sölutímabil 5.-19. desember



ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA
LEPPALÚÐI
Nánar á www.jolaoroinn.is
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Jólaleikur BYKO!
Vinningshafi gærdagsins er Hrefna María Gunnarsdóttir



Nýr vinningur á hverjum degi
Vinningur dagsins:
SINBO brauðvél - 12.990 kr.
Sjá nánar á www.byko.is
BYKO

Jólalest Coca-Cola
Leggur af stað eftir
3 DAGA



## SPURNING DAGSINS



*Inga, eru Íslendingar húðlatir?*

„Konur eru minna húðlatar en karlar. Karlar eru meira almennt húðlatari.“

Inga Kolbrún Hjartardóttir, snyrti- og hjúkrunarfræðingur, segir langflesta finna fyrir þurrki í húðinni vegna minni raka í lofti í vetrarkuldum heldur en er á sumrin. Gæta þurfi þess að nota feitari og þykkari húðkrem á veturna.

Ríkisendurskoðun segir greiðslur til bænda í samræmi við lög og reglur:

# Sauðfjárbændur svindluðu ekki

**STJÓRNSÝSLA** Ekki er ástæða til að ætla að sauðfjárbændur fái hærri beingreiðslur frá ríkinu en þeir eiga rétt á samkvæmt lögum og reglum. Þetta er niðurstaða athugunar Ríkisendurskoðunar.

Ríkið greiðir sauðfjárbændum, sem á annað borð eiga rétt á greiðslum, tiltekna fjárhæð á hvert svokallað ærgildi. Greiðslur þessar kallast beingreiðslur.

Fyrr á þessu ári var Ríkisendurskoðun bent á að dæmi væru um að sauðfjárbændur misnotuðu þetta kerfi með því að kaupa nógu mörg ærgildi til að eiga rétt á greiðslunum án þess hins vegar að auka við framleiðslu sína. Þeir fengju þannig hærri beingreiðslur en þeir ættu rétt á.

Ríkisendurskoðun fór á stúfana og aflaði sér upplýsinga og gagna til að kanna hvort ábendingin ætti við rök að styðjast. Í ljós kom að svo virtist ekki vera. „Ekki verður því um frekari úttekt að ræða að sinni nema nýjar upplýsingar komi fram sem gefi tilefni til þess,“ segir í skýrslu embættisins um málið. **- sh**



**KIND** Ábendingin um svindlið virðist hafa verið byggð á sandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eftirlit í kennslustundum:

## Fylgst með netnotkun nema

**DANMÖRK Um 40 danskir skólar hafa keypt forrit sem getur fylgst með netnotkun nemenda í kennslustundum. Forritið er sett í tölvur skólans sem nemendurnir nota og getur kennarinn séð skjái allra nemendanna í eigin tölvu.**

**Aðstoðarskólastjóri við Hedebyskólann í Skagen segir að þar með geti kennarinn lokað á Facebook en það þurfi þó sjaldan. Forritið hafi jafnframt fyrirbyggjandi áhrif.**

**Talsmenn nemenda hafa gagnrýnt eftirlitið. - ibs**



**VIGDÍS OG STEFÁN** Verndari heimsforeldra og framkvæmdastjóri UNICEF settu upp fyrstu nefin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skátafélög uppiskroppa:

## Rauðu nefin fá góðar viðtökur

**SAMFÉLAGSMÁL** Sala á rauðum nefjum fyrir UNICEF hefur farið fram úr björtustu vonum, að sögn stofnunarinnar. Nefin eru seld í tilefni af degi rauða nefsins sem haldinn verður á föstudag.

Nefin eru til sölu hjá skátafélögum um allt land, í Bónus, Hagkaup, MP-banka og hjá Te & kaffi. Nokkur skátafélaganna hafa þegar selt öll sín nef og hefur því verið gripið til ráðstafana til að anna eftirspurninni. Söfnunarþáttur verður á Stöð 2 á föstudagskvöld í tilefni af deginum. **- þeb**

Björgunarsveitir fá styrk:

## Sex milljónir fara til Færeyja

**STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin hyggst veita sex milljónir króna til stuðnings og eflingar björgunarsveitum í Færeyjum.**

**Annars vegar verða fimm milljónir króna veittar til að þjálfa færeyskar björgunarsveitir hér á landi og til námskeiðahalds og æfinga í Færeyjum.**

**Hins vegar verður milljón veitt í fjársöfnun sem fer fram á sunnudag til styrktar björgunarsveitunum í Færeyjum. Fjársöfnunin fer meðal annars fram með tónleikum sem verða sýndir í Ríkissjónvarpinu og færeysku sjónvarpi. - þeb**

# Stal tölvu klæddur í fjólublá íþróttaföt

**Tveimur tölvum hefur verið stolið af rúmlega tvítugri námsmey á Þjóðarbókhlöðunni á síðustu þremur mánuðum. Seinni þjófurinn náðist á mynd og er lýst sem eldri manni í fjólubláum jogginggalla. Stúlkan heitir fundarlaunum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Hann var um sjötugt, í fjólubláum jogginggalla, með svartan bakpoka og grátt hár. Hann sést mjög vel á upptökunni,“ segir Anna Guðbjörg Bjarnadóttir, 22 ára lögfræðinemi við Háskóla Íslands. Tveimur fartölvum hefur verið stolið af Önnu á Þjóðarbókhlöðunni á síðustu þremur mánuðum. Tjónið hleypur á hundruðum þúsunda, en tölvurnar voru báðar af gerðinni MacBook.

Fyrri tölvunni var stolið af skrifborði Önnu fyrir um þremur mánuðum þegar hún brá sér frá í hádegismat. Engar myndavélar vöktuðu svæðið. Seinni tölvunni var stolið á sunnudaginn síðastliðinn þegar hún skildi hana eftir á hillu á neðstu hæð Þjóðarbókhlöðunnar á meðan hún skrapp út fyrir með vinkonum sínum. Anna skildi við tölvuna þar í nokkrar mínútur og þegar hún kom til baka var hún horfin.

Öryggismyndavél náði þjófnum á mynd og að sögn Önnu sést þar eldri maður í hlaupagalla sem kemur inn í bygginguna, lítur í myndavélina, gengur að horninu þar sem tölvan var geymd og gengur út. „Ég var komin hálfri mínútu eftir að hann tók hana en ég var í svo miklu panikki að ég áttaði mig ekki á því að líta út eftir þjófnum,“ segir Anna.

Ólafur Guðnason, húsvörður í Þjóðarbókhlöðunni, segir allt of mikið um þjófnaði á svæðinu. Þrátt fyrir öryggismyndavélar og viðvaranir sé allt of algengt að nemendur skilji eigur sínar eftir eftirlitslausar. Í seinna tilviki Önnu hafi þjófurinn vissulega náðst á mynd en ekki sé hægt að sýna myndbandið opinberlega sökum persónuverndarlaga.

„Ég mundi gjarnan vilja sýna upptökuna en mér er bara ekki heimilt að gera það,“ segir Ólafur. Hann segir það hafa gerst að fólk komi inn í bygginguna gagngert til þess að stela. „Því miður er allt of mikið um þetta,“ segir hann. „Ein tölva er of mikið þar sem oft eru heilu ritgerðirnar þar inn á. Svona atburðir eru vissulega ólán.“

Anna segist ekki ætla að kæra þjófnaðinn, verði tölvunni skilað á Þjóðarbókhlöðuna fyrir helgi. Hún heitir þeim sem finnur tölvuna fundarlaunum.

„Ég er búin að tapa tveimur tölvum, með öllum glósunum mínum og námsefni,“ segir Anna. „Sú seinni er glæný og kostaði tvö hundruð þúsund krónur. Ég mun gera allt til að fá hana aftur.“

sunna@frettabladid.is



**HEFUR TAPAÐ TVEIMUR TÖLVUM** Anna Guðný segist ekki ætla að kæra þjófnaðinn verði tölvunni skilað á Þjóðarbókhlöðuna fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég var komin hálfri mínútu eftir að hann tók hana, en ég var í svo miklu panikki að ég áttaði mig ekki á því að líta út eftir þjófnum
>
> ANNA GUÐBJÖRG BJARNADÓTTIR LAGANEMI VIÐ HÍ

Vöruskiptajöfnuður í október:

## Hagstæður um átta milljarða

**VIÐSKIPTI** Vöruskipti Íslands við útlönd í októbermánuði voru hagstæð um átta milljarða króna. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Í mánuðinum voru fluttar út vörur fyrir 52,7 milljarða króna og inn fyrir 44,6 milljarða. Í október á síðasta ári voru vöruskiptin hagstæð um 11,6 milljarða á sama gengi.

Fyrstu tíu mánuðina 2011 voru fluttar út vörur fyrir 512,6 milljarða en inn fyrir 423,1 milljarð. 89,5 milljarða afgangur var því á viðskiptum við útlönd en á sama tíma árið áður voru þau hagstæð um 98,2 milljarða á sama gengi. **- þj**



**MIKIÐ MAGN** Stærra fíkniefnamál hefur ekki komið upp í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gæsluvarðhald framlengt:

## Í haldi yfir jólin vegna dópmáls

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 3. janúar vegna rannsóknar á stórfelldu fíkniefnamáli.

Maðurinn starfaði hjá heildsölu sem póstsending með fíkniefnunum var stíluð á. Lagt var hald á hana í gámi í Sundahöfn og fundust þar tíu kíló af amfetamíni, 200 grömm af kókaíni, rúmlega átta þúsund e-töflur og verulegt magn af sterum. Gámurinn hafði komið með skipi frá Rotterdam.

Annar maður er í haldi lögreglu vegna málsins. Sá er á fimmtugsaldri og hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. **- sh**




Forsvarsmenn Facebook farnir að loka fyrir íslenskar síður vegna leikja:

# Lokað á Karen Millen eftir kápuleik

**TÆKNI** Lokað var fyrir Facebook-síðu Karen Millen á Íslandi fyrir um þremur dögum. Forsvarsmenn samfélagsnetsins segja ástæðuna vera kápuleikinn svokallaða, sem fór sennilega ekki framhjá mörgum notendum í lok síðasta mánaðar. Fyrirtækið fékk um 2.500 „like“ á síðuna sína á einum degi þegar leikurinn fór af stað.

Fréttablaðið greindi frá því í lok nóvember að leikir á Facebook þar sem notendur eiga að ýta á „like“, „kvitta“ á veggi og deila myndum frá fyrirtækjum til þess að vinna vörur eða þjónustu væru skýrt brot á notendareglum Facebook. Þau fyrirtæki sem setja slíka leiki í gang eiga á hættu að lokað verði fyrir síðurnar þeirra.

Hulda Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Karen Millen á Íslandi, er enn í viðræðum við markaðsdeild Facebook og veit ekki fyrir víst hver staðan er.

„Síðan er fryst,“ segir Hulda. „Við erum enn í viðræðum við Facebook og ég vona bara að þeir opni fyrir hana aftur. Mér finnst það frekar hart ef þeir ætla að gera okkur að fordæmi.“

Hulda þekkir dæmi þar sem síður hafa verið lokaðar í nokkra daga og svo opnaðar aftur. Hún segist nú vera að bíða eftir svari frá Facebook, en ef til þess komi að síðunni verði eytt endanlega muni hún bara opna aðra.

Smartland Mörtu Maríu á mbl.is stóð fyrir svipuðum leik og Karen Millen á dögunum. Þar stóð notendum til boða að „kvitta“ á vegg Smartlands á Facebook og þeir gætu þar með unnið „hrukkubanaleik“ frá Lancome. Eins og áður sagði eru leikir sem þessir skýr brot á reglum Facebook og getur því Smartland átt von á því að lokað verði fyrir Facebook-síðu þess, þó að vissulega hafi hrukkubanaleikurinn ekki náð jafn mörgum „like“ og kápuleikur Karen Millen. **- sv**



**FLJÓTIR AÐ BREGÐAST VIÐ** Facebook lokar á fyrirtæki sem stunda leiki á síðum sínum þar sem notendur geta unnið vinning með „like“ og „kvitt“. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19 og Geysir Haukadal, opið alla daga frá 10 til 18. Sími 519 6000.

## GENGIÐ 06.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,66 | 119,22 |
| Sterlingspund | 185,83 | 186,73 |
| Evra | 158,98 | 159,86 |
| Dönsk króna | 21,377 | 21,503 |
| Norsk króna | 20,569 | 20,691 |
| Sænsk króna | 17,527 | 17,629 |
| Japanskt jen | 1,5258 | 1,5348 |
| SDR | 184,58 | 185,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9724

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherrar NATO og Rússlands funda í Brussel á morgun:

# NATO býður samvinnu um eldflaugavarnir

**BRUSSEL** Forystumenn Atlantshafsbandalagsins (NATO) reyna nú að sannfæra Rússa um að áform bandalagsins um varnir gegn langdrægum eldflaugum beinist ekki gegn þeim á nokkurn hátt. Utanríkisráðherrar NATO, sem koma saman til reglulegs fundar í Brussel í dag, munu á morgun eiga fund með Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, skrifaði grein í International Herald Tribune í gær, þar sem hann segir að nýleg gagnrýni Dimitrís Medvedev, forseta Rússlands, á eldflaugavarnakerfi NATO og skort bandalagsins á samstarfsvilja sé á misskilningi byggð. Medvedev hótaði að staðsetja rússneskar eldflaugar nálægt flaugum NATO.

Rasmussen leggur áherzlu á að bæði NATO og Rússlandi stafi ógn af um 30 ríkjum sem hafi komið sér upp langdrægum eldflaugum. „Það er skynsamlegt að við vinnum saman að því að verjast þeim, með því að smíða tvö aðskilin kerfi með sama markmið,“ skrifar framkvæmdastjórinn.

„Afstaða NATO er skýr. Við þurfum á eldflaugavörnum að halda en viljum byggja þær upp þannig að þær styrki samband okkar og samstarf við Rússland,“ sagði hátt settur embættismaður NATO í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel í gær. „Það tilboð stendur.“

NATO stefnir að því að geta lýst því yfir á leiðtogafundi bandalagsins í Chicago í maí á næsta ári að fyrsti áfangi eldflaugavarnakerfis bandalagsins sé tilbúinn til notkunar. Tyrkland, Pólland og Rúmenía, auk fleiri NATO-ríkja, hafa lagt til aðstöðu fyrir varnareldflaugar. **- óþs**



**BÝÐUR SAMSTARF** Fogh Rasmussen segir Medvedev Rússlandsforseta ekki hafa útilokað frekari viðræður við NATO um eldflaugavarnir og vill reyna til þrautar að ná samkomulagi. MYND/NATO



**FARIÐ AÐ ÖLLU MEÐ GÁT** Vísindamenn eru vongóðir um að nýtt bóluefni gegn ebóla-veirunni geti bjargað mannslífum. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarískir vísindamenn:

## Gerðu bóluefni gegn ebóla

**VÍSINDI** Vísindamönnum í Bandaríkjunum hefur tekist að búa til bóluefni sem lofar góðu í baráttunni gegn ebóla-veirunni skæðu.

Niðurstöður rannsókna þeirra birtust í ritinu Proceedings of National Academy of Sciences og breska ríkisútvarpið, BBC, greinir frá. Þar kemur fram að 80% músa sem voru bólusettar, lifðu af ebólasýkingu, en ebóla, sem lýsir sér í uppköstum og innvortis blæðingum dregur sýkta til dauða í níu af hverjum tíu tilfellum.

Þá hefur í fyrsta sinn tekist að geyma bóluefnið til lengri tíma, sem markar einnig tímamót. **- þj**

Viðsnúningur á tíu árum:

## Ófrjósemisaðgerðum fjölgar

**HEILBRIGÐISMÁL Mun fleiri karlar en konur gengust undir ófrjósemisaðgerð í fyrra, 409 á móti 162 konum. Árið á undan voru framkvæmdar 512 aðgerðir og fjölgaði aðgerðum því um 12 prósent milli ára.**

**Undanfarinn áratug hefur orðið algjör viðsnúningur á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir. Árið 2000 voru karlar ríflega þriðjungur þeirra sem fóru í slíka aðgerð en konur tæplega 68 prósent. - shá**

# Lögregla gerði húsleit heima hjá Agli

**Of seint var talið að hneppa Egil Einarsson og unnustu hans í gæsluvarðhald þegar nauðgunarkæra var lögð fram. Lögregla leitaði á heimili Egils morguninn eftir kæruna. Símaskráin tekin úr dreifingu en ný bók hans verður seld áfram.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla kaus að fara ekki fram á gæsluvarðhald yfir Agli Einarssyni og kærustu hans vegna rannsóknar á meintri nauðgun þeirra þar sem tæp vika leið frá atburðinum þar til málið var kært. Strax morguninn eftir voru hin kærðu kvödd til yfirheyrslu hjá lögreglu og húsleit gerð heima hjá Agli.

„Kæran barst til lögreglu tæpri viku eftir hinn meinta atburð og því var svo langur tími liðinn að það voru ekki neinir rannsóknarhagsmunir fyrir hendi lengur,“ segir. Þetta segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Björgvin segir að lögregla hafi skoðað þennan þátt málsins vandlega eftir að stúlkan, sem er átján ára, kærði nauðgunina, en ekki hafi reynst flötur á kröfu um gæsluvarðhald. Lögreglu hafi ekki verið kunnugt um málið fyrr en stúlkan lagði fram kæru klukkan eitt síðastliðinn fimmtudag. Það ferli hafi staðið langt fram eftir degi. Viðbrögð hafa ekki látið á sér standa vegna málsins.

Símaskráin, sem skartar myndum af Agli ásamt fimleikastúlkum úr Gerplu, hefur verið tekin úr virkri dreifingu samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Já, Sigríði Margréti Oddsdóttur. Síminn hf. fengið bréf frá Já þess efnis að símaskráin verði fjarlægð úr öllum stöðvum verslana fyrirtækisins, að sögn Margrétar Stefánsdóttur, blaðafulltrúa Símans. Sérstakir standar sem símaskráin var geymd í, voru í gær fjarlægðir úr verslunum og víðar.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, hefur greint frá því að Egill muni ekki birtast í afþreyingarhluta fyrirtækisins fyrr en málið sé til lykta leitt.

Þá er nýkomin út bók eftir Egil sem ber titilinn Heilræði Gillz. Jónas Sigurgeirsson, útgefandi hjá Bókafélaginu, segir að ekki standi til að taka bókina úr sölu.

„Það hefur ekki komið til tals að fjarlægja bókina úr verslunum enda væri útgáfan með því að brjóta þá grundvallarreglu sem viðhöfð er í öllum réttarríkjum að maður er saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Þetta mál er nú í höndum lögregluyfirvalda og við eins og aðrir munum fylgjast með framvindu þess.“ **jss@frettabladid.is**




**EGILL EINARSSON** Málið hefur þegar haft margvíslegar afleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börn í Bretlandi eru bókalaus:

## Eitt af þremur á engar bækur

**BRETLAND Um fjórar milljónir breskra barna á aldrinum 11 til 16 ára, eða eitt af hverjum þremur, eiga ekki bók. Þetta eru niðurstöður nýrrar umfangsmikillar könnunar á vegum National Literacy Trust. Árið 2005 var eitt af hverjum tíu börnum án bóka.**

**Niðurstöður könnunarinnar sýna jafnframt að lestur á netinu hefur ekki aukist. Börnin horfa í staðinn á kvikmyndir og myndir.**

**Könnunin tók til 18 þúsund barna. Af þeim kváðust 19 prósent aldrei hafa fengið bók að gjöf og 12 prósent höfðu aldrei komið í bókabúð. Stelpur reyndust eiga fleiri bækur en strákar. - ibs**

Vel gengur hjá Samherja:

## Fá 364 þúsund í uppbót fyrir jól

**SJÁVARÚTVEGUR** Starfsfólk Samherja í landi fær 300 þúsund króna launauppbót nú í desember, til viðbótar umsaminni 64 þúsunda króna desemberuppbót.

Þá tvöfaldaði fyrirtækið orlofsuppbót starfsmanna sinna í maí og greiðir því 360 þúsund krónur á hvern starfsmann umfram kjarasamninga á árinu, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Starfsmenn sem njóta þessarar launauppbótar nú eru um 450 talsins. Þeim fjölgaði um 150 á árinu við kaup Samherja á Útgerðarfélagi Akureyringa. **- sh**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Lögregla varar við hálku**

Tvær bílveltur urðu á höfuðborgarsvæðinu í gær, önnur á Vesturlandsvegi og hin á Suðurlandsvegi. Þá varð þriggja bíla árekstur á Reykjanesbraut í Kópavogi. Lögregla minnir fólk, ekki síst ökumenn, á að fara varlega vegna hálku.




### VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**KULDATÍÐ** Í dag og næstu daga ríkja norðlægar áttir með þungbúnu veðri og ofankomu N- og NA-til en sunnanlands verður öllu bjartara yfir, jafnvel léttskýjað á köflum. Það hvessir heldur af norðri A-til á morgun og horfur á hvassviðri á annesjum um tíma.




**Á MORGUN**
13-18 m/s A-til, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR**
Norðlæg átt, víða 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 8° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 11° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# AFSLÁTTARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**6-12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**

# AFSLÁTTARDAGAR

**TÖKUM GAMLA RÚMIÐ UPPÍ NÝTT!**

**BYLTINGARKENNDIR ÍTALSKIR HEILSUKODDAR Á JÓLATILBOÐI - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## KJÖRKASSINN



*Fylgist þú með gengi íslenska kvennalandsliðsins í handbolta á heimsmeistaramótinu í Brasilíu?*

| | |
|---|---|
| Já | 61% |
| Nei | 39% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú áhyggjur af dvínandi bóklestri barna og unglinga?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Framkvæmdastjóri LÍÚ segir ásakanir ráðherra um eineltistilburði uppspuna:

# Vísaði í Þursaflokkinn: „Pínulítill kall“

**SJÁVARÚTVEGUR** Framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) segir fullyrðingar Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, þess efnis að LÍÚ leggi sig í einelti uppspuna.

Árni Páll var gestur í Silfri Egils í ríkissjónvarpinu á sunnudag. Þar sagði hann LÍÚ hafa efnt til auglýsingaherferðar gegn sér í kjölfar ræðu sem hann flutti á ársfundi ASÍ í október 2009. Þessu hafnar framkvæmdastjóri LÍÚ.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

„Það er uppspuni að LÍÚ hafi lagt Árna Pál í einelti og efnt til auglýsingaherferðar gegn honum,“ skrifar Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, á vef samtakanna. Hann viðurkennir þó að hafa sneitt að Árna Páli í frétt sem birtist á vef LÍÚ í október 2009 þar sem hann sagði ummæli Árna Páls um sjávarútveginn niðrandi og honum til minnkunar.

Þar sagði Friðrik enn fremur: „Mér finnst ráðherra, sem hefur orðið sér til slíkrar raðminnkunar, best lýst í þekktu lagi Þursaflokksins.“

Þar fylgdi hlekkur á myndband með Þursaflokknum þar sem hann flytur lagið „Pínulítill kall“. **- bj**

Tveir ölvaðir vildu inn:

# Fullur flaugst á við næturvörð

**LÖGREGLUMÁL Ein líkamsárás var kærð eftir skemmtanahald helgarinnar í Vestmannaeyjum.**

**Árásin átti sér stað í anddyri Hótel Þórshamars að morgni laugardagsins. Tveir ölvaðir menn ætluðu inn á hótelið en næturvörður sem var þar að störfum meinaði þeim inngöngu. Við það varð annar mannanna ósáttur og henti bjórflösku í höfuð næturvarðarins, sem hlaut áverka og gleraugu hans skemmdust. Út brutust átök og þurfti lögreglu til að skakka leikinn.** **- jss**

Aldurssamsetning kúabænda:

# Meðalaldur um 47 til 48 ár

**LANDBÚNAÐUR** Meðalaldur kúabænda á fjölskyldubúum hér á landi er um 47 til 48 ár. Aldurssamsetningin hefur lítið sem ekkert breyst síðan árið 1995, en kúabúum hefur þó fækkað úr 203 í 157. Þetta kemur fram á vef Landssambands kúabænda.

Þar segir að talsvert hafi verið rætt um aldurssamsetningu bændanna undanfarin ár og misvísandi upplýsingar komið fram í þeim efnum.

Aldurinn er greindur úr niðurstöðum búreikninga kúabænda á fjölskyldubúum þar sem búreksturinn er á höndum einstaklinga, ekki félagsbúa eða einkahlutafélaga.

Fjöldi búa sem hefur skilað inn búreikningum á þessu tímabili er verulegur hluti af heildarfjölda starfandi kúabúa. **- sv**

330 stöðubrot um helgina:

# 1,6 milljónir í sektir vegna stöðubrota

**LÖGGÆSLA Þeir 330 ökumenn sem lögðu bifreiðum sínum ólöglega á höfuðborgarsvæðinu um nýliðna helgi þurfti að borga samtals ríflega 1,6 milljónir í sektir.**

**Lögreglan hafði einkum afskipti af ökutækjum sem lagt var ólöglega við ýmsa samkomustaði. Bílum var til dæmis lagt ólöglega við Laugardalshöll og Hörpu, en á báðum þessum stöðum eru fjölmörg bílastæði. Þá bar sömuleiðis á því að fullfrískir einstaklingar nýttu sér stæði sem eru sérmerkt fötluðum.**

**Sekt fyrir stöðubrot nemur nú 5.000 krónum. Sé hins vegar lagt í stæði sem eru sérmerkt fötluðum þarf viðkomandi að greiða 10.000 krónur.** **- jss**

# Samfélagsleg ábyrgð á einelti meðal barna

**Ný þverfræðileg rannsókn um einelti meðal barna boðar tímamót. Hvetur til þess að Barnasáttmáli SÞ verði lögfestur og eineltismál verði hluti af kennaranámi. Allir aðilar sem vinna með börnum skuli meðvitaðir um ábyrgð sína.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í baráttunni gegn einelti meðal barna hér á landi síðustu ár má gera betur á mörgum sviðum. Til dæmis er nauðsynlegt að skilgreina einelti í lögum, formfesta viðbrögð við einelti og sjá til þess að allir fagaðilar sem að málum koma beri hluta ábyrgðar.



ÞÓRHILDUR LÍNDAL

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri þverfræðilegri rannsókn um einelti meðal barna á Íslandi sem kynnt verður á málþingi í Öskju í dag.

Höfundar ritsins, sem ber yfirskriftina „Ábyrgð og aðgerðir“, eru þrír meistaranemar í þremur fræðigreinum, lögfræði, félagsráðgjöf og uppeldis- og menntunarfræðum. Þar að auki komu kennarar við Háskóla Íslands að gerð ritsins.

Á málþinginu, sem hefst klukkan 15, verður farið yfir tillögur til úrbóta í eineltismálum, sem höfundar tíunda í rannsókninni.

Meðal þess sem lagt er til er lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að efni hans sé kynnt fyrir börnum, sem og einstaklingum og stofnunum sem fást við málefni barna.

Þá þurfi að skilgreina einelti í íslenskum lögum, skólar verði skyldaðir til að hafa eineltisáætlun og kennaranám skuli eflt með því að gera kennslu um eineltismál að skyldufagi, auk þess sem setja þurfi skýr ákvæði um hlutverk og ábyrgð allra sem komi að skóla-, barnaverndar- og æskulýðsmálum.

Ritið er útgefið af Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Þórhildur Líndal er ritstjóri þess og jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar.



**Höfundarnir:**

Höfundar meistararitgerðanna eru þau Daníel Reynisson, sem rannsakaði einelti frá sjónarhóli lögfræði, Hjördís Árnadóttir, sem rannsakaði það frá sjónarhóli félagsráðgjafar, og Sjöfn Kristjánsdóttir, sem rannsakaði það frá sjónarhóli grunnskólakennara.

**EINELTI** Lagt er til í nýrri rannsókn á einelti meðal barna að löggjöf hér á landi verði skýrð og ábyrgð allra sem vinna að eineltismálum verði undirstrikuð. Myndin tengist ekki fréttinni beint. NORDICPHOTOS/GETTY

Hún segir þessa rannsókn marka tímamót þar sem þetta sé í fyrsta sinn sem einelti sé skoðað frá sjónarhóli lögfræðinnar. Þá heyri hin þverfræðilega nálgun einnig til tíðinda.

„Þá horfirðu heildstætt á vandamálið út frá sjónarmiðum þeirra aðila sem þurfa að vinna saman til að ná árangri í að forða börnum frá einelti.“

Þórhildur bætir því við að samvinna í rannsóknum sé alltaf til góðs, einnig frá hagkvæmnissjónarmiði.

Í framhaldinu verða tillögurnar sem fram koma í rannsókninni lagðar fyrir stjórnvöld og allir grunnskólar munu fá eintak af ritinu.

„Við vonum að þessi rannsókn muni stuðla að enn frekari og markvissari vinnu gegn einelti meðal barna, sem og líflegri og málefnalegri samfélagsumræðu,“ segir Þórhildur.

**thorgils@frettabladid.is**






Svipaður fjöldi en aðrir hópar leita til Mæðrastyrksnefndar fyrir jólin:

# Stjórnvöld skera nálægt beini

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það koma mjög margir, hingað er stöðugur straumur til þess að sækja um,“ segir Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Nefndin hefur tekið við umsóknum um jólaúthlutun undanfarið, og verður tekið við umsóknum í síðasta sinn á morgun. Síðasta venjulega vikuúthlutunin er í dag.

Ragnhildur segir ekki hafa fækkað í hópi umsækjenda miðað við jólin í fyrra. „Það eru öðruvísi hópar, fleiri öryrkjar og aldraðir og stærri fjölskyldur sem ekki hafa komið áður. Það er töluvert mikið af nýju fólki og það segir sitt.“ Í fyrra kom mikið af einstæðum erlendum körlum en þeim hefur fækkað.



**MÆÐRASTYRKSNEFND** Það hefur verið í nógu að snúast hjá Mæðrastyrksnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úthlutunin verður í húsnæði Mæðrastyrksnefndar við Fiskislóð og er undirbúningur fyrir hana þegar hafinn. Þar er vörumóttaka alla daga.

„Við verðum mikið varar við velvild hjá gestum og gangandi, íslenska þjóðin er afskaplega hjálpsöm þegar á þarf að halda. Stjórnmálamennirnir mættu læra af því,“ segir Ragnhildur. „Stjórnvöld fara ansi nálægt beininu með niðurskurðarhnífinn. Við finnum verulega fyrir því.“ Hún segir höggvið nálægt öryrkjum og eldri borgurum, sem hafi verið hálfdrættingar á við launþega þegar komi að uppbótum vegna vísitöluhækkana. „Samfélagið hrynur til grunna ef einstaklingar eru sveltir.“ **- þeb**

# MATREIÐSLUBÓK HAGKAUPS 2011 ER KOMIN ÚT!



Solla á Gló

Þetta er 12. bókin í þessum vinsæla bókaflokki sem allir þurfa að eiga

**Höfundur uppskrifta er Solla**

*Verði þér að góðu*




**2.499,-**

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*



Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN



Íslensk hönnun
Íslenskt handverk
Metal design
Stefán Bogi gullsmiður
Metal design • Skólavörðustígur 2 • sími 552 5445


## Þrýstingur á evruríkin vex með hótunum um lækkun lánshæfismats:

# Merkel reynir að bera sig vel

**ÞÝSKALAND** Bæði Angela Merkel Þýskalandskanslari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti reyndu í gær að gera lítið úr því að matsfyrirtækið Standard & Poor's boðaði hugsanlega lækkun lánshæfismats evruríkjanna, jafnvel Þýskalands.

Einn aðstoðarmanna Merkel fagnaði jafnvel yfirlýsingu matsfyrirtækisins og sagði hana geta komið að góðu gagni við að sannfæra evruríkin um nauðsyn þess að fallast á strangara fjárlagasamstarf.

Lækkun lánshæfismatsins myndi hins vegar gera allar björgunaraðgerðir á evrusvæðinu dýrari.



**SARKOZY OG MERKEL** Frakklandsforseti og Þýskalandskanslari ráðleggja matsfyrirtækjum að bíða leiðtogafundar ESB síðar í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Angela Merkel sagðist í gær vonast til þess að á leiðtogafundi Evrópusambandsins síðar í vikunni myndi takast að efla á ný traust til evruríkjanna, þannig að óþarfi yrði að lækka lánshæfismatið.

Trú markaða á evruríkin styrktist að minnsta kosti eftir að Merkel og Sarkozy kynntu á mánudag hugmyndir sínar um breytingar á stofnsáttmálum ESB.

„Ég hef alltaf sagt að þetta sé langt og erfitt ferli," sagði Merkel í gær, „og þetta heldur áfram, en við mörkuðum stefnuna í gær með forseta Frakklands og við ætlum að halda þeirri stefnu." - gb

# Rektor hafnar gagnrýni lífrænna bænda

**VOR, félag framleiðenda í lífrænum búskap, átelur Landbúnaðarháskólann fyrir að leigja sérhæft gróðurhús undir ræktun erfðabreyttra plantna. Rektor blæs á gagnrýnina enda nái hún til lítils hluta hússins og hafi engin áhrif á skólastarf.**

**LANDBÚNAÐUR** Verndun og ræktun (VOR) gagnrýna harðlega þau áform Landbúnaðarháskólans að leigja sérbyggt gróðurhús skólans að Reykjum í Ölfusi til ræktunar á erfðabreyttum lyfjaplöntum. VOR telur að með þessu sé skólinn að fara „alvarlega út fyrir hlutverk sitt og þá meginskyldu að styðja við og efla sjálfbæran landbúnað og matvælaframleiðslu á Íslandi".

Þetta kemur fram í bréfi sem VOR, sem er félag framleiðenda í lífrænum búskap, hefur sent Ágústi Sigurðssyni, rektor Landbúnaðarháskólans, en þar kemur eins fram það sjónarmið að með því að leigja húsið sé verulega dregið úr möguleikum skólans til að stunda rannsóknir sem ýtt geti undir nýsköpun og þróun tækifæra fyrir ræktendur á Íslandi.

Ágúst segir gagnrýni VOR á leigu gróðurhússins ekki eiga sér neina stoð. „Við erum með mjög fullkomið gróðurhús að Reykjum, og í því eru níu hólf eða klefar. Þeim er öllum hægt að stýra og vinna með einangruð garðyrkjuverkefni. Það sem stendur til að leigja ORF er aðeins einn þessara klefa, svo átta nýtast skólanum áfram. Það er langt frá því að allt gróðurhúsið fari undir þetta. Ástæðan fyrir leigunni er sú að stundum leigjum við út klefa til skamms tíma fyrir verkefni sem tengjast okkur. Þetta er dæmi um slíkt verkefni."

VOR segir jafnframt í bréfinu að ummæli og skrif starfsmanna skólans lýsi „fádæma vanþekkingu og vanþóknun á lífrænum búskaparháttum" og skólinn þurfi að skýra afstöðu stofnunarinnar og fyrirætlanir í kennslu og rannsóknum í þágu lífrænna búskaparhátta.

Ágúst segir að lífræn ræktun sé ekki hornreka í starfi skólans eins og gefið sé í skyn en það sé eðli háskólastarfs að fólk hafi ólíkar hugmyndir og rökræði á þeim forsendum. „Fólk er ekki sammála og þetta er dæmi um mál sem mikið er rætt. Hvað lífræna ræktun varðar greinir fólk, held ég, ekki á um takmarkið: umgangast náttúruna með sjálfbærum hætti og lágmarka áníðslu á okkar jörð. Hins vegar á annað við um leiðir."

Skólinn hyggst leigja ORF Líftækni húsið, en ORF ræktar erfðabreytt bygg sem nýtt er meðal annars til framleiðslu á snyrtivörum. Gróðurhúsið að Reykjum var byggt 2001 til rannsókna og þróunarstarfs fyrir garðyrkjubændur. svavar@frettabladid.is



**ERFÐABREYTT BYGG Í RÆKTUN** Starfsemi ORF í hátæknigróðurhúsinu Grænu smiðjunni í Grindavík hefur fyrir löngu sprengt utan af sér. MYND/ORF


## Mannréttindi útigangsfólks

**Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar þann 8. desember kl. 12.00-13.45 í Iðnó**

**DAGSKRÁ**

**12.05** **Setning 82. fundar mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar**
Margrét Kristjana Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs

**12.15** **Gatan; upplifun og reynsla heimilislauss fólks**
Helga Þórey Björnsdóttir, doktor í mannfræði

**12.30** **Á götunni**
Ásdís Sigurðardóttir

**12.45** **Höfum við verið að hlusta?**
Magðalena Kjartansdóttir, deildarstjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

**13.00** **Skaðaminnkun í samfélagi skiptir máli**
Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, faglegur verkefnisstjóri
Frú Ragnheiðar – skaðaminnkunarverkefnis RRKÍ

**13.15** **Fyrirspurnir og umræður**

**13.45** **Fundarslit**

***Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir***
***Súpa og brauð***

Reykjavíkurborg





## Stjórnarandstöðunni í Rússlandi vex ásmegin við kosningatap Pútíns:

# Átök við lögreglu í Moskvu

**RÚSSLAND** Átök brutust út í Moskvu í gær þegar lögreglan reyndi að stöðva mótmælendur sem söfnuðust saman annan daginn í röð til að lýsa andstöðu sinni við framkvæmd þingkosninga á sunnudag.

Mótmælendur fullyrða að kosningasvindl hafi orðið til þess að stjórnarflokkur Vladimírs Pútín forsætisráðherra hélt naumum meirihluta á þingi.

Alþjóðlegir kosningaeftirlitsmenn hafa staðfest að mörgu í framkvæmd kosninganna hafi verið ábótavant, meðal annars hafi komið fram vísbendingar um að falsaðir atkvæðaseðlar hafi verið notaðir.

Lélegur árangur stjórnarflokksins í kosningunum bendir til þess að sigur Pútíns í forsetakosningunum sem haldnar verða í mars verði ekki jafn auðunninn og hann virðist hafa reiknað með.

Kosningaúrslitin virðast enn fremur hafa blásið lífi í stjórnarandstöðuna, sem undanfarið hefur verið vonlítil um að vinna megi sigur á Pútín eftir lýðræðislegum leiðum. Samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var í október telja 82 prósent Rússa að þeir geti engin áhrif haft á stjórnmálin.

Á mánudagskvöld, þegar ljóst var að Sameinað Rússland, flokkur þeirra Pútíns og Dimitrís Medvedev forseta, hafði rétt náð tæplega 50 prósentum atkvæða, héldu þúsundir manna út á götur Moskvuborgar til að mótmæla Pútín. - gb



**ÁTÖK Í MOSKVU** Lögreglan átti fullt í fangi með að halda mótmælendum í skefjum. NORDICPHOTOS/AFP




# JÓLAGJÖF ÚTIVISTAR-FÓLKSINS

## FÆST Í ELLINGSEN



**MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS DÚNÚLPA KK**
Stærðir M–XXL, einnig til í svörtu
**54.990 KR.**

**MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS DÚNÚLPA KVK**
Stærðir S–XL, einnig til í bleiku
**54.990 KR.**



**COLUMBIA LAY 'D DÚNÚLPA**
Stærðir XS–XL, einnig til í rauðu
*Jólaverð*
**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.

**COLUMBIA ALASKAN DÚNÚLPA**
Stærðir M–XXL, einnig til í bláu
*Jólaverð*
**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



**VIKING SUMMIT GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–47
**24.490 KR.**

Öllum VIKING gönguskóm fylgja leðurhanskar



**COLUMBIA DASKA GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–48
*Jólaverð*
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 37.990 KR.



**MOUNTAIN HARWEAR SARPA GÖNGUBUXUR**
KK og KVK
**29.990 KR.**

**DIDRIKSONS ZEBRA 3-LAGA BUXUR**
Stærðir S–XXL, 36–44
**29.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE UNDIRBUXUR**
KK og KVK
**8.990 KR.**

**DEVOLD ACTIVE UNDIRBOLUR**
KK og KVK, einnig til án rennilláss
**9.490 KR.**



**DIDRIKSONS SLAB 2-LAGA JAKKI**
Stærðir S–XXXL
**19.990 KR.**



**DIDRIKSONS CAMDEN BARNAÚLPA**
Einnig til í gráu og bleiku
Stærðir 80–140
**12.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Munið gjafabréfin!**




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112883

uno
cucina italiana

Jólaveislan
á UNO er byrjuð



• Fordrykkur Prosecco
• Smakk að hætti kokkanna
• Mini borgari með léttreyktri önd, rauðlaukssultu og ítalskri capers-gúrkusósu
• „Hrefnucarpaccio“ með fenniku, ólífum, fennel mayo, prosciutto mulningi og ilmríkri sítrónuolíu
• Hvítlauksbakaðir humarhalar með ítalskri steinselju og grilluðu brauði
• Villisveppa-risotto með gorgonzola
• „Hangikjötscarpaccio“ með baby mozzarella, hnetum, parmesan og klettakálspestói
• Kalkúnabringa með rósmarín kartöflum, gulrótar mauki, hægelduðum fennel og pancettasósu
• Svart cappellini með humar, bláskel, hvítlauk og chili
• Dádýrafillet með rösti kartöflu, parmaskinku vafinni fikju, svartrót og rósmarínsósu
• Tiramisu, klassískur eftirréttur að hætti ítala
• Skyr Panna cotta með hvítu súkkulaði, jarðaberjum og lime
• Súkkulaði brownie með ítölskum jólais
• Tuborg jólabjór
• Kaffi og Nóa konfekt

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Tel. 561 1313 | uno.is

Tveir ungir stórþjófar ákærðir fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra:

# Stálu miklu magni af skarti

**DÓMSMÁL** Tveir ungir menn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir stórfelld þjófnaðarbrot. Þeir stálu meðal annars miklu magni af skartgripum, sem sumir voru gamlir, og fjölmörgum fleiri dýrum munum.

Annar þjófanna er á þrítugsaldri en hinn innan við tvítugt. Þeim er gefið að sök að hafa brotist inn í þrjú íbúðarhús á Akureyri þar sem þeir létu greipar sópa. Auk skartgripanna sem þeir stálu á öllum stöðunum höfðu þeir á brott með sér dýran sjóvarpsskjá, tölvur, myndavél, upptökuvél, 150 minjagripaskeiðar og tugi þúsunda í peningum í íslenskri og erlendri mynt. Einnig kipptu þeir með sér tveimur tegundum af blóðþrýstingslyfjum, og einu spjaldi af róandi lyfi sem einnig dregur úr ofnæmisviðbrögðum

Þá er einnig ákært fyrir fíkniefnalagabrot, þar sem lögreglan fann átta kannabisplöntur á heimili annars mannsins, þegar hún gerði húsleit þar 9. september 2011.

Þess er krafist að mennirnir verði dæmdir til refsingar. **- jss**



**AKUREYRI** Mennirnir brutust inn í þrjú hús á Akureyri og létu greipar sópa.

**DÓMSMÁL**

## Kannabisræktandi dæmdur

Karlmaður hefur verið dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa ræktað 57 kannabisplöntur í húsnæði í Hafnarfirði. Þá var hann með 81,86 grömm af kannabislaufum og 36,90 grömm af maríjúana.

**AUSTURLAND**

## Vilja framhaldsskóladeild

Hreppsnefnd Vopnafjarðar vinnur nú að því að stofna nefnd til að kanna möguleika á því að stofna framhaldsskóladeild á Vopnafirði. Frá þessu er greint í Austurglugganum. Eitt starf myndi skapast með stofnun slíkrar deildar.



**HARMLEIKUR** Mushtaq Hossain, ábyrgðarmaður Abul Fazl-moskunnar í Kabúl, hrópar í örvæntingu eftir að sjálfsvígsárásarmaður varð tugum manns að bana fyrir utan bygginguna. NORDICPHOTOS/AFP

# Blóðugasta árás síðustu ára í Kabúl

**Nærri 60 manns voru drepnir í tveimur sjálfsvígsárásum fyrir utan moskur á helgidegi sjía-múslima í Afganistan. Árásir á sjía-múslima, sem eru í minnihluta í landinu, hafa verið sjaldgæfar frá falli talibanastjórnarinnar fyrir nærri áratug.**

**AFGANISTAN, AP** Sjálfsvígsárásarmaður varð nærri 60 manns að bana þegar hann sprengdi sig í loft upp í miðjum hópi fólks, jafnt karla, kvenna og barna, fyrir utan Abul Fazl-moskuna í Kabúl í gær.

Fjórir létu lífið að auki fyrir utan Bláu moskuna í Mazar-i-Sharif þegar sprengja sem var fest við reiðhjól sprakk á nærri sama tíma.

Hinir látnu eru nær allir sjía-múslimar, en báðar moskurnar eru helgaðar sjía-trúnni. Árásirnar voru gerðar á helgidegi sjía-múslima, þegar fjöldi manns lagði leið sína í moskurnar.

Árásin í Kabúl er sú mannskæðasta í borginni síðan sumarið 2008, þegar sjálfsvígsárásarmaður varð sextíu manns að bana við indverska sendiráðið í borginni.

Árásir sem beinast gegn sjía-múslimum eru sjaldgæfar í Afganistan, þótt þær séu algengar í nágrannaríkinu Pakistan. Síðan talibanastjórnin í Afganistan féll fyrir innrásarher Vesturlanda fyrir nærri áratug hefur mjög lítið verið um átök milli sjía-múslima og súnní-múslima í landinu.

„Þetta er glæpur gegn múslimum á hinum helga degi ashúra,“ sagði Mohammad Bakir Shaikzada, æðsti klerkur sjía í Kabúl. „Við múslimar munum aldrei gleyma þessum árásum. Það er óvinur múslima sem stendur að þeim,“ sagði hann.

Sjía-múslimar eru um það bil fimmtungur af íbúum Afganistans, flestir af þjóð Hasara sem sættu miklum ofsóknum á tímum talibanastjórnarinnar.

Undanfarið hafa talibanar breytt nokkuð um aðferðir í baráttu sinni gegn stjórnvöldum í Afganistan og fjölþjóðlega innrásarhernum. Fleiri árásir hafa orðið með þeim hætti að einstaklingar sem hafa komist inn í her eða lögreglu landsins hafa sprengt sprengjur þegar minnst varir. Nú síðast var Daud Daud, yfirmaður lögreglunnar í norðanverðu landinu, drepinn af lögreglumanni sem engan hafði grunað að væri á vegum talibana.

Moskan í Kabúl er skammt frá forsetahöllinni, þar sem Hamid Karzai forseti hefur aðsetur. Hann var staddur í Þýskalandi á fjölþjóðlegri ráðstefnu um framtíð Afganistans þegar árásin var gerð.

Í gær særðust einnig nokkrir menn þegar sprengjuárás var gerð í borginni Kandahar en sú árás virðist ótengd hinum tveimur.

**gudsteinn@frettabladid.is**

MIÐENGI AUGLÝSIR TIL SÖLU FASTEIGNAFÉLAG



B37 ehf
Fasteignin Borgartún 37, Reykjavík.

Húsnæðið er allt í útleigu.

**Söluferlið** er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði til þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, einstaklingum sem hafa verulegan fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu, auk fyrirtækja sem höfðu eiginfjárstöðu sem var hærri en sem nemur 300 m. kr. í árslok 2010.

**Móttaka trúnaðaryfirlýsinga** og afhending viðeigandi gagna hefst fimmtudaginn 8. desember 2011. Síðasti frestur til að skila inn tilboði vegna þátttöku í söluferlinu er mánudaginn 19.desember 2011 kl. 16.00.

**Nánari upplýsingar** um söluferlið ásamt er að finna á vef Miðengis undir slóðinni **www.mengi.is**

Sími 527 3060 • Lækjargötu 12 • 155 Reykjavík • mengi@mengi.is
miðengi













# Í dag
## miðvikudaginn 7. desember

**Opið til kl. 22:00**

# TAX FREE
## afsláttur

## Af öllum jólatrjám og öllum jólaseríum

**Afslátturinn nemur virðisaukaskatti af vörunum. Að sjálfsögðu greiða Garðheimar alla skatta og skyldur til yfirvalda.**

GARÐHEIMAR

*- fjölskyldufyrirtæki í 20 ár!*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu mörg vændismál komu upp hér á landi í fyrra?*
2. *Hver er fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í handbolta?*
3. *Hvað heitir höfundur bókarinnar Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf?*

**SVÖR:**
*1. Alls 37 mál. 2. Hrafnhildur Skúladóttir. 3. Jonas Jonasson.*

Smjörskortur í Noregi:

## Ábyrgð vísað á mjólkursamlag

**LANDBÚNAÐUR** Mjólkurbændur í Noregi eru æfir út í Tine, stærsta mjólkursamlag Noregs, sem þeir telja ábyrgt fyrir miklum smjörskorti í landinu. Norska blaðið Verdens gang segir frá því að mjólkurframleiðslan hafi dregist saman frá því í fyrra. Eftirspurn eftir mjólkurvörum hafi hins vegar aukist mikið.

Tine hefur selt eitt þúsund tonnum meira af smjöri á árinu en í fyrra en framleiðslan hefur þó aðeins svarað um 70 prósentum af eftirspurninni. Ákveðið hefur verið að lækka tolla á smjöri út desember og fella niður sektir vegna framleiðslu á mjólk umfram kvóta fram í mars á næsta ári. Bændur segja að Tine hafi ekki haldið jafnvægi í framboði og eftirspurn á mjólkurvörumarkaði. **- gar**

**LÖGREGLUMÁL**

**Amfetamín við Lundann**

Lögreglan í Vestmannaeyjum fann smáræði af kannabisefnum við húsleit í heimahúsi um síðustu helgi. Þá fannst smáræði af amfetamíni fyrir utan veitingastaðinn Lundann.

# Landsvirkjun ekki gerð að hlutafélagi

**Ráðherrar segja engin áform uppi um að hlutafélagavæða Landsvirkjun. Slíkar hugmyndir eru settar fram í skýrslu til fjármálaráðuneytisins. Vilja auka arðsemi fyrirtækisins. Iðnaðarráðherra er fylgjandi aukinni verkefnafjármögnun.**

**ORKUMÁL** Ekki verður hróflað við opinberu eignarhaldi á stóru orkufyrirtækjunum hjá núverandi ríkisstjórn, að sögn Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra. Í skýrslu sem Ásgeir Jónsson og Sigurður Jóhannesson unnu fyrir fjármálaráðuneytið er lagt til að breyta orkufyrirtækjum í hlutafélög og auka verkefnafjármögnun við nýjar framkvæmdir.

Steingrímur segist ekki sjá að neitt verði unnið með því að breyta Landsvirkjun í hlutafélag; starfsemi fyrirtækisins byggi á sérlögum. Eins sé vandséð hverju hlutafélagaform breyti varðandi rekstur Orkubús Vestfjarða og RARIK. „Varðandi eignarhaldið sjálft stendur ekki til að hrófla við því, það liggur fyrir. Árið 2010 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis."

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segist vera afhuga því að breyta Landsvirkjun í hlutafélag. „Ég hef ekki hallast að því að við ættum að gera það, vegna þess að við ætlum okkur að styrkja og styðja við Landsvirkjun þannig að hún geti skilað alvöru arðsemi til þjóðarinnar. Fyrirtækið er þess eðlis að við eigum mikla hagsmuni undir því að við eigum það áfram og teflum því ekki í tvísýnu."

Katrín segist hins vegar fylgjandi aukinni verkefnafjármögnun, en þá koma fjárfestar að og leggja fé í einstaka verkefni. Uppbygging í orkuiðnaði hafi byggt á erlendum lántökum og töluverður hluti af arðsemi verkefna hafi farið í að greiða þau lán upp.

Iðnaðarráðherra segir að verkefnafjármögnun gefi færi á því að fá fjármagn inn í landið til skemmri tíma. Þá geti innlendir aðilar, svo sem lífeyrissjóðir, tekið þátt í slíkum verkefnum. „Mér finnst það spennandi kostur og sjálfsagt að ræða það."

Ráðherrarnir eru sammála um að skýrslan sýni að arðsemi fyrirtækisins hafi verið ónóg. Steingrímur segir skýrsluna styrkja þá mynd sem Landsvirkjun hafi dregið upp á fundum. Huga verði betur að arðsemisþættinum og leita leiða, í gegnum hærra orkuverð og betri samninga, til að ná auðlindarentu og arðinum til eiganda fyrirtækisins – þjóðarinnar. **kolbeinn@frettabladid.is**



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Hörður Arnarson, forstjóri Landvsirkjunar, hefur sagt að arðsemi virkjana fyrirtækisins sé of lítil. Tekjur af bókfærðu virði Kárahnjúka þyrftu að vera nær helmingi meiri en þær eru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hlutafélög og verkefnafjármögnun**

„Höfundar leggja til að unnið verði að því að breyta Landsvirkjun og öðrum orkufyrirtækjum í opinberri eigu í almenningshlutafélög og leggja beri áherslu á verkefnafjármögnun nýrra framkvæmda. Það felur í sér að framkvæmdir séu fjármagnaðar af eigin verðleikum en skatttekjur íslenska ríkisins séu ekki lagðar að veði þegar orkumannvirki eru byggð."

Úr skýrslunni Mat á arðsemi orkusölu til stóriðju



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Enn leitað að Madeleine:

## Kona vekur grunsemdir

**BRETLAND** Breskir lögreglumenn fóru nýlega til Spánar vegna upplýsinga um hvarf Madeleine McCann í Portúgal.



**MADELEINE**

Kona, sem þótti lík Victoriu Beckham og var fyrir utan bar í Barcelona fyrir fjórum árum, spurði Breta sem voru á staðnum eftirfarandi spurningar tvisvar: „Eruð þið hér til þess að afhenda mér nýju dótturina mína?" Konan sást síðan ræða æst við mann. Hún talaði með nýsjálenskum eða áströlskum hreim og talaði einnig spænsku reiprennandi.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar fundust engin ný spor. Talsmaður foreldranna sagði þá fagna nýjum áfanga í leitinni. **- ibs**

Varað við tannhvíttun:

## Meðferð getur skaðað tennur og tannhold

**HEILBRIGÐISMÁL Tannlæknafélag Íslands varar við tannlýsingarmeðferð sem veitt er af ófaglærðum einstaklingum. Félagið telur ljóst að verið sé að nota mjög sterk tannlýsingarefni sem tannlæknar geti með engu móti mælt með þar sem þau geti stórskaðað tennur og tannhold, er fram kemur í yfirlýsingu.**

**Í ljósi þeirrar umfjöllunar sem hefur verið nýverið um tannhvíttun vill Tannlæknafélagið koma því á framfæri að starfsheitið „tannhvíttunarfræðingur" er ekki til. Furðar félagið sig á aðgerðarleysi heilbrigðisyfirvalda og telur þau ekkert hafa gert til þess að vernda almenning fyrir meðferðinni.** **- sv**


GEFÐU GÓMSÆTA GJÖF UM JÓLIN

GJAFABRÉF Í MIKLU ÚRVALI

„VIÐ Á FISKMARKAÐNUM OG GRILLMARKAÐNUM HÖFUM SETT SAMAN NÝ GJAFABRÉF FYRIR JÓLIN ÞAR SEM ÞÚ GETUR VALIÐ Á HVORUM STAÐNUM ÞÚ NÝTIR ÞAU. AÐ ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM AÐ VEITA 15% AFSLÁTT AF ÖLLUM GJAFABRÉFUM TIL 15. DESEMBER".



Gleðilega hátíð...
Hrefna og gengið













KOMDU Á STAÐINN EÐA FÁÐU GJAFABRÉFIN SEND Í PÓSTI

FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN
AÐALSTRÆTI 12 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 578 8877
INFO@FISKMARKADURINN.IS | FISKMARKADURINN.IS

GRILLMARKAÐURINN
LÆKJARGÖTU 2A | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 571 7777
INFO@GRILLMARKADURINN.IS | GRILLMARKADURINN.IS

# Betra bílverð í desember!

**Komdu í dag. Takmarkað magn.**

## Mazda6 Premium 4 dyra

**Kauptu í desember**
**kr. 4.390.000**



2,0i bensín. 155 hö. Sjálfskiptur,
fáanlegur einnig 5 dyra og station
Eldsneytisnotkun 7,6 L/100 km
Koltvísýringur $CO_2$ 176g/km

**Desemberverð kr. 4.390.000**
**Verð áður kr. 4.610.000**
**Desemberafsláttur kr. 220.000**

Mánaðargreiðsla kr. 51.398*




**Tækifæri til að losna við gamla bílinn!**
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda á góðu verði í desember. Erum í jólaskapi. Tökum allar gerðir bíla uppí nýjan Mazda.

**Þú staðfestir kaupin fyrir 24. desember - og þú færð 4 ný vetrardekk undir nýja flotta Mazda bílinn þinn. Sumardekkin fylgja með í skottinu!**

## Mazda3 Advance 5 dyra

**Kauptu í desember**
**kr. 3.190.000**






1,6i bensín. 105 hö. Beinskiptur,
fáanlegur einnig dísill.
Eldsneytisnotkun 6,5 L/100 km
Koltvísýringur $CO_2$ 149g/km

**Desemberverð kr. 3.190.000**
**Verð áður kr. 3.340.000**
**Desemberafsláttur kr. 150.000**

Mánaðargreiðsla kr. 37.422*

**Þú staðfestir kaupin fyrir 24. desember - og þú færð 4 ný vetrardekk undir nýja flotta Mazda bílinn þinn. Sumardekkin fylgja með í skottinu!**

**Tækifæri til að losna við gamla bílinn!**
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda á góðu verði í desember. Erum í jólaskapi. Tökum allar gerðir bíla uppí nýjan Mazda.

## Mazda2 Advance 5 dyra

**Kauptu í desember**
**kr. 2.370.000**



1,3i bensín. 84 hö. Beinskiptur,
fáanlegur einnig sjálfskiptur
Eldsneytisnotkun 5,1 L/100 km
Koltvísýringur $CO_2$ 119g/km

**Desemberverð kr. 2.370.000**
**Verð áður kr. 2.490.000**
**Desemberafsláttur kr. 120.000**

Mánaðargreiðsla kr. 26.939**




**Tækifæri til að losna við gamla bílinn!**
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda á góðu verði í desember. Erum í jólaskapi. Tökum allar gerðir bíla uppí nýjan Mazda.

**Þú staðfestir kaupin fyrir 24. desember - og þú færð 4 ný vetrardekk undir nýja flotta Mazda bílinn þinn. Sumardekkin fylgja með í skottinu!**




Mazda eru japanskir gæðabílar. Þekktir fyrir áreiðanleika, lága bilanatíðni og frábæra endursölu. Komdu í Mazda Brimborg, Bíldshöfða 8. Kauptu Mazda á lækkuðu verði. Vertu Mazda í dag.

**Varahlutaverslun opin 8 til 17**
**Kynntu þér tilboð og gott verð**

# Verðlækkun í dag á nýjum Mazda

**Komdu og sjáðu Mazda**
**Opið í dag 9 til 17**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | mazda.is

*Óverðtryggður bílasamningur Ergo miðað við 30% útborgun. **Græn fjármögnun Ergo miðað við 30% úborgun. Desembertilboð Mazda gildir á meðan birgðir endast. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni.

★ GULLTILBOÐ 1

## LJÚFA LÍFIÐ Á FLÓRÍDA

Taktu þér frí frá frostinu og farðu í sólina og hitann í Orlando á frábæru verði. Á Flórída er hver dagur fullkomið ævintýri, fyrir unga jafnt sem aldna. Gist er á Extended Stay hótelinu.

**8 nætur, 31. jan.–8. feb.**

FULLT VERÐ 126.900 KR.

**96.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting á Extended Stay á 8750 Universal Boulevard.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

ÆVINTÝRI Í ORLANDO

PUNKTAR GILDA x30



★ GULLTILBOÐ 2

## SÓL Í FEBRÚAR Á TENERIFE

Febrúar er einmitt rétti tíminn til að skella sér til Tenerife. Njóttu lífsins á sólgylltum ströndum Tenerife meðan vindarnir blása í skammdeginu hér. Gisting á 4 stjörnu hótelinu La Siesta.

**7 nætur, 14.–21. feb.**

FULLT VERÐ 173.805 KR.

**143.805 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar, gisting á La Siesta með hálfu fæði og fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

4 STJÖRNU HÓTEL OG HÁLFT FÆÐI

PUNKTAR GILDA x30



# KAUPTU JÓLAGJA N1 PUNKTANA ÞÍN

★ SILFURTILBOÐ 1

## HÁTALARAR

UCUBE

- USB tenging fyrir hljóð og straum
- Innbyggður 2x15 RMS wDSP magnari
- Allt að 170 gráðu hlustunarhorn
- Tíðnisvið 100Hz–18 kHz
- RCA snúra fylgir til að tengja hátalarana saman
- Fást í tveimur litum; svörtu og hvítu

FULLT VERÐ 24.900 KR.

**16.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x8

★ SILFURTILBOÐ 2

## FERÐA DVD

TVEIR SKJÁIR – MUSE

- 2x 7" LCD skjáir
- Spilar DVD, MP3, JPEG og DivX
- 12/220V hleðslutæki
- USB og SD kortalesari
- Fjarstýring

FULLT VERÐ 37.900 KR.

**27.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x10

★ SILFURTILBOÐ 3

## GÖNGUBAKPOKI

OSAH – 60 L

- Hæðarstillanlegar burðarólar
- Álstangir í bakstuðningi.
- 'Mesh'-púðar með öndun
- Vatnsheld yfirbreiðsla
- Úr 600din PVC efni

FULLT VERÐ 14.990 KR.

**8.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x6

★ SILFURTILBOÐ 4

## MYNDAVÉL

CANON EOS 1100D
M/ EF-S 18-55MM IS LINSU

- 12 megapixla APS-C CMOS myndflaga
- 14-bita DIGIC 4 myndörgjörvi
- HD EOS Movie stilling
- ISO 100-6400
- 9 punkta fókuskerfi; hraðvirk og nákvæmt
- 6,8 cm (2.7") LCD skjár & Quick Control Screen

FULLT VERÐ 104.900 KR.

**84.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x20

★ SILFURTILBOÐ 5

## BLANDARI

KENWOOD

- 550w blandari
- 1,5 lítra glerkanna
- 3 hraðar og púlsmöguleiki
- Stálhnífur
- Stál

FULLT VERÐ 19.995 KR.

**11.995 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x8

★ SILFURTILBOÐ 6

## RYKSUGA

PHILIPS

- 2000w ryksuga (400w sogkraftur)
- Vandaður parkethaus
- Tekur 3 l af ryki
- Gúmmíhjól
- HEPA AirSeal og HEPA filter sem hægt er að þvo
- 7 m snúra
- 3 fylgihlutir
- Notar S-Bag ryksugupoka
- Fjólubleik

FULLT VERÐ 22.995 KR.

**15.995 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x7

Tilboðin gilda í desember eða meðan birgðir endast.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

**FRÉTTASKÝRING:** Erlendar fjárfestingar

# Skýrar reglur og skýr skilaboð

**Regluverk varðandi erlendar fjárfestingar verða að vera skýrar, annars leita fjárfestar annað. Erlent fjármagn kemur á heilbrigðri samkeppni á fákeppnismarkaði og er skilvirkasta leiðin til að auka verðmætasköpun. Ráðstefna var haldin um erlenda fjárfestingu í gær.**

Lög varðandi erlendar fjárfestingar hér á landi eru of óskýr, ef marka má frummælendur á ráðstefnu um beina erlenda fjárfestingu og áhrif á endurreisn landsins. Aðalsteinn Leifsson, formaður starfshóps stjórnvalda um tillögur í málaflokknum, segir að erlend fjárfesting hér á landi sé ótrúlega lítil og skýra þurfi reglur til að bæta úr því.



AÐALSTEINN LEIFSSON

Aðalsteinn segir að fjárfestar fái það á tilfinninguna að það sé allt of háð persónulegu mati ráðamanna hverju sinni hvort verkefni fái brautargengi eður ei. Burtséð frá því hvort sú sé raunin þurfi að vinna á þeirri tilfinningu fjárfesta að meðferð þeirra sé allt of matskennd.

Þörfin fyrir samstarf við erlenda aðila er mikil í smáum og tiltölulega einhæfum hagkerfum eins og hér á landi, að sögn Aðalsteins. Það sé ekki einungis vegna aðgangs að fjármunum heldur einnig til að auka fjölbreytni, bæta markaðsaðgang, ýta undir samkeppni og færa nýja þekkingu inn í atvinnulífið.

### Fjárfestingavakt

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra setti ráðstefnuna og sagði frá þingsályktunartillögu um stefnumótun varðandi erlendar fjárfestingar. Í henni felst að komið verði á fót fjárfestingavakt sem fylgist með málaflokknum. Ríkisstjórnin hefur afgreitt málið og nú er tilnefninga beðið í vaktina.

Ráðherra segir það ekki felast í erlendum fjárfestingum að selja auðlindir, heldur að fá fjármagn inn í landið í öðru formi en sem erlend lán. Dæmi um átak í þessum efnum sé Ísland allt árið, en þar er reynt að glæða ferðaþjónustu yfir vetrarmánuðina.

Katrín kom aðeins inn á gjaldmiðlamál, ekki væri hægt að horfa fram hjá því að margir litu á krónuna sem viðskiptahindrun. Hún taldi nauðsynlegt að ræða þau mál af yfirvegun og minnti á að krónan væri verkfæri til að bæta lífskjör, ekki þjóðartákn.



**SKÝRAR LÍNUR** Fyrirlesarar og ráðstefnugestir voru sammála því að skýrar línur þyrfti hvað varðaði erlendar fjárfestingar. Betra væri að fá strax neitun en að óljóst væri hver niðurstaðan yrði mánuðum og jafnvel árum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Bein erlend fjárfesting

Markmið með því að auka beina erlenda fjárfestingu er einmitt að fá aukið fé inn til landsins til langs tíma, fremur en lánsfé. Með beinni erlendri fjárfestingu er átt við að erlendur fjárfestir hefur stjórnunarleg áhrif á atvinnurekstur viðkomandi fyrirtækis. Hann tekur þátt í rekstrinum og tekur áhættu af honum.

Ríki um allan heim berjast við að laða til sín beina erlenda fjárfestingu með markvissum hætti og litið er svo á að slíkt bæti lífskjör.

Carlos Bronzatto, framkvæmdastjóri WAIPA (Alþjóðasamtök fjárfestingastofa), segir að grundvöllur þess að slíkt verði farsælt sé að um langtímafjárfestingu sé að ræða, en ekki spákaupmennsku. Bronzatto fór yfir dæmi frá Kosta Ríka og Írlandi, þar sem vel hefur tekist til við að laða erlenda fjárfesta að. Írar hafi raunar misst mikið af láglaunastörfum til Póllands, en eftir standi hærra launuð störf.

### Fjárfestingar í lágmarki

Skýrsla hópsins sýnir að fjárfestingar á Íslandi eru í algjöru lágmarki. Um leið er fjárfesting forsenda þess að hægt sé að afnema gjaldeyrishöft. Aðalsteinn, formaður hópsins, sagði að skilvirkasta leiðin til að auka verðmætasköpun sé í gegnum beina erlenda fjárfestingu. Hefðbundnir atvinnuvegir eins og sjávarútvegur og stóriðja hafi ýmist takmarkaða vaxtamöguleika, eða slíkt taki langan tíma.

Bein erlend fjárfesting er lítil á Íslandi og fyrst og fremst í orkufrekum iðnaði. Þá hefur lítil stefnumótun átt sér stað meðal stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu og OECD metur Ísland það land þar sem mestar hindranir eru í vegi fyrir henni.

„Auk þekktra hindrana eru áhyggjur vegna ákvarðanatöku stjórnvalda og seinagangs og ófaglegra viðbragða stjórnsýslu,“ sagði Aðalsteinn.

### Óstöðugt umhverfi

Stefanía Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenskrar matorku, lýsti reynslu sinni af því að fá erlenda fjárfesta inn í íslenskt umhverfi. Hún sagði tækifærin varðandi matvælaframleiðslu gríðarlega mikil, enda þyrfti að tvöfalda matvælaframleiðslu í heiminum á næstu áratugum. Eftir 20 ár verði eftirspurn eftir vatni 40 prósentum meiri en framboð, sem styrki samkeppnisstöðu Íslands.

Hún sagði óskýrar reglur og óstöðugt umhverfi helsta óvin þeirra sem leiti erlends fjármagns. Þá séu leyfismál orðin mjög flókin, stofnanir og eftirlitsaðilar séu orðnir sterkir valdhafar en misræmis gæti á milli þeirra.

Aðgerðir stjórnvalda skipta miklu máli, að sögn Stefaníu. Hún tók dæmi frá Danmörku þar sem stjórnvöld endurgreiddu, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, 30 prósent af stofnkostnaði til baka til fyrirtækja. Danir framleiddu nú, þrátt fyrir lítið vatn, fisk til jafns við íslenska þorskkvótann.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



## Nauðsynlegar aðgerðir

A. Stjórnvöld setji skýra stefnu um beina erlenda fjárfestingu
B. Starfs- og lagarammi endurspegli stefnu stjórnvalda
C. Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri verði numin úr gildi
D. Nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður
E. Skýrar vinnureglur um bindandi álit og skuldbindandi tímamörk
F. Skilgreina svæði/klasa og undirbúa skipulag og umhverfi
G. Samræmingarhlutverk ríkisins í atvinnuuppbyggingu og skipulagsmálum
H. Samstarf stjórnsýslu, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila

*Úr skýrslu starfshóps um erlenda fjárfestingu.*

## Huang Nubo fellur eins og flís við rass



GUNNAR ÁRMANNSSON

Skilgreiningin á beinni erlendri fjárfestingu er stofnun og uppbygging nýs fyrirtækis frá grunni fyrir tilstuðlan erlendra fjárfesta, eða í formi samruna eða yfirtöku erlends fyrirtækis. Aðalsteinn rakti hvernig fjárfestingu rétt væri að laða að og komu þar ferðamál nokkuð við sögu.

Hann sagði að hugmyndir kínverska fjárfestisins Huangs Nubo varðandi Grímsstaði á Fjöllum féllu eins og flís við rass að skilgreiningu um heppilega beina erlenda fjárfestingu. Engu að síður hefði henni verið hafnað. Slíkt ýtti undir ótta fjárfesta, sem áður var vikið að.

Ásgeir Margeirsson, einn aðstoðarforstjóra Alterra Power (áður Magma), sagði hugmyndir í skýrslu starfshópsins góðra gjalda verðar. Allsendis óvíst væri hvort þær yrðu að veruleika. Hann benti á að þegar Magma keypti hlut í HS Orku hefði fyrirtækið farið í einu og öllu að ríkjandi lögum. Engu að síður hefðu stjórnvöld brugðist ókvæða við og reynt að hnekkja gjörningnum.

Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri PrimaCare, kom einnig inn á þetta. Hann sagði að þegar Magma-málið kom upp hefðu stjórnvöld viðurkennt að það væri sennilega löglegt, en pólitískur vilji væri til að breyta þeim lögum og umvarpa niðurstöðunni. Þegar mál Huangs komu upp hafi verið farið eftir strangasta lagabókstaf. Niðurstaðan væri ætíð mótdræg fjárfestinum.

Sparaðu með Miele




Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.



kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.530

Care Collection ryksugupokar og ofnæmissíur eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

25% AFSLÁTTUR

Farðu alla leið með Miele

Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# „ÆSISPENNANDI“

Kristjana Guðbrandsdóttir, **DV**

★★★★




## TRYLLINGUR YRSU „AF BESTU GERÐ“

VERÖLD

## Occupy-hreyfingar með mótmæli um allan heim



**STÚDENTAR Á FILIPPSEYJUM** Um fimm hundruð stúdentar mótmælu í Maníla í gær. Lögreglan notaði meðal annars kylfur til að brjóta mótmælin á bak aftur. NORDICPHOTOS/AFP

# Áfram mótmælt víða um heim

Ekkert lát er á mótmælum í anda Occupy Wall Street-mótmælanna, sem hófust í september. Efnahagsástandið, græðgi og spilling er meðal þess sem mótmælt var á Filippseyjum, Spáni, í Frakklandi og Bandaríkjunum á síðustu dögum.



**SPÁNN** Lögreglumenn gættu inngangsins við Hótel Madrid í Madríd á mánudag, eftir að lögregla hafði fjarlægt um hundrað mótmælendur sem þar höfðu verið síðan í október. NORDICPHOTOS/AFP



**WASHINGTON** Mótmælendur byggðu þennan kofa án leyfis á McPherson torgi í Washington. Lögregla lokaði svæðinu af og fjarlægði mótmælendur með valdi um helgina. Margir voru handteknir. NORDICPHOTOS/AFP



**FRAKKAR MÓTMÆLA LÍKA** Þessi mótmælandi í borginni Nantes í Frakklandi hefur komið sér fyrir í tjaldbúðum ásamt öðrum. NORDICPHOTOS/AFP



**MANÍLA** Stúdentar skýla sér fyrir vatnsflauminum sem lögregla notaði til að dreifa mótmælum þeirra í Maníla í gær. Stúdentarnir ætluðu að ganga að Malacanang-höll og setja þar upp tjaldbúðir. DICPHOTOS/AFP



**NEW YORK** Mótmælendur með spjöld þar sem þeir segja forsetaframbjóðandann Newt Gingrich vera „skítugan" en Gingrich hélt ræðu á blaðamannafundi í New York á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP



**HANDTÖKUR** Lögreglumenn handtóku fjölmarga á McPherson torgi um helgina og beittu talsverðri hörku. Þessi maður var á meðal þeirra sem mótmæltu á torginu í Washington. NORDICPHOTOS/AFP







# HORFÐU Á ÞÁTTINN

# 9. DES

## Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

## SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI!

**Hér færðu rauðu nefin:** Hagkaup, Bónus, MP banki, Te og Kaffi, skátar um allt land

Birting þessarar auglýsingar er styrkt af

VALITOR

www.unicef.is

unicef

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þverfagleg rannsókn á einelti meðal barna:

## Bent á lögfestingu Barnasáttmála

Mikil vakning hefur átt sér stað á þeim árum sem liðin eru frá því að hugtakið einelti var skilgreint. Fyrir þann tíma var einelti allt of viðurkennt. Vissulega var það ekki liðið athugasemdalaust hvar og hvenær sem er en of oft horfði fólk, börn og fullorðnir, upp á einelti með þegjandi samþykki; einelti barna gegn öðrum börnum, kennara gegn nemendum, vinnufélaga gegn samstarfsmönnum og áfram mætti telja.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Einelti á sér vissulega enn stað. Oftar er þó brugðist við því með markvissum aðgerðum til að uppræta það. Í þeim tilvikum að það gerist ekki þá er ástæðan ólíklega sú að þeir sem vitni eru að eineltinu setji ekki spurningarmerki við framkomuna heldur hafa þeir ekki hugrekki til að takast á við vandamálið og/eða finnst ekki vera til farvegur til að beina málinu í.

Fyrra atriðinu er erfiðara að breyta en því síðara. En við það að skýrt sé í hugum fólks hvaða hegðun og samskipti flokkast sem einelti og með því að farvegur slíkra mála í skólum, tómstundastarfi og á vinnustöðum sé skýr kemur hugrekkið auðvitað á eftir.

Í þverfaglegri rannsókn sem kynnt er í dag eru greindir þættir sem þykja jákvæðir á sviði eineltismála. Þá eru dregnir fram þættir sem er ábótavant og tillögur gerðar að úrbótum. Rannsóknin gefur þannig heildstæða mynd af stöðu málsins hér á landi.

Nokkur veigamikil skref hafa verið stigin í baráttunni gegn einelti. Eineltisáætlun sem kennd er við Olweus var innleidd hér árið 2002 og rannsókn hefur sýnt að einelti er minna í þeim skólum sem tekið hafa áætlunina upp en þeim sem hafa ekki gert það.

Á þessu ári var verkefnisstjórn í aðgerðum gegn einelti á vegum þriggja ráðuneyta sett á laggirnar auk þess sem gefin var út reglugerð sem fastmótar ábyrgð á skyldur grunnskóla til að taka á einelti.

Á það er bent í niðurstöðum rannsóknarinnar að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur enn ekki verið lögfestur á Íslandi. Alþingi hefur þó samþykkt þingsályktunartillögu þess efnis. Sáttmálinn var fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum fyrir nærri tveimur áratugum og eru því margir orðnir langeygir eftir lögfestingunni. Með einelti gegn barni er brotið á réttindum sem varin eru í Barnasáttmálanum, svo ljóst er að lögfesting hans skiptir miklu fyrir börn sem eru þolendur eineltis. Sömuleiðis er bent á að Barnasáttmálinn sé ekki nægilega vel kynntur, hvorki börnum né þeim sem með börnum starfi.

Einnig er bent á að kennarar og aðrir þeir sem með börnum vinna komi ekki með nægjanlegt veganesti úr námi sínu til að takast á við aga- og samskiptamál nemenda sinna.

Það er á ábyrgð samfélagsins alls að vinna gegn einelti. Tillögur þær um úrbætur sem finna má í rannsókninni verða vonandi stjórnvöldum leiðarljós í þeirri vinnu, sem hvergi nærri er lokið, og hefur að markmiði að útrýma einelti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gengisfelld orðræða

Atli Gíslason hefur nú stigið fram á ritvöllinn og kvartar yfir meðferðinni á Jóni Bjarnasyni. Atli var eitt sinn samflokksmaður Jóns en ákvað að yfirgefa Vinstri græn. Atli heggur í sama knérunn og æði margir þessa dagana og tekur þátt í gengisfellingu orðræðunnar. Þannig segir hann Jón hafa verið lagðan í einelti af Samfylkingunni svo misserum skipti. Mikið væri gott ef jafnskynsamir menn og Atli veldu hugsunum sínum betri orð. Þá er það umhugsunarefni að formanni þingmannanefndar sem tók rannsóknarskýrslu Alþingis til umfjöllunar skuli vera svo uppsigað við gagnrýni á valdhafa sem raun ber vitni.



### Karlaklúbbur Hönnu Birnu

Hanna Birna Kristjánsdóttir hristi rækilega upp í hlutunum fyrir nokkru þegar hún líkti Besta flokknum við strákaklíku. Konur, og fjölmargir karlar raunar líka, í og tengdar Besta flokknum, töldu illa að sér vegið. Nú ber svo við að Hanna Birna er eina konan í borgarfulltrúahópi Sjálfstæðisflokksins og kannski getur hún endurnýtt frasann um karlaklúbbinn.

### Ókurteisir og illa upp aldir

Siv Friðleifsdóttir hefur setið á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn í 16 ár. Hún snupraði þingmenn í ræðu í gær, sagði þá viðhafa ljót orð sín í milli, gjamma fram í hver fyrir öðrum og neita að fara úr pontu þegar tími þeirra væri liðinn. Kannski hefur Siv hitt á ástæðu þess að virðing fyrir Alþingi er svo lítil sem raun ber vitni. Ólátabelgir telja sig töff, en eru óttalega þreytandi.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Allir vinna – áfram

Atvinnumál



Daníel Árnason
framkvæmdastjóri

Eitt af því jákvæðasta sem komið hefur frá sitjandi ríkisstjórn og skattayfirvöldum gagnvart almenningi er tvímælalaust átaksverkefnið Allir vinna. Það hefur m.a. falist í því að íbúðareigendur sem ráðist hafa í viðhalds- eða byggingarframkvæmdir á húsum sínum eða íbúðum á síðustu tveimur árum hafa notið 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu. Einnig hafa sömu eigendur átt rétt á umtalsverðri lækkun á skattstofni sínum að ákveðnu marki.

Ég hef fundið að þessi skattalega hvatning hefur skilað miklum árangri. Árangurinn felst m.a. í auknum vilja íbúðareigenda til að leggja út í kostnaðarsamar viðhaldsframkvæmdir sem leitt hafa af sér stóraukin verkefni fyrir byggingaverktaka. Umrædd verkefni hafa verið raunverulegt mótvægi við deyfðina sem byggingaverktakar á fasteignamarkaði hafa búið við undanfarið. Þessi velta hefur verið uppi á borðum, hún er talin fram og stuðlar þannig að heilbrigðari viðskiptaháttum. Það er líka jákvætt.

Ástand fjölbýlishúsa er mjög misjafnt. Eldri húsin þurfa mörg hver á viðhaldi að halda sem allra fyrst, þau liggja beinlínis undir skemmdum. Það liggur fyrir að fjárhagsleg staða eigenda er líka mjög misjöfn og mörgum veitir ekki af stuðningi af þessu tagi. Í ljósi þessa hvet ég ríkisstjórnina og þingmenn til að framlengja umrætt átak.

> Umrædd verkefni hafa verið raunverulegt mótvægi við deyfðina sem byggingaverktakar á fasteignamarkaði hafa búið við undanfarið. Þessi velta hefur verið uppi á borðum, hún er talin fram og stuðlar þannig að heilbrigðari viðskiptaháttum. Það er líka jákvætt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aukin gæði í kennslu og rannsóknum háskóla

Menntamál
Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Þau ánægjulegu tíðindi bárust á sama tíma og haldið var upp á 100 ára afmæli Háskóla Íslands að hann væri á nýjum lista Times yfir 300 bestu háskóla í heimi. Skammt er þess að minnast að HÍ setti sér það markmið að vera meðal 100 bestu háskóla heims og þessi árangur sýnir að takmarkið er raunhæft. Stofnun Aldarafmælissjóðs HÍ er liður í því verkefni enda takmark hans að efla rannsóknir og nýsköpun, sem nýtast muni til uppbyggingar atvinnulífs og verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar. Framlög í afmælissjóðinn verða árangurstengd og höfð hliðsjón af því hvernig miðar í sókn HÍ að markmiðum í samræmi við árangursmælikvarða.

Sumarið 2010 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út stefnu um opinbera háskóla. Með henni er ætlunin að standa vörð um starfsemi þeirra með því að stofna samstarfsnet, með hugsanlega sameiningu í huga. Markmiðið er þríþætt: Í fyrsta lagi að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags. Í öðru lagi að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best. Í þriðja lagi að halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðs vegar á landinu.

Miðað er við að aðrar háskóla- og rannsóknastofnanir geti tekið þátt í starfi netsins, óháð rekstrarformi. Rektorar opinberu háskólanna undirrituðu nú í vikunni samstarfssamning um greiðan aðgang nemenda að námskeiðum á milli skólanna og byggir hann á vönduðum undirbúningi sem staðið hefur yfir undanfarið ár.

Til að auka gæði allra skóla á háskólastigi hér á landi þarf að setja gæðaviðmið og fylgjast með hvort þeim sé náð. Sérstakir vinnu- og rýnihópar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru settir á stofn árið 2009, til að móta leiðir fyrir íslenska háskólakerfið. Ein af tillögum þessara vinnuhópa var að efla eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi sem fram fer innan veggja íslenskra háskóla. Niðurstaðan varð að stofna hér á landi gæðaráð skipað erlendum sérfræðingum. Við þessa ákvörðun var tekið mið af stefnu Vísinda- og tækniráðs, Byggt á styrkum stoðum, en þar er kveðið á um að efla beri formlegt eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna við háskóla. Gæðaráð háskólanna var svo formlega stofnað árið 2010 eftir undirbúning á vegum ráðuneytisins í samstarfi við Rannís, háskólana og Norman Sharp, fyrrverandi yfirmann þeirrar stofnunar sem fer með gæðaeftirlit við skoska háskóla.

Formaður gæðaráðsins hér á landi er fyrrgreindur Norman Sharp. Honum til halds og trausts eru Barbara Brittingham, framkvæmdastjóri hjá New England Association of Schools and Colleges, sem meðal annars annast ytra gæðaeftirlit með háskólum eins og MIT, Brandeis og Harvard, Tove Bull, fyrrum rektor háskólans í Tromsö, Rita McAllister; skoskur sérfræðingur í listmenntun og fyrrum prófessor, Jean-Marie Hombert, prófessor við Háskólann í Lyon í Frakklandi, og hinn enski Frank Quinault, prófessor við Háskólann í St. Andrews. Eftir sem áður munu færustu fagsérfræðingar sem völ er á annast einstakar úttektir og munu meðlimir gæðaráðsins einvörðungu taka þátt í úttektum þar sem sérfræðiþekking þeirra nýtist.

> Stefnan er sett fram í gæðahandbók sem var kynnt á ráðstefnu um gæðamál háskólanna 18. október sl. Í henni eru sett fram mælanleg markmið sem háskólar verða að uppfylla og munu úrskurðir gæðaráðsins verða birtir opinberlega.

Til að tryggja aðkomu hagsmunaaðila háskóla og efla gagnsæi og upplýsingaflæði á milli ráðsins og háskólasamfélagins hefur enn fremur verið sett á stofn ráðgjafanefnd gæðaráðs. Í henni eiga sæti fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, háskóla, Vísinda- og tækniráðs og stúdenta.

Markmið gæðaráðsins er meðal annars að tryggja gæði háskólastarfsemi hér á landi, bæði á sviði rannsókna og kennslu, að tryggja samkeppnishæfni háskólanna og færa gæðaeftirlit til samræmis við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig.

Gæðaráðið mótar aðferðafræði fyrir mat á gæðum í kennslu og rannsóknum og mun gera tillögu til ráðherra um þriggja ára áætlun um eftirlit með kennslu og rannsóknum við íslenska háskóla. Það hefur mótað skýra stefnu um gæðaeftirlit á háskólastigi, sem m.a. gerir kröfur um að skólarnir viðhaldi ábyrgu innra gæðaeftirliti og felur í sér áætlun um ytra eftirlit. Stefnan er sett fram í gæðahandbók sem var kynnt á ráðstefnu um gæðamál háskólanna 18. október sl. Í henni eru sett fram mælanleg markmið sem háskólar verða að uppfylla og munu úrskurðir gæðaráðsins verða birtir opinberlega. Sett hafa verið skýr markmið og tímarammi um hvenær og hversu oft viðkomandi háskólar skulu gangast undir opinbert ytra gæðaeftirlit.

Ljóst má vera að það eru miklar hræringar í íslensku háskólaumhverfi. Leiðarljósin eru skýr: Efla kennslu og rannsóknir um land allt með auknu samstarfi og öflugu gæðaeftirliti.

## AF NETINU

### Þjóðin svikin um rentuna

Íslendinga skortir heilbrigða rentu af auðlindum sínum. Rentu umfram skatta. Áratugum saman hefur hún verið svikin um rentuna. Sjálfstæðisflokkurinn stal henni beinlínis.

Ríkisstjórnin reynir að koma upp eðlilegri auðlindarentu í andstöðu við Flokkinn. Það gengur tregt, því að kvótagreifar Flokksins moka stolnu fé í fjölmiðla og pólitík.

Verst er þó, hve illa tókst til um val á sjávarútvegsráðherra, sem klúðraði fyrringu aflaheimilda.

Nú þarf að hefja nýja sókn að auðlindarentu. Fyrna þarf kvóta í sjávarútvegi og opna þarf að nýju samninga við stóriðju. Gamla ástandið er fyrir löngu orðið óbærilegt.

jonas.is

Jónas Kristjánsson




# Grettistak í þágu öryrkja

**Með sama áframhaldi má gera ráð fyrir að Brynja Hússjóður geti keypt 20–30 íbúðir á ári í þágu öryrkja og veitir svo sannarlega ekki af.**

Margt hefur breyst á síðustu 25 árum. Brynja Hússjóður var stofnaður árið 1965 til að tryggja öryrkjum húsnæði á hagstæðu verði og var í fyrstu eingöngu fjármagnaður af leigutekjum. Með tilkomu viðbótarframlags frá Öryrkjabandalagi Íslands vegna tekna af Lottóinu árið 1987 færðist aukinn þróttur í starfsemina og hefur uppbygging í þágu öryrkja staðið látlaust síðan.

Brynja Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands á nú um 725 íbúðir um allt land. Flestar eru íbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu en þó má segja með sanni að húsakostur Brynju teygi sig allan hringinn. Þannig á Brynja Hússjóður fimm íbúðir í Vestmannaeyjum og sex á Vestfjörðum. Ríflega helmingur íbúðanna eru tveggja herbergja en um fjórðungur er einstaklingsíbúðir. Afgangurinn eru svo ýmist stærri íbúðir eða sérhæft húsnæði til að mæta sérstökum þörfum. Með sama áframhaldi má gera ráð fyrir að Brynja geti keypt 20–30 íbúðir á ári í þágu



Brynja, hússjóður Öryrkjabandalags Íslands á nú um 725 íbúðir um allt land. SHUTTERSTOCK/ASA

Óhætt er að fullyrða að slíku grettistaki hefði aldrei mátt lyfta án þess stuðnings þjóðarinnar sem fæst gegnum Lottó og Íslenska getspá. Þótt fjölmargir Íslendingar fagni glæsilegum vinningum í hverri viku er ég viss um að gleðin er engu minni hjá þeim öryrkjum sem fá langþráð þak yfir höfuðið á viðráðanlegum kjörum. Það er sannkallaður Lottóvinningur. Kæru Íslendingar, takk fyrir stuðninginn! **- bvs**

## Voru víkingarnir milljarðamæringar?


Ekki er hægt að segja hversu stórum fjárhæðum þeir höfðu úr að moða. SHUTTERSTOCK/ASA

Menn velta því nú fyrir sér hversu fjáðir víkingarnir hafi verið á sínum tíma – og sýnist sitt hverjum. Engin leið er að segja til um hversu stórum fjárhæðum þeir höfðu úr að moða, en þó er ljóst að menn hafa þurft einhverja aura til að fjármagna skipaferðir og fólksflutninga til fjarlægra landa, sem ekki var einu sinni víst að væru til.

En á uppreiknuðu verði, miðað við verðbólgu frá landnámsöld, að viðbættum verðbótum og vöxtum, má með góðum vilja leiða að því líkum að víkingarnir hafi verið, ef ekki milljarðamæringar, þá í það minnsta milli[illegible]ringar. **-bvs**

## Afmælismilljónir á aðfangadag

Íslensk getspá fagnar 25 ára afmæli í ár. Af því tilefni verða dregnir út 25 aukavinningar í desember, hver vinningur er ein milljón króna eða ein milljón fyrir hvert ár. Þeir sem kaupa 10 raðir í Lottó eða Víkingalottó í desember eða eru í áskrift eiga möguleika á að vinna einn eða fleiri af þessum glæsilegu vinningum. Dregið verður á aðfangadag, 24. desember 2011. **-bvs**



# Ævintýralegar vinsældir sem ekki sér fyrir endann á



SHUTTERSTOCK/ASA

...sti útdrátturinn fór fram í ...enska ríkissjónvarpinu viku ...ðar. Viðtökur almennings voru ...

Miklar vinsældir Lottósins urðu þess fljótlega valdandi að leikformið 5/32 varð of lítið fyrir happdrættismarkaðinn. Leiknum var því breytt í 5/38 í byrjun september 1988. Árið 2008 var aftur ákveðið að breyta leiknum í Lottó 5/40 til að hækka vinningsupphæðirnar og gera leikinn ennþá meira spennandi.

Íslensk getspá hefur alla tíð átt mjög gott samstarf við önnur norræn lottó- og getraunafyrirtæki. Má í því sambandi geta þess að Íslensk getspá tók, ásamt öðrum Norðurlöndum, þátt í stofnun Víkingalottós sem hóf göngu sína 1991. Dregið er á miðvikudögum og eru vinningsupphæðir hærri en í nokkru öðru happdrætti hér á landi. Víkingalottóið hefur gengið vel á Íslandi, þátttaka er stöðug og hafa stórir vinningar fallið lottóspilurum í skaut einu sinni á ári að meðaltali frá upphafi. Samstarfið við hinar Norðurlandaþjóðirnar hefur gengið mjög vel en fulltrúar fyrirtækjanna sem að því standa hittast reglulega á fundum og ræða ýmis mál tengd stjórnun, markaðsmálum, tækniþróun, og fleiru. - bvs

# Sumar tölur eru vinsælli en aðrar

## Talan 40 hefur hins vegar aðeins komið upp 22 sinnum í Lottóinu



Talan 10 hefur aðeins komið upp 99 sinnum frá upphafi í Víkingalottóinu

SHUTTERSTOCK/ASA

Fyrir þá sem hafa gaman af því að velta fyrir sér tölfræði má geta þess að í Lottóinu hefur talan 21 haldið óumdeildum vinsældum sínum, en hún hefur komið 193 sinnum upp frá upphafi. Í Víkingalottó er það hins vegartalan 41 sem hefur komið oftast upp, eða 152 sinnum.

Talan 40 hefur hins vegar aðeins komið upp 22 sinnum í Lottóinu, en hún bættist reyndar ekki í hópinn fyrr en árið 2008. Talan 10 hefur sér hins vegar ekkert til málsbóta, en hún hefur aðeins komið upp 99 sinnum frá upphafi í Víkingalottóinu. - bvs




## Kia cee'd

Eigum úrval notaðra Kia cee'd fólksbíla, dísil eða bensín. Nánar á askja.is

**Verð frá 1.990.000 kr.**



## Kia Sportage EX

árg. 2006, ekinn 66 þús. km
2000cc, dísil, beinsk.

**Verð 2.090.000 kr.**



## Nissan Xtrail

árg. 2008, ekinn 50 þús. km.
1997cc, bensín, sjálfsk.

Verð áður 3.250.000 kr.

**▸ Verð nú 2.990.000 kr.**

▸ TILBOÐSBÍLL



## Kia Sorento 4x4

Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísil eða bensín. Nánar á askja.is

**Verð frá 2.290.000 kr.**



## Subaru Forester 4x4

árg. 2009, ekinn 28 þús. km.
2000cc, bensín, beinsk.

**Verð 3.690.000 kr.**



## Mitsubishi Pajero 4x4

árg. 2007, ekinn 147 þús. km.
2900cc, dísil, sjálfsk.

Verð áður 5.190.000 kr.

**▸ Verð nú 4.690.000 kr.**

▸ TILBOÐSBÍLL



## Mercedes-Benz GLK

árg. 2011, ekinn 2 þús. km.
2143cc, dísil, sjálfsk.

**Verð 8.900.000 kr.**



## Toyota Yaris

árg. 2008, ekinn 69 þús. km.
1000cc, bensín, beinsk.

**Verð 1.590.000 kr.**



ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.




# „Ránstannlæknir" játar …

Heilbrigðismál

Gunnar Rósarsson
íslenskur ríkisborgari



…að hann harmar að foreldrar örvænti ef óvænt þarf að sinna tannlækningum barna.

…að hann harmar marklausan fréttaflutning um tannlækningar.

…að hann undrast tregðu yfirvalda til að greiða fyrir tannlækningar.

…að hann er undrandi á að tannlækningar barna á spítala skuli ekki vera greiddar af skattfé hér eins og á hinum Norðurlöndunum.

…að hann undrast þörf margra, þ.á.m. ráðamanna, fyrir að níða tannlæknastéttina.

…að honum finnst vart lægra komist í „frétta"flutningi en með „frétt" sem birtist undir fyrirsögninni „Tannlæknir vildi 143 þúsund fyrir að gera við skemmda tönn í 8 ára dreng – Ránstilraun" á Pressan.is þann 10. nóv. sl.

„Fréttin" er ekki birt undir nafni. Megnið af innihaldi hennar er ósatt. Svona umfjöllun um tannlækningar er reglan fremur en undantekningin. Fara ráðherrar, þingmenn og embættismenn framarlega. – Og eftir höfðinu dansa limirnir.

Gera má þá kröfu á alvöru fréttamiðil eins og Pressan.is vill væntanlega teljast vera, að fréttaflutningurinn rísi ögn hærra en nafnlaust, ósatt bloggtuð. Svona „frétta"flutningur er beinlínis skaðlegur „móral" þjóðarinnar. Við erum öll á sama báti (nema örfáir). Við þurfum á því að halda núna að geta treyst og haft trú hvert á öðru. Skortur á gagnkvæmu trausti lamar samfélagið. Svona „fréttir" hamla trausti.

Undirritaður er sá tannlæknir sem þessi „frétt" fjallar um og getur ekki orða bundist. Ef einhver „ránstilraun" var framin af mér þarna, þá eru allir þjónustuaðilar og verktakar á landinu sífellt með ránstilraunir. Trúi menn því er illa komið. Þjónustuaðstæður tannlækninga eru þannig hér á landi, einu Norðurlanda, að þær bjóða upp á þetta.

Forsagan er sú að einhverft barn fær tannpínu. Í ljósi fyrri reynslu og með velferð barnsins í huga liggur fyrir að svæfa þurfi það til að sinna því. Fyrir utan tannpínutönnina kom í ljós að tvær aðrar voru skemmdar. Einnig að setja þurfti plastfyllur í aðrar þrjár. Alls 6 tennur, sem sýnir sannleiksást blaðamannsins nafnlausa er skrifar fyrirsögnina. Þó kemur þetta glöggt fram í sundurliðun er fylgir „fréttinni".

Nú er ólöglegt að svæfa einstaklinga nema á löggiltri svæfingaraðstöðu. Tannlæknar fá inni á slíkri aðstöðu gegn gjaldi og þurfa að koma með sér nánast öll sín efni og tæki. Auk þess þarf aðstoðarmann hvers laun tannsar greiða sjálfir. Á meðan bíður tannlæknastofan á stökkbreyttri kaupleigu.

Svæfingum fylgir áhætta og álag fyrir þolandann. Því er enginn svæfður oftar en nauðsynlegt er og ef svæfa þarf einstakling fyrir aðgerð, þá er allt gert sem gera þarf, svo að ekki þurfi að svæfa aftur fyrr en eftir eins langan tíma og kostur er.

Kostnaðaráætlun var gerð sem rekur lið fyrir lið meðferðina og kostnaðinn. Þessi áætlun dúkkar síðan skyndilega upp á Pressan.is sem hluti af ofangreindri „frétt". Einhver hefur örvænt. Erfitt er að lá honum það.

Þótt mér hafi orðið um og ó er ég sá þetta og mörgum blöskrað fyrir mína hönd, fannst mér rétt að láta eitthvað gagnlegt af þessu leiða og velta fyrir mér aðstæðum. Stjórnvöld munda nú niðurskurðarhnífinn sem aldrei fyrr. Þegar hnífurinn sá stöðvast stendur hann í barka tannlækninga. Þar hefur hann staðið í 20 ár. Almenningur sýpur, að vanda, seyðið af þessu.

> Á sl. tuttugu árum hefur endurgreiðsla vegna tannlæknaþjónustu aðeins hækkað um 2%. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 134%.

Og er á meðan, af ráðamönnum, talin trú um að vondu tannlæknarnir séu að blóðmjólka hann og ríkið með okri. Þetta básuna fréttamiðlar síðan gagnrýnislaust. Þetta gerðist ekki ef Ísland væri að sönnu „norrænt velferðarríki" eins og tönnlast er á „spari". Ef hér væri einhver langtímastefna, metnaður og úrbótavilji í tannheilsumálum og eftirfylgni af hálfu hins opinbera, þá væri þetta ekki svona.

Á sl. tuttugu árum hefur endurgreiðsla vegna tannlæknaþjónustu aðeins hækkað um 2%. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 134%. Ekkert er endurgreitt sérstaklega fyrir þann aukakostnað sem hlýst af að gera almennar tannlæknisaðgerðir í svæfingu á spítala eins og á hinum Norðurlöndunum. Þær eru örfáar og kosta því ekki mikið. Áhugi yfirvalda á að setja pening í tannlækningar í „góðærinu" var enginn. Hvað þá núna í „kreppunni". Á meðan útgjöld vegna tannlækninga hafa hækkað um 2% hafa útgjöld vegna læknisverka hækkað um 270%, lyfja um 350% og hjálpartækja um 300%. Er þarna kannske hin raunverulega „ránstilraun" í tannlækningum?

Hví er annars svona vinsælt að argast í tannlæknum? – Sem ná sjaldnast að svara fyrir sig. Margir túlka þessa þögn tannlækna sem þeir hafi eitthvað að fela. Staðreyndin er sú að fjölmiðlar hafa engan áhuga á viðbrögðum tannlækna. Varnarræður útrásarvíkinga seljast betur.

Líklegasta skýringin er sú að tannlæknar veita kostnaðarsama heilbrigðisþjónustu. Þjónustan er mann-, tækja-, húsnæðis- og efnafrek. Lykilatriði er þó að, ólíkt annarri heilbrigðisþjónustu, birtist allur tannlæknakostnaðurinn þiggjandanum á reikningi tannlæknis og hann greiðir hann úr eigin vasa. Hann er einungis í fáum tilvikum niðurgreiddur og þá skv. gjaldskrá úr fornritum. Tannlækningar virðast því dýrar samanborið við aðra heilbrigðisþjónustu en þar er kostnaður flestum, ef ekki öllum, hulinn. Hann er þarna samt, heldur betur, til staðar en er greiddur af okkur skattborgurum eftir krókaleiðum. – Og 143.000 þykir lág upphæð þegar laga á beyglu á bíl! Önnur skýring er ef til vill sú að fyrir áratugum voru tannlæknar með mjög góðar tekjur. Fæstir tannlæknar er starfa í dag muna þá tíð. En goðsögnin lifir og sumir óttast mjög að tannlæknar hafi enn há laun. Það hefur löngum verið hefð hjá landanum að andskotast í þeim sem hann heldur að gangi vel. Nú ganga stjórnvöld á undan með fordæmi þar. Rýni menn í „tekjublöð" blasir við að tekjur almennra tannlækna eru mjög í lægri kantinum meðal heilbrigðisstétta. Það er staðreynd.

Ég vona að þessi skrif verði til þess að einhverjir fái sér saltkorn með, er þeir lesa um óstjórnlega glæpahneigð íslenskra tannlækna. Einnig til hins að skjólstæðingar sem eiga rétt á endurgreiðslu frá SÍ geri sér grein fyrir því að það eru þeirra hagsmunir en ekki tannlækna að ríkið hækki endurgreiðslur vegna tannlækninga. Þeir peningar sem ríkið leggur til tannlækninga renna nefnilega ekki til tannlæknastofanna. SÍ endurgreiðir jú skjólstæðingunum útlagðan kostnað. Það er kominn tími til að þeir öðlist rödd.

# Taktu þátt á Betri Reykjavík

Umræður á vefnum

Gunnar Grímsson
framkvæmdastjóri Íbúa SES



Viðar Bjarnason
forstjóri Íbúa SES



Fyrir rúmum mánuði opnaði lýðræðisvefurinn Betri Reykjavík í nýrri útgáfu og hefur náð töluverðum vinsældum. Þessi vefsíða býður fólki upp á að koma sínum málum á framfæri til Reykjavíkurborgar með nýstárlegum hætti.

Í lok hvers mánaðar eru þær hugmyndir sem fá mestan stuðning á Betri Reykjavík sendar til fagráða Reykjavíkurborgar til meðferðar. Þetta er ný leið til að koma málum til borgarinnar en að sjálfsögðu geta einstaklingar og hópar áfram sent inn mál til fagráða borgarinnar án þess að taka þátt í Betri Reykjavík.

Á vefnum getur fólk sett inn hugmyndir, tekið þátt í rökræðum og umræðum og lýst yfir stuðningi eða andstöðu við hugmyndir sem það sjálft eða aðrir setja inn. Kerfið stuðlar að málefnalegri umræðu sem skilgreinir sig sjálf í kringum ákveðin mál og málaflokka. Slóðin á vefinn er http://betrireykjavik.is/

Betri Reykjavík er rekin af Sjálfseignarstofnuninni Íbúar, hennar markmið er að vinna að betra lýðræði. Stofnunin er ekki rekin í hagnaðarskyni. Íbúar unnu á dögunum Alþjóðlegu raflýðræðisverðlaunin 2011 (The World eDemocracy Award), bæði fyrir vel hannað lýðræðiskerfi og fyrir mikla þátttöku á Betri Reykjavík í kringum kosningarnar 2010. Grunnþættir lýðræðis eru þátttaka, samræða, ákvörðun og framkvæmd. Í þessari röð. Stærsta vandamálið sem sækir að lýðræði á Vesturlöndum í dag er skortur á þátttöku. Við erum að bæta lýðræðið með því að auka þátttökuna og með því bæta rökræðuna.

Betri Reykjavík og Íbúar SES leggja sérstaka áherslu á persónuvernd þegar kemur að skoðunum fólks. Okkur finnst það vera sjálfsögð mannréttindi að geta tekið þátt í stjórnmálaumræðum án þess að koma fram undir réttu nafni og mjög auðvelt er að nota Betri Reykjavík undir dulnefni. Einnig skuldbinda Íbúar sig til að láta aldrei persónuupplýsingar í hendur þriðja aðila og til að fara að lögum um persónuvernd.

Á Facebook og vefjum sem nota þeirra athugasemdakerfi fer fram mikil pólitísk umræða, bæði í frjálsum texta, stuðningi við hópa og málefni og einnig í skoðanakönnunum. Fyrir stuttu byrjaði Facebook að loka á aðgang fólks sem það telur vera undir dulnefni eða með rangan aldur skráðan.

Upplýsingar um notendur eru nefnilega stærsta eign Facebook og því nákvæmari, því verðmætari.

Við bjóðum samfélagsmiðil með alvöru rökræðum um forgangsraðaðar hugmyndir sem gefur möguleika á að hafa áhrif á stjórnun borgarinnar. Það skiptir miklu máli á svona vef að notandinn hafi raunverulega möguleika á að hafa áhrif, ef slíkt er ekki fyrir hendi þá taka fáir þátt. Uppbyggingin á Betri Reykjavík hvetur til þátttöku og raðar einnig hugmyndum og rökum í gæðaröð.

Betri Reykjavík hefur þegar bætt lýðræði í borginni en forsenda þess að sú þróun haldi áfram er þátttaka almennings á vefnum. Lýðræði án þátttöku er ekkert lýðræði.

# „Segðu frá“

Kynbundið ofbeldi

Sigrún Sigurðardóttir
doktorsnemi í lýðheilsuvísindum

Heilsufar okkar og heilsufarsleg vandamál geta sagt mikla sögu, sögu um það sem við höfum upplifað á lífsleiðinni og það sem markað hefur spor í tilfinningar okkar og heilsufar. Rekja má marga sjúkdóma og heilsufarsleg vandamál til fyrri sálrænna áfalla eða erfiðleika í lífinu, áfalla eins og ofbeldis. Þessi saga okkar getur verið sérstaklega mikilvæg ef erfið lífsreynsla er bæld niður í mörg ár, jafnvel margra áratugi, ekki sagt frá og ekki unnið úr þeim tilfinningum sem geymdar eru innra. Þá tekur líkaminn að sér að „segja frá“ með því að þróa alls konar einkenni út frá sársaukafullu reynslunni og bældu minningunum.

**„Líkaminn kvartar“**

Til að skilja betur hvað gerist í líkamanum þegar erfiðleikar og áföll eins og ofbeldi dynja yfir getum við hugsað okkur barn sem verður fyrir alvarlegu sálrænu áfalli eins og kynferðislegu ofbeldi, einelti, býr við heimilisofbeldi eða óreglu. Barnið getur ekki rætt um þetta við neinn, treystir engum, byrgir því inni mikinn ótta, vanmáttarkennd, skömm, sjálfsásökun og reiði.

Þar með er vandamála snjóboltinn byrjaður að rúlla og ef ekki er gripið inn í stækkar hann bara. Barnið hættir að geta sofið um nætur út af áhyggjum og til að vera á varðbergi gagnvart ofbeldinu, og kvíðir því að takast á við nýjan dag.

Við vitum hvað gerist ef við fáum ekki svefninn okkar, við verðum úrvinda, líkaminn verður stöðugt á varðbergi, í viðbragðsstöðu, stífnar upp og nær ekki að hvílast. Ef allir vöðvar eru í stöðugri spennu og ná ekki að hvílast fáum við vöðvabólgu og útbreidda verki. Oft fylgir einnig kvíði, depurð og jafnvel þunglyndi. Viðbragðskerfi líkamans nær ekki að slaka á og líkaminn þolir ekki slíkt til langs tíma, hann fer að „kvarta“.

Álagið til langs tíma fer að hafa áhrif á hjarta- og æðakerfi, meltingarfæri, stoðkerfi, hormónastarfsemi sem hefur síðan áhrif á öll önnur kerfi líkamans. Ofbeldi getur valdið mikilli streitu til langs tíma og nú er það vitað að streita veikir ónæmiskerfið og gerir okkur berskjölduð fyrir alls kyns sjúkdómum. Oft koma afleiðingar og einkenni ekki fram fyrr en mörgum árum eða áratugum seinna og fólk er jafnvel með einkenni áfallastreituröskunar án þess að fá viðeigandi meðhöndlun við slíku.

Einstaklingar með slíka sögu eru oft með mjög brotna sjálfsmynd sem hefur áhrif á allt líf þeirra ef þeir fá ekki aðstoð. Barn sem verður til dæmis fyrir miklu einelti hlýtur oft af því brotna sjálfsmynd og einangrun sem gerir það auðsæranlegt og berskjaldað gagnvart endurteknum áföllum eins og t.d. kynferðislegu ofbeldi, því barn sem er með brotna sjálfsmynd, á enga vini og hefur engan til að tala við er mjög ákjósanlegt fórnarlamb barnaníðinga. Við erum ein heild, líkami, hugur, tilfinningar og sál. Það sem brýtur niður sálina brýtur líka niður líkamann og öfugt, við verðum því að líta á okkur heildrænt.

**„Berum ábyrgð“**

Við megum því ekki líta undan og láta eins og okkur komi ofbeldi ekki við því okkur kemur það við. Einstaklingar sem fá ekki tækifæri til að segja frá vegna þess að enginn er til að hlusta, geta haft áhrif á allt samfélagið með heilsufarsvandamálum, hegðunarvandamálum, áfengisneyslu, fíkniefnaneyslu, afbrotum, sjálfskaðandi hegðun og það sem er alvarlegast að lokum, með sjálfsvígum. Slíkir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að tengjast börnum sínum og maka sem getur leitt af sér fleiri brotna einstaklinga og þannig heldur það áfram. Hvernig getum við litið undan? Við verðum að opna augu okkar, við verðum að brjóta upp keðjuna því annars heldur þetta áfram, kynslóð fram af kynslóð og þetta er ekki einkamál þolandans, við berum öll ábyrgð með afneitun og þögn.

Ég verð líka oft alveg rosaleg þreytt á allri umræðunni í þjóðfélaginu um ofbeldi, klingjandi í fjölmiðlum daginn út og daginn inn, fréttir um ofbeldi hér og þar, annað væri óeðlilegt, auðvitað verður fólk þreytt á þessu. En þó svo að við fáum stundum nóg verðum við að gæta að því hvernig við bregðumst við umræðunni. Ef við sitjum heima í stofu og fussum og sveium yfir endalausum fréttum af ofbeldi og börnin okkar sitja fyrir framan okkur og hlusta á okkur, eru mjög litlar líkur á að þau komi til með að leita til okkar ef þau verða fyrir ofbeldi. Þau hafa þá fengið þau skilaboð frá okkur að við séum komin með nóg af allri þessari umræðu um ofbeldi.

Það er nógu erfitt fyrir barn að þurfa að burðast með þær erfiðu tilfinningar sem fylgja því að verða fyrir ofbeldi, þau vilja ekki líka láta okkur líða illa ef við bregðumst þannig við umræðunni. Það minnkar ekki afleiðingar ofbeldisins að þegja það í hel, einstaklingurinn sem fyrir því verður situr samt sem áður uppi með skaðann. Hjálpum þeim sem eru fastir í þögulli þjáningunni. Bæling og afneitun gerir illt verra. SEGÐU FRÁ!


# Sendum gleði

## Það er hugurinn sem skiptir máli.

JÓLIN Á hverju ári flytjum við jólagjafir á milli ættingja og vina frá öllum landshornum og dreifikerfi Póstsins iðar af lífi þegar gjafirnar fara að láta sjá sig á pósthúsum landsins. Pósturinn kemur þeim heim að dyrum viðtakanda, sem er einmitt einu skrefi frá jólatrénu.

Það skiptir engu málið hvað gjöfin er stór, Pósturinn kemur henni til skila. Það stoppar þig því ekkert ef þú vilt gefa afa þínum á Drangsnesi þvottavél og ömmu þinni flatskjá.



## Bæði fyrir iPhone og Android

# Sniðugt app [...] Póstinum

Pósturinn hefur látið smíða fyrir sig fyrsta póst-appið á Íslandi. Í þessu [...]tadrjúga símaforriti er hægt að [...]st með sendingum, finna [...]s og póstkassa á korti og [...] jólin. [...] nefna að notendur fá upplýsingar um pósthús og póstkassa út frá eigin staðsetnigu á korti.

Póst-appið er í stöðugri þróun og það má fastlega búast við því að á næstu mánuðum muni bætast við fleiri gagnlegir notkunarmöguleikar. Af nógu er að taka í fjölbreyttri þjónustu Póstsins.

Póst-appið er fáanlegt bæði fyrir iPhone og Android síma.

www.postur.is




# SMS[...] frí[...]erki

SNIÐUGT H[...] hefði getað ímyndað s[...]tugu árum að það yrði [...] kaupa frímerki með síma og penna? Pósturinn hefur innleitt enn eina tækninýjungina í póstsamskiptum landsmanna, sms-frímerki. Það er því hægt að nálgast frímerki allan sólarhringinn, allan ársins hring óháð opnunartíma Póstsins og [...] sem selja frímerki um land allt.

Sms-frímerki er númer sem sendandi skrifar skýrt og greinilega efst í hægra horn sendingar, þar sem frímerkin eru venjulega sett. Hægt er fá sent sms-frímerki sem gildir fyrir allt að fimmtíu sendingar. Kostnaðurinn gjaldfærist á símreikning sendanda.




**Það þarf ekki mikið til að vekja góðar minningar um jólin. Einhver smáhlutur, mynd frá síðasta sumri, sokkapar eða falleg bók. Það er hugurinn sem skiptir máli.**

**Sendu hug þinn með Póstinum – heim að dyrum.**

PÓSTURINN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 11-2390




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. desember 2011 | 19. tölublað | 7. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is




# Eykt missir Höfðatorg

- Höfðatorg ehf. skuldar 23,1 milljarð króna
- Félagið komið í formlegt nauðasamningaferli
- Íslandsbanki er langstærsti kröfuhafinn



## Líf og fjör í almannatengslum

Almannatengslafyrirtæki hafa staðið niðursveifluna nokkuð vel af sér þótt hagnaður hafi dregist talsvert saman í greininni. Þannig hefur starfsmönnum ekki fækkað og segir Andrés Jónsson, formaður Almannatengslafélags Íslands, að næg verkefni sé að hafa. Samanlögð velta fyrirtækja í almannatengslum er á bilinu 550 til 700 milljónir að mati Andrésar.

Hátt í tuttugu fyrirtæki sérhæfa sig í almannatengslum á Íslandi. Í Almannatengslafélaginu eru um 80 meðlimir en að sögn Andrésar eru sérhæfðir almannatengslaráðgjafar um 35.

Þá segir Andrés að mikil tækifæri séu í greininni fyrir ungt fólk, þar sem lítið hafi verið um endurnýjun síðustu ár.

SÍÐA 4

## Stjórnendur földu áralangt tap

Helstu stjórnendur japanska rafvörurisans Olympus, sem meðal annars framleiðir myndavélar og sjónauka, reyndu markvisst í áraraðir að fela tap af fjárfestingum og rekstri. Þetta er niðurstaða skýrslu óháðrar rannsóknarnefndar sem var skipuð af stjórn Olympus eftir að upp komst í október að sitthvað væri athugavert í bókhaldi þess.

Michael Woodford, fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins, sagðist á sínum tíma hafa verið bolað úr embætti eftir að hafa fett fingur út í einkennilegar færslur. Í ljós kom að fyrirtækið hafði falið tap að upphæð 1,7 milljarðar Bandaríkjadala, sem jafngildir um 200 milljörðum króna.

Í skýrslunni er einnig mælt með því að þeir sem báru ábyrgð á yfirhylmingunni verði sóttir til saka og þeim sem vissu af málinu án þess að gera nokkuð verði sagt upp störfum. Það jákvæða í skýrslunni er að ekkert þykir benda til þess að skipulögð glæpasamtök hafi átt hlut að málinu. Loks er mælt með því að öllum stjórnarmönnum verði skipt út.

Hlutabréf í Olympus hafa fallið mikið síðan málið kom upp á yfirborðið, en eftir að skýrslan kom út ákvað kauphöllin í Tókýó að stöðva viðskipti með bréf í fyrirtækinu. Enn standa yfir rannsóknir á vegum japönsku lögreglunnar, saksóknara, fjármálaeftirlits og efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar. - ÞJ



DataMarket

## Gistinætur á hótelum eftir ríkisfangi, landsvæði og mánuði 1997-2011




## Gistinætur á hótelum og komur ferðamanna um Leifstöð

Fjöldi gistinátta á hótelum er breytilegur eftir árstíma, lægstur í janúar hvert ár en hæstur yfir sumartímann eða í júlí. Fjöldi gistinátta í janúar þegar fjöldinn er lægstur, hefur aukist úr 28.336 árið 2000 í 53.597 gistinætur árið 2011 sem er 90% aukning. Fjöldi gistinátta í júlí hefur á þessum sama tíma aukist úr 115.920 í 228.185 gistinætur sem er 96% aukning á 11 árum.

Að sama skapi hefur komum ferðamanna um Leifsstöð fjölgað á öllu tímabilinu þó dregið hafi úr aukningu ferðamanna eftir 2008. Minnst umferð um Leifstöð er í janúarmánuði ár hvert en mest umferð í júlí. Frá árinu 2000 hafa komur ferðamanna í janúarmánuði aukist úr 17.766 ferðamönnum í 35.795 ferðamenn í janúar 2011 sem er 100% aukning. Aukningin í júlímánuði yfir sama tímabil (2000-2011) er 63% til samanburðar.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS SKOÐA NÁNAR: http://data.is/sSICS7 & http://data.is/v82MQs

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 7. DESEMBER**
- **Vaxtaákvörðunardagur** Seðlabanka Íslands
- **Landsframleiðslan** á 3. ársfj. 2011
- **Fasteignamarkaðurinn** í mánuðinum eftir landshl.
- **Viltu verða stjórnarmaður?** Fundur hjá KPMG
- **Kjarakönnun FVH** - hádegisverðarfundur

**FIMMTUDAGUR 8. DESEMBER**
- **Fjármál hins opinbera** á 3. ársfj. 2011
- **Vöruskipti við útlönd**
- **Hagvísar** í desember 2011
- **Erlend staða SÍ og bein fjárfesting** – hagtölur SÍ
- **Hagar á markað** – almennu útboði lýkur

**FÖSTUDAGUR 9. DESEMBER**
- **Vísitala launa** á 3. ársfj. 2011
- **Gæði í starfsmenntun og framhaldsfræðslu**

**MÁNUDAGUR 12. DESEMBER**
- **Gjaldeyrisforði og tengdir liðir**

**ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER**
- **Útboð verðbréfa** - hagvísir SÍ
- **Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* Vísir

# Höfðatorg komið í fang lánardrottna

**Höfðatorg ehf. skuldaði 23 milljarða króna í lok árs 2010. Lánardrottnar taka yfir félagið í kjölfar nauðasamninga. Íslandsbanki er langstærstur þeirra.**

FASTEIGNIR
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Höfðatorg ehf., sem á Höfðatorgsbygginguna og óbyggðar lóðir í kringum hana, er komið í formlegt nauðasamningaferli. Félagið skuldaði 23 milljarða króna um síðustu áramót. Lánardrottnar munu greiða atkvæði um nauðasamningsfrumvarp Höfðatorgs þann 22. desember næstkomandi. Íslandsbanki er langstærstur þeirra. Höfðatorg var áður í eigu félags Péturs Guðmundssonar, eiganda Eyktar-samstæðunnar.

Í ársreikningi Höfðatorgs ehf. fyrir árið 2010, sem skilað var inn til ársreikningaskrár 28. nóvember síðastliðinn, kemur fram að stjórnendur Höfðatorgs hafi unnið að endurskipulagningu félagsins frá árslokum 2008 í samráði við viðskiptabanka sinn, Íslandsbanka. Þann 24. júní síðastliðinn var síðan „undirritaður samningur milli aðila þar sem lánardrottnar félagsins taka félagið yfir og breyta hluta af skuldum félagsins í eigið fé. Í samningnum var fyrirvari um áreiðanleikakönnun varðandi eignar- og afnotaheimildir, gildi og efni samninga, stöðu lóðaog skipulagsmála og annað það sem skiptir máli varðandi starfsemi félagsins“.



**HÖFÐATORG** Eigið fé félagsins var neikvætt um 10,6 milljarða króna í fyrra. Viðræður við lánardrottna hafa staðið yfir frá lokum árs 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur Guðmundsson segir það vera hluta af ofangreindu samkomulagi að Höfðatorg var sett í formlegt nauðasamningsferli. Það var gert 10. nóvember síðastliðinn og við það missti Pétur yfirráð yfir félaginu. Hann segist sjá eftir Höfðatorgi, enda hafi það verið mjög metnaðarfullt verkefni. „Þetta endaði svona. Það var mat kröfuhafa að svona væri þessu best fyrirkomið. Það hefur þá bara sinn gang.“

Höfðatorg tapaði 226 milljónum króna í fyrra þrátt fyrir að leigutökum í byggingunni hafi fjölgað mikið á milli ára. Eigið fé félagsins var neikvætt um 10,6 milljarða króna.

Höfðatorg var hluti af samstæðu félaga sem kennd er við verktakafyrirtækið Eykt. Móðurfélag samstæðunnar, Holtasel ehf., hefur ekki skilað ársreikningum fyrir árin 2009 og 2010. Fréttablaðið greindi frá því í lok október að samstæðan skuldaði rúmlega 44 milljarða króna og var með neikvætt eigið fé upp á tæpa 22 milljarða króna samkvæmt síðustu birtu ársreikningum hennar. Eina félagið sem var með jákvætt eigið fé var Eykt ehf. sem átti 303 milljónir króna umfram eignir í lok síðasta árs. Félagið eignfærði hins vegar kröfu á Höfðatorg ehf. upp á 509 milljónir króna. Þurfi Eykt að afskrifa þá kröfu verður eigið fé félagsins neikvætt um 206 milljónir króna.

Íslandsbanki, viðskiptabanki Eyktar-samstæðunnar, vildi ekki tjá sig um hvar endurskipulagning hennar stæði né hvað í henni fælist. Pétur segir að verið sé að vinna í málum sem ekki er búið að ljúka. „Það er ekkert búið fyrr en það er búið.“

## HORNSTEINN LAGÐUR Í NÓVEMBER

**Fyrsti áfangi Höfðatorgs** var tekinn í notkun í byrjun árs 2008. Sú bygging hýsir að langmestu leyti ýmsa starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar, sem leigt hefur húsnæðið af Höfðatorgi ehf. Annar áfanginn var svo nítján hæða, um 20 þúsund fermetra turn við Höfðatorg 2 sem var opnaður í ágúst 2009. Um 70% turnsins eru sem stendur í útleigu en fjórar heilar hæðir standa enn tómar. Til viðbótar stóð til að byggja allt að sextán hæða hótel með um 300 herbergjum við Höfðatorg. Af því hefur þó ekki orðið.

Pétur Guðmundsson, eigandi Eyktar, og eiginkona hans lögðu hornstein að byggingunni á 25 ára afmæli Eyktar 17. nóvember síðastliðinn, eða viku eftir að formlegt nauðasamningaferli Höfðatorgs hófst.







Almennt hlutafjárútboð

# Áskriftartímabili lýkur á morgun kl. 16.00

**Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka hf., hyggst selja þegar útgefna hluti í Högum hf. með almennu útboði.**

Markmiðið er að útboðið geri Högum hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár og marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Högum, en þá er bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu, og jafnframt er markmið seljandans að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.

hagar

**Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hefur umsjón með almenna útboðinu.**

Stærð útboðsins nemur 20% af útgefnum hlutum, eða 243.517.168 hlutum, en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 30% af útgefnum hlutum eða samtals í allt að 365.275.752 hluti. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 11–13,5 krónur á hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi til allra kaupenda í útboðinu, en það mun verða á framangreindu verðbili. Andvirði útboðsins getur þannig numið á bilinu 2,7–4,9 milljörðum króna.

**Þeir sem vilja fjárfesta fyrir 100 þúsund krónur til 25 milljónir króna** eru beðnir að skila áskrift sinni rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

**Þeir sem vilja fjárfesta fyrir 25-500 milljónir króna** eru beðnir að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf eða hlutabréfamiðlun fjárfestingabankasviðs Arion og skila áskrift sinni á sérstöku formi sem nálgast má hjá þessum söluaðilum.

Útboðið er til aðila (einstaklinga og lögaðila) með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir. Það þýðir m.a. að einstaklingum undir 18 ára aldri er ekki heimiluð þátttaka í útboðinu.

**Úthlutun:** Komi til þess að eftirspurn í útboðinu verði meiri en sem nemur stærð útboðsins, þá verða annarsvegar áskriftir að andvirði 0,5–25 milljónum króna skertar um allt að 50%, en lægstu áskriftir látnar halda sér, og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark netáskrifta lækkað frekar með flötum niðurskurði og hinsvegar verða áskriftir yfir 25 milljónum króna skertar samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda sem taka mun mið af framangreindum markmiðum útboðsins.

**Áskriftartímabil** stendur frá mánudeginum 5. desember 2011 klukkan 10.00 til fimmtudagsins 8. desember 2011 klukkan 16.00.

Eindagi kaupverðs: 14. desember 2011

Stefnt er að því að 15. desember 2011 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti Haga hf. í Kauphöllinni.

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi.**

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Haga og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu Haga dagsettri 26. nóvember 2011 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti í lýsingunni.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á www.hagar.is og www.arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum Haga að Hagasmára 1 í Kópavogi og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki



**DÖKKAR HORFUR** Dilmu Rousseff, forseta Brasilíu, bíður erfitt verkefni að kynda aftur undir efnahagsvexti landsins. Hagvöxtur hefur stöðvast, meðal annars vegna vanda evrusvæðisins, en verðbólga setur stjórnvöldum þröngar skorður. NORDICPHOTOS/AFP

Evruvandinn smitast til Suður-Ameríku:

# Hagvöxtur Brasilíu snarstöðvaðist

Enginn hagvöxtur var í Brasilíu á þriðja fjórðungi ársins, en það er meðal annars rakið til óvissu og skuldavanda evrusvæðisins.

Brasilía hefur ásamt öðrum nýmarkaðsríkjum vaxið nokkuð stöðugt í efnahagsfárviðri síðustu missera. Hagvöxtur á síðasta ári var 7,5%, en samdráttur í ríkisútgjöldum, vegna viðvarandi verðbólgu, ásamt minnkandi eftirspurn frá Evrópulöndum hefur slegið á vöxtinn.

Samkvæmt uppfærðum tölum var vöxtur einungis 0,8% á fyrsta ársfjórðungi og 0,7% á öðrum fjórðungi.

Dilma Rousseff forseti hefur þurft að draga úr ríkisútgjöldum sem nemur um 3.500 milljörðum króna til að bregðast við verðbólgu, sem hefur verið ofan við 6,5% viðmið stjórnvalda.

Það hamlar stjórnvöldum í öllum örvunaraðgerðum fyrir hagkerfið.

Mauricio Rosal, aðalhagfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Raymond James & Associates, segir í samtali við Financial Times að útlitið sé ekki gott.

„Þessi viðsnúningur í vexti veldur miklum áhyggjum, og það versta er að það er ekkert sem hægt er að gera í málinu. Við reiðum okkur á að lausn finnist á vandræðum Evrópu.“ - þj

Ársreikningur Geysis Green Energy fyrir 2010:

# Tapaði 5,5 milljörðum

Geysir Green Energy (GGE) tapaði 5,5 milljörðum króna í fyrra og eigið fé félagsins er neikvætt um 13,8 milljarða króna. Eignir samstæðunnar eru metnar á 13,2 milljarða króna en voru 67,5 milljarða króna virði í lok árs 2009. Heildarskuldir GGE lækkuðu að sama skapi mikið á síðasta ári, úr 69,3 milljörðum króna í 27 milljarða króna. Í ársreikningnum kemur fram að vegna mikilla skulda GGE sé framtíð þess óviss og í höndum lánardrottna félagsins.

GGE seldi Magma Energy öll hlutabréf sín í HS Orku í maí 2010 fyrir um 16 milljarða króna. Söluandvirðið fór í að greiða niður skuldir. Stærstu eigendur GGE í dag eru Íslandssjóðir, í eigu Íslandsbanka, með 40,18% hlut og félag í eigu Atorku með 41,34% eignarhlut. Atorka er meðal annars í eigu Íslandsbanka, Arion banka, skilanefndar Landsbankans, Glitnis og Spron og lífeyrissjóða í Bankastræti.

Engar skýringar eru með samstæðureikningi GGE. Þegar Fréttablaðið leitaði upplýsinga um þær fengust þau svör hjá Alexander Guðmundssyni, forstjóra félagsins, að GGE birti ekki opinberlega skýringar með reikningum. Einungis hluthafar fengju þessa reikninga í heild sinni. - þsj

Seðlabanki Íslands:

# Finnur fyrir áhuga á fjárfestingarleið

Fjárfestar hafa þegar sýnt áhuga á því að fjárfesta hér á landi í gegnum svokallaða fjárfestingarleið Seðlabankans sem kynnt var nýverið.



FREYR HERMANNSSON

„Við erum hóflega bjartsýnir og ég held að það sé ljóst að það verður þátttaka en við höfum svo sem engar væntingar um magn eða tímasetningar. Það er eitthvað sem fjárfestar verða að ákveða,“ segir Freyr Hermannsson, forstöðumaður erlendra viðskipta hjá Seðlabanka Íslands.

Fjárfestingarleiðin er skref í áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta. Hún felur í sér að bankinn mun standa fyrir gjaldeyrisútboðum þar sem hann kaupir erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir krónur til innlendrar fjárfestingar. Þannig gefst eigendum aflandskróna tækifæri til að nota þær til fjárfestinga hér.

„Markmið okkar er að auðvelda fjárfestingu til langs tíma á Íslandi, enn frekar en verið hefur. Það verður gert með því að gefa fjárfestum tækifæri til að selja hluta af þeim gjaldeyri sem þeir ætla að fjárfesta á Íslandi á hagstæðu gengi. Það er gert til þess að vinna að hinu markmiðinu, sem er að leysa út þá aflandskrónueigendur sem vilja komast út. Þetta auðveldar þeim sem það vilja að komast út og í skiptum fáum við aðila inn sem eru tilbúnir að vinna með okkur að vaxa út úr vandanum,“ segir Freyr. - mþl

# Nóg að gera í almannatengslum

**Almannatengslafyrirtæki hafa staðið kreppuna nokkuð vel af sér. Þótt hagnaður hafi dregist saman í greininni hefur starfsmönnum ekki fækkað. Formaður Almannatengslafélagsins segir næg verkefni að hafa, en félagar eru um 80.**

**FRÉTTASKÝRING**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Almannatenglar hvers konar hafa orðið sífellt meira áberandi í fjölmiðlum síðustu ár. Margir starfa sem upplýsingafulltrúar eða ráðgjafar innan fyrirtækja og stofnana en einnig hafa sprottið upp fyrirtæki sem sérhæfa sig í almannatengslaráðgjöf. Flest eru fyrirtækin lítil, sum hver með einungis einn starfsmann, en þau stærstu hafa um tug starfsmanna.

Að sögn Andrésar Jónssonar, formanns Almannatengslafélags Íslands og hjá Góðum samskiptum, eru félagar í félaginu um 80 þótt ekki séu allir virkir. Þar af eru um 35 sérhæfðir almannatengslaráðgjafar. Fyrirtæki sem starfa við almannatengsl eru hátt í tuttugu talsins og telur Andrés að samanlögð velta þessara fyrirtækja sé á bilinu 550 til 700 milljónir króna á ári.



ANDRÉS JÓNSSON

Meðal verkefna sem almannatengslafyrirtæki taka að sér eru samskipti við fjölmiðla og fjárfesta, ráðgjöf við stefnumótun og ímyndarhönnun, viðburðastjórnun, krísustjórnun og hönnun ýmiss konar útgáfu. Þá bjóða sum fyrirtækin upp á námskeið og þjálfun fyrir starfsmenn viðskiptavina sinna. Andrés segist oft vera spurður að því hvað almannatenglar eiginlega geri og leggur áherslu á að almannatenglar tryggi fagmennsku í hvers konar samskiptum stofnana eða fyrirtækja við fjölmiðla og almenning. „Það er auðvitað ekki öllum gefið að vera góður í samskiptum við fjölmiðla og almenning. Það þekkja ekki allir hvernig fjölmiðlar starfa og hvernig samskiptum við þá er háttað. En oft veit fólk alveg hvað það á að gera en vill bara vera fullvisst um að það sé að bregðast rétt við og hefur þá samband,“ segir Andrés og bætir því við að oft sé þetta spurning um almenna skynsemi.

Meðal þekktra fyrirtækja sem starfa við almannatengsl má nefna KOM almannatengsl, í eigu hjónanna Jóns Hákons Magnússonar og Áslaugar Harðardóttur, sem var stofnað árið 1986. Önnur þekkt fyrirtæki eru Athygli, þar sem alls 10 starfsmenn starfa, GSP samskipti, fyrirtæki Gunnars Steins Pálssonar, Góð samskipti, fyrirtæki Andrésar, og Netspor í eigu Sævars Kristinssonar og Kristjáns M. Ólafssonar. Þar eru meðal starfsmanna þeir Friðjón R. Friðjónsson, formaður knattspyrnudeildar Vals og fyrrum aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, og Ingvar Sverrisson, sem var aðstoðarmaður Kristjáns L. Möller þegar Kristján var samgönguráðherra.

Andrés segist ekki upplifa mikla samkeppni milli fyrirtækja í greininni. „Menn rekast ekki mikið á horn hvers annars í þessum bransa. Þetta er eitt af því sem kannski kemur fólki á óvart. Ég held að þetta sé eins og oft er með ráðgjafa að fyrirtæki sannfæra sig um að þau séu með besta ráðgjafann og leita ávallt til sama aðilans. Það er í það minnsta lítið um útboð og slíkt,“ segir Andrés og bætir því við að viðskiptasambönd myndist oft í gegnum tengsl á milli manna.

Þá segir Andrés að fyrirtækin hafi haft nóg fyrir stafni síðustu ár. „Fæst fyrirtæki hafa mikið verið að falast eftir viðskiptavinum að fyrra bragði síðustu ár, sennilega þar sem eftirspurnin hefur verið töluverð. Eftir hrun varð ekki almennur samdráttur í greininni. Einhver örfá fyrirtæki minnkuðu starfshlutfall hjá starfsmönnum tímabundið eftir að stórir kúnnar fóru á hausinn en ég held að það sé allt komið á fullt aftur,“ segir Andrés.

Loks bendir Andrés á að lítil endurnýjun hafi orðið í stéttinni síðustu ár og telur mikil tækifæri vera til staðar fyrir ungt fólk til að hasla sér völl. Hann segir gamlar kempur vera áberandi í stéttinni og jafnframt mikið af gömlu fjölmiðlafólki.

Markaðurinn skoðaði ársreikninga fjórtán fyrirtækja sem starfa við almannatengsl á árabilinu 2007 til 2010. Kemur í ljós að hagnaður fyrirtækjanna hefur dregist talsvert saman frá 2007. Meðalhagnaður þeirra tólf fyrirtækja sem þá voru í rekstri var 6,8 milljónir króna. Best gekk KOM almannatengslum, sem hagnaðist um rúmar 14 milljónir á árinu 2007. Önnur fyrirtæki sem gerðu það gott sama ár voru Eflir, í eigu Jóns Þorvaldssonar, sem hagnaðist um tæpar 14 milljónir, og AP almannatengsl, í eigu Áslaugar Pálsdóttur, sem hagnaðist um tæpar 13 milljónir.

Á síðasta ári var rekstur almannatengslafyrirtækja öllu erfiðari. Meðalhagnaður þeirra níu fyrirtækja sem skilað hafa ársreikningi fyrir síðasta ár var 1,4 milljónir króna. Á árinu 2009 var meðalhagnaður þeirra fjórtán fyrirtækja sem Markaðurinn skoðaði rétt tæpar 1,7 milljónir en á árinu 2008 var meðaltap almannatengslafyrirtækjanna 52 þúsund krónur. Þó er ljóst að enn eru til staðar tækifæri til að gera það gott í greininni, en sem dæmi má nefna að Nótus ehf. (áður GSP), fyrirtæki Gunnars Steins Pálssonar, hagnaðist um rúmar 16 milljónir á árinu 2009. Þá hagnaðist Cohn & Wolfe Iceland, sem Guðjón Pálsson rekur, um tæpar 8,3 milljónir á síðasta ári.



**ALMANNATENGSL** Að mati formanns Almannatengslafélagsins er samanlögð velta fyrirtækja sem starfa við almannatengsl á bilinu 550 til 700 milljónir króna. Hann telur mikil tækifæri vera í greininni fyrir ungt fólk, þar sem lítil endurnýjun hafi orðið í stéttinni síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HAGNAÐARTÖLUR ALMANNATENGSLAFYRIRTÆKJA

| Fyrirtæki | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| KOM almannatengsl | 14.266 | 16.941 | -84 | 678 |
| Nótus ehf. (áður GSP) | -286 | -16.805 | 16.235 | - |
| Athygli | 10.342 | -2.740 | 4.577 | 653 |
| Góð samskipti | óstofnað | 165 | -4.868 | - |
| Íslensk almannatengsl | óstofnað | óstofnað | 92 | -818 |
| Samráð | -192 | engin starfsemi | -79 | -929 |
| AP almannatengsl | 12.861 | -16.145 | -2.839 | - |
| Mbk almannatengsl | 6.522 | -3.546 | 1.246 | -1.142 |
| Bæjarútgerðin | 4.329 | 453 | 147 | - |
| Cohn & Wolfe Iceland | 6.699 | 2.214 | 436 | 8.279 |
| Franca almannatengsl | 1.530 | -1.785 | -3.161 | 2.734 |
| Proforma | 61 | -359 | -386 | 1.350 |
| Netspor | 11.802 | 6.410 | 4.180 | 1.791 |
| Eflir | 13.887 | 15.027 | 7.896 | - |
| **Samtals** | **81.121** | **-620** | **23.392** | **12.596** |
| Per fyrirtæki | 6.818 | -52 | 1.671 | 1.400 |

* TÖLUR Í ÍSLENSKUM KRÓNUM



**Sinfóníuhljómsveit Íslands** stendur fyrir jólatónleikum í Hörpunni föstudaginn 16. desember. Framhaldsnemendur úr Listdansskóla Íslands sýna dansa úr Hnotubrjótnum, Kristjana Stefánsdóttir syngur einsöng og trúðurinn Barbara sér til þess að börn og foreldrar skemmti sér. Sjá www.sinfonia.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eirberg

*Gefðu góða gjöf*

**Háls- og herðanudd – fjölnota**

Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu. Hentar einnig á bak, mjaðmir og læri. Margskonar stillimöguleikar.

**16.980 kr.**

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

friendtex

**ÚTSALA**

**ALLT AÐ 40 %**
**Á NÝJA VETRARLISTANUM**

**SOO.DK**
**BARNAFÖTIN SELD MEÐ 20 % AFSL. TIL JÓLA**

SOO YOUNG
SOO COOL

**Opnunartími:**
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardag 11.00-16.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

**Stefán Snær Stefánsson vann til verðlauna í keppni sem ætlað er að efla ábyrgð ungmenna í umferðinni.**



# Alltaf á varðbergi sjálfur

Ég sendi inn mynd og lítið ljóð um ölvunarakstur," segir Stefán Snær Stefánsson, nemandi í Fjölbrautaskóla Garðabæjar, sem hreppti nýlega verðlaun fyrir bestu myndina í samkeppni sem Umferðarráð efndi til meðal framhaldsskólanema, í samstarfi við Nýherja, Ölgerðina og Epli.is. Keppt var í nokkrum greinum á Facebook-síðunni Vertu til! sem ætlað er að efla ábyrgð nemenda í umferðinni og þekkingu þeirra á eigin takmörkunum.

FRAMHALD | 2

**ÞAÐ ER EKKERT LEYNDÓ...**
**...HVAÐ ER Í MATNUM OKKAR**







| | Kcal | prótein | fita | kolvetni |
|---|---|---|---|---|
| Fitness burrito | 395 | 22.4 | 12.7 | 47.1 |
| Quesadillas m.kjúkl og öllu | 513 | 39.1 | 23.3 | 44.8 |
| Quesadilla Special | 612 | 39.4 | 30.1 | 46.4 |
| Tostada BBQ | 677 | 38.3 | 23.4 | 73.5 |
| Tostada Rucola | 632 | 24.1 | 22.7 | 42.2 |
| Burrito Ultimo | 620 | 33.7 | 19.2 | 76.9 |
| SantaFe m.kjúkling | 420 | 25.0 | 28.6 | 15.5 |
| SantaFe | 327 | 12.5 | 24.1 | 15.5 |
| Hot´nSweet m.kjúkling | 385 | 16.5 | 24.0 | 25.2 |
| Hot´nSweet | 292 | 4.0 | 19.5 | 25.2 |
| Tacos harðar m.nautahakki | 383 | 24.9 | 20.2 | 24.0 |

Culiacan MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

# ; JÓLIN KOMA

**Jólin** eru smám saman að ná fótfestu í Kína. Að mati þarlendra félagsfræðinga er það að þakka örri útbreiðslu kristni í landinu síðustu þrjá áratugi, en talið er að þar búi um 23 milljónir kristinna manna. Myndin er frá skautasvelli í Hong Kong sem var skreytt í tilefni jólanna.

























Margir eiga minningar um spilakvöld yfir hátíðarnar með fjölskyldunni og þá jafnvel spil sem ekki hafa verið spiluð í háa herrans tíð.

# Nokkur spil gamalla jóla

**Spenningur ríkir jafnan þegar ný spil koma á markað, þá sérstaklega fyrir jólin. Ýmis spil, sem margir hafa gleymt, hafa komið út í aðdraganda jóla hérlendis í gegnum tíðina.**

Húsasmíðameistarinn og trésmiðurinn Sigurlinni Pétursson (1899-1976) varð þekktur fyrir listasmíði hérlendis á síðustu öld. Árið 1936 gaf hann út nýtt spil sem kallaðist Goðaspil. Því fylgdu prentaðar reglur og var að öllu leyti verk Sigurlinna, bæði hugmyndin og útsending. Spilin báru nöfn hinna heiðnu guða. Tveimur árum síðar hélt Sigurlinni utan með spilið með sér í för og vildi markaðssetja það erlendis. Árið 1958 voru spilin svo prentuð hjá Fraenckel Bogtryk í Kaupmannahöfn en Sigurlinni kostaði útgáfu þeirra sjálfur.

Í desember árið 1958 kom á markað nýtt spil fyrir börn og unglinga sem hét Stúdentinn. Spilið var gefið út af Akri en Stefán Jónsson teiknari skreytti það með myndum, þar á meðal mynd af Menntaskólanum í Reykjavík sem og myndir frá námsferli barna og unglinga, frá barnaskóla til stúdentsprófs. Í spilinu voru 125 reitir og á fyrsta reitnum hófu leikmenn spilið í barnaskólanum.

Ári eftir að spil Sigurlinna kom út í Kaupmannahöfn var forvitnilegt spil gefið fyrir jólin 1959 sem kallaðist Kjördæmaspilið. Þar spiluðu leikmenn með þingmenn, í nafni einhvers stjórnmálaflokks. Baráttan stóð þannig um þingsæti og gat orðið æsispennandi, eins og í raunverulegum kosningum. Halldór Pétursson teiknaði myndirnar.



Sturlungaspilið svokallaða, eða Orrustan um Ísland, kom út hjá Bókaforlaginu Svart á hvítu í aðdraganda jóla árið 1989. Gunnar Þór Guðmundsson var hugmyndasmiður spilsins en í því velja leikmenn sér eina af þeim ættum sem börðust um völdin á Sturlungaöld, fengu mynd af goða ættarinnar og peð til að hreyfa á spilaborðinu. Markmiðið var að eignast sem flestar jarðir og ná þannig yfirráðum yfir Íslandi.

*juliam@frettabladid.is*

Framhald af forsíðu

Stefán hefur verið með bílpróf í tvö ár. Hann kveðst hafa áhyggjur af fjölda umferðarslysa enda hafi tólf látið lífið í þeim á þessu ári, þar af helmingurinn 17 ára og yngri – fyrir utan þá sem hafa slasast alvarlega. „Ölvunarakstur er alltof algengur. Mér finnst skelfilegt að tvö eða þrjú ungmenni hafa látist á síðustu misserum sem hægt er að rekja til hans. Svona slys snerta marga og þó ég hafi ekki þekkt þessi ungmenni persónulega þá þekki ég til nokkurra sem voru ansi nánir þeim. Því er ég alltaf á varðbergi sjálfur.“

Stefán hlaut glænýja Canon EOS myndavél í verðlaun. „Þetta er kjörgripur sem gaman var að fá svona rétt fyrir jólin,“ segir hann og lýsir verðlaunamyndinni þannig: „Ég stillti upp myndavélinni og hafði ljósopið opið í nokkrar mínútur meðan félagi minn keyrði út götuna þannig að bíllinn virðist mjög titrandi.“

*gun@frettabladid.is*









**Sigurboginn Laugavegi 80**
Magic Focus 5x snyrtispegill
með sogskálum sem festist við annan
spegil. Verð 6.500 – 9.500 kr.




**Njótum aðventunar saman**
www.ommubakstur.is



**Lífstykkjabúðin**
jólasett í jólapakkann,
á aðeins 5.200 kr






**Kiss – Kringlunni**
Hálsmen og lokkar saman á 9.890
Armband 4.990
Tilvalið í jólapakkann.

Gæði, þekking,
þjónusta.

**EFNALAUGIN**
**BJÖRG**

HÁALEITISBRAUT 58-60
SÍMI 553 1380



**SLAP ÚR**
- Úrið var valin jólagjöf ársins árið 2010 í USA af Barbara Walters.
- 25% afsláttur fram yfir helgi.
- Fæst á www.slap.is og smáratorgi fram að jólum.




**Kjötgálginn**
Verð : 12.500
Fæst á www.skogarholl.com



**Koko – Laugavegi 40**
Slá með kanínuskinni 8.990
Margir litir,
Næla : 2.990



Kr. 7.990 Kr. 8.990

**Símabær – Mjódd**
Geislaklukkur og veðurspátæki frá
Oregon Scientific

Vandaðar og fallegar jólagjafir sem
nýtast á hverjum degi



**Þú færð jólagjöfina hjá Laura Ashley**
**Faxafeni 14.**
Kökudiskur : 9.800
Bolli : 3.500
Kanna : 1.980

# Stórir samningar skila góðum tekjum

**Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri og eigandi Markó Partners, hefur veitt ráðgjöf við þrjá mjög stóra samninga á þessu ári. Nú síðast aðstoðaði hann kanadíska sjávarútvegsfyrirtækið High Liner við að kaupa hluta af starfsemi Icelandic Group á 27 milljarða króna.**

VIÐTAL
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



**MARKÓ PARTNERS** Hjá félaginu starfa þeir Jón Þrándur Stefánsson, Kjartan Ólafsson og Valdimar Halldórsson.

Markó Partners var stofnað á árinu 2008. Félagið veitir fyrirtækjaráðgjöf fyrir alþjóðleg sjávarútvegsfyrirtæki. Markó hefur verið milligönguaðili í nokkrum stórum viðskiptasamningum á þessu ári, nú síðast þegar kanadíska sjávarútvegsfyrirtækið High Liner Foods keypti starfsemi Icelandic Group í Bandaríkjunum og Asíu af Framtakssjóði Íslands (FSÍ) á 26,9 milljarða króna í síðasta mánuði. Þá veitti félagið bandaríska fjárfestingasjóðnum Paine og Partners ráðgjöf þegar hann keypti norska fiskimjöls- og lýsisfyrirtækið Scanbio í júlí og vann fyrir kanadíska félagið Cooke Aquaculture við kaup á spænska fiskeldisfélaginu Culmarex, einnig í júlí.

Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri og eigandi Markó, vill ekki segja hversu háar þóknanir ráðgjafarfyrirtæki fá fyrir að aðstoða við svona stóra samninga. „Þetta er þannig geiri að samningarnir eru stórir og geta skilað miklum tekjum. En það getur líka verið langt á milli þeirra. Og góð ráð eru dýr. Okkar vinna snýst að hluta til um að brúa bilið á milli fjárfesta og meðalstórra fyrirtækja. Við erum stoltir af því að stór sjávarútvegsfyrirtæki við Norður-Atlantshafið hafa valið okkur til samstarfs við sína viðskiptaþróun. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa ekki sérstakar einingar sem einbeita sér að viðskiptaþróun og ákvarðanataka er með öðrum hætti en til dæmis í fjármálageiranum sem er mjög drifinn áfram af tölulegum upplýsingum og mati á þýðingu þeirra. Við höfum talsverða reynslu af fjármálatengdri þjónustu við sjávarútveginn og höfum náð góðri yfirsýn og viðskiptasamböndum sem geta nýst vel fyrir þá sem eru að leita að hagræðingarmöguleikum í sínum rekstri.“

Að sögn Kjartans eru mikil tækifæri í fyrirtækjaráðgjöf í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi. „Við horfum á þrjá kjarna: Kanada, Noreg og Ísland. Það eru mikil tækifæri í Kanada og við munum áfram horfa þangað. Í Noregi eru 19 laxeldisfélög skráð í Kauphöllina í Ósló. Það eru mjög áhugaverð tækifæri í kringum þau vegna þess að það hafa orðið svo miklar breytingar á laxamarkaðinum.

Samkeppnin í Noregi er þó mjög mikil. Síðan horfum við á íslenskan sjávarútveg sem sofandi risa. Um leið og það skapast aukinn vinnufriður innan geirans verða fjölmörg tækifæri hér.“

Þrátt fyrir að hlutverk Markó í stórum viðskiptasamningum erlendis hafi verið fyrirferðamikill hluti af starfsemi félagsins á árinu þá hefur það líka unnið töluvert innanlands. „Við höfum verið að vinna fyrir íslensku bankana og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Ástæðan fyrir því að erlendu samningarnir eru sýnilegri er sú að nauðsynlegt hefur þótt að senda út fréttatilkynningar við gerð þeirra. Þar er enda um að ræða skráða aðila eða stóra fjárfestingasjóði með fjölda eigenda.“

## ER AÐ NÝTA VIÐSKIPTASAMBÖND

**Kjartan** er með meistarapróf í sjávarútvegsfræðum frá háskólanum í Tromsö. Fljótlega eftir útskrift árið 1999 hóf hann að vinna hjá hinum þá nýlega einkavædda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA), sem síðar sameinaðist Íslandsbanka og varð Glitnir. Innan FBA voru sjóðir á borð við Fiskveiðisjóð og Iðnlánasjóð sem höfðu lánað töluvert innan sjávarútvegsins.

Kjartan segir að frá upphafi hafi verið mörkuð sú stefna innan bankans að einbeita sér að vexti erlendis innan sjávarútvegs. „Það var unnið að því að kortleggja sjávarútveg í löndunum í kringum okkur, en einnig Kanada og Alaska. Við keyptum norskan banka sem var með mikið af útlánum í sjávarútvegi og byggðum upp talsvert útlánasafn innan geirans í Kanada. Við bankahrunið voru útlán Glitnis til sjávarútvegs annars staðar en á Íslandi orðin í kringum 2,5 milljarðar Bandaríkjadala. Það var verulega umfram það sem bankinn hafði lánað til sjávarútvegs hérna heima. Í þessari vinnu myndaðist mikið af viðskiptasamböndum. Eftir bankahrunið starfaði ég aðeins áfram hjá Íslandsbanka en hætti svo í apríl 2009. Smám saman fór að myndast grundvöllur fyrir það sem í dag er Markó Partners.“



arionbanki.is – 444 7000
Arion banki

# Innstæðutryggingarlögum frestað

**Til stóð að leggja fram frumvarp um nýtt innstæðutryggingarkerfi fyrir jól. Því hefur verið frestað. Ástandið á fjármálamörkuðum Evrópu er meðal þeirra ástæðna sem liggja að baki frestuninni. Yfirlýsing um allsherjartryggingu verður ekki afnumin.**

ALÞINGI

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta hefur verið frestað fram á vorþing. Í byrjun október var tilkynnt að lögleiðingu slíks kerfis ætti að ljúka á þessu ári. Ein ástæða frestunarinnar er það ástand sem nú ríkir á fjármálamörkuðum innan Evrópusambandsins (ESB). Frumvörp um ný innstæðutryggingarlög hafa þrívegis áður dagað uppi í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Í Þjóðhagsáætlun 2012, skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra um efnahagsstefnu Íslands, sem lögð var fram 4. október síðastliðinn, kom fram að stefnt yrði að lögleiðingu nýs kerfis fyrir lok þess árs. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir meðal annars nauðsynlegt að horfa til þess sem sé að gerast innan ESB varðandi uppbyggingu tryggingakerfa. Vegna ástandsins á fjármálamörkuðum þar hefur sú vinna þó tafist. Það sé að hluta til ástæðan fyrir því að framlagningu frumvarpsins hafi verið frestað. „Þegar við fórum yfir frumvarpið og athugasemdir við það sáum við að það yrði snúið að leggja frumvarpið fram á haustþinginu. Við munum væntanlega gera það í vor. Ég held að hinn lógíski lærdómur sem hægt sé að draga af undanförnum árum sé að til staðar verði innstæðutryggingakerfi innan Evrópu þvert á landamæri. Það er þó greinileg tregða við að stíga það skref. Fjármálakerfið þar er í kröppum dansi."

Síðast þegar reyndi á tryggingasjóð innstæðueigenda hérlendis, við bankahrunið, reyndist einungis vera brotabrot af þeirri upphæð sem til þurfti í sjóðnum. Vegna þessa gengust stjórnvöld í ábyrgð fyrir allar innstæður, enda gat sjóðurinn ekki greitt það sem hann átti að greiða.

Árni Páll telur, sérstaklega í ljósi sögunnar, að nauðsynlegt sé að byggja upp trúverðugt innstæðutryggingakerfi. „Bæði þarf það að vera þannig að við ráðum við fjármögnun á því og eins að við sköpum raunhæfar væntingar gagnvart því sem það gæti staðið undir og verji okkur gegn kerfishruni eins og það sem við upplifðum. Ábyrgð kerfisins þarf að vera í einhverju samræmi við það sem er í sjóðnum. Þjóð sem hefur lent í því sem við höfum lent hlýtur að nálgast þetta úrlausnarefni með öðrum hætti en aðrar."

Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, tryggði, með yfirlýsingu í október 2008, allar innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum að fullu. Sú yfirlýsing var endurnýjuð 3. febrúar 2009 og er enn í gildi. Árni Páll segir enga ákvörðun hafa verið tekna um að fella hana úr gildi. „Það hefur engin breyting orðið á því og hún verður í gildi þar til annað verður ákveðið."



**RÁÐHERRA** Árni Páll Árnason segir nauðsynlegt að ábyrgð nýs kerfis verði í „einhverju samræmi við það sem er í sjóðnum". FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## INNSTÆÐUR LÍFEYRISSJÓÐA EKKI LENGUR TRYGGÐAR

Þrátt fyrir að enn bóli ekkert á nýjum lögum um innstæðutryggingar eru fjármálafyrirtæki farin að greiða iðgjöld í nýjan innstæðutryggingasjóð. Þær greiðslur hófust eftir lagabreytingu sem gekk í gildi í maí á þessu ári. Samkvæmt lögunum skal almennt iðgjald nema sem svarar 0,3% á ári af öllum innstæðum. Með innstæðum er meðal annars átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum
Eftirtaldir eru ekki tryggðir eftir lagabreytinguna: innstæður í eigu fjármálafyrirtækja, innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti, innstæður fyrirtækis þar sem fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi, innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila, innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul., innstæður sem eru ekki skráðar á nafn, innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun.



arionbanki.is – 444 7000
Arion banki


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

MARKAÐURINN
Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

klinkið
Viðtal við Heiðu í Nikita – vísir

ERLENT MYNDBAND
Ítalía í miklum vanda. Pólitík ræður miklu – vísir

BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

# Hlekkir á ríkisfjármálin?

Skuldavandinn sem flest ríkja Vesturlanda glíma við hefur vakið marga til umhugsunar um hvernig komast megi hjá óhóflegri skuldasöfnun hins opinbera. Það er hvernig komast megi hjá því að stjórnvöld eyði um efni fram þegar allt leikur í lyndi og geti vart borgað reikninginn þegar vandræðin hefjast. Né örvað hagkerfið til að auðvelda siglinguna í gegnum kreppuna. Hafa margir staðnæmst við fjármálareglur til handa hinu opinbera, reglur sem tryggja aga við ríkisfjármálastjórn sem stjórnmálamenn oft skortir. Þannig hafa leiðtogar evruríkjanna ítrekað vakið máls á nauðsyn þess að koma á fót eftirlitskerfi með ríkisfjármálum aðildarríkjanna sem refsar þeim ríkjum sem haga fjármálaunu á óábyrgan hátt.

Nýverið voru lögfestar fjármálareglur fyrir íslensk sveitarfélög sem eiga að tryggja að þau skuldsetji sig ekki svo mikið að þau geti ekki sinnt lögbundinni þjónustu. Þessar reglur eru jákvætt skref enda hefur komið í ljós á síðustu árum að sveitarfélög geta hæglega fest í skuldasúpu. Það er þó jafnvel einnig ástæða til að skoða hvort fjármálareglur geti verið skynsamleg stefnumótun fyrir ríkið enda fátt til að hreykja sér af í sögu íslenskrar ríkisfjármálastjórnar.

Sé vilji til að setja slíkar reglur er ljóst er að þær þarf að vanda. Illa hannaðar reglur geta hæglega valdið því að betra er heima setið en af stað farið. Þannig er óskynsamlegt að setja í lög reglu sem kveður á um að fjárlög skuli á hverju ári koma út á núlli. Slík regla myndi fela í sér að í niðursveiflu neyddist ríkisstjórn í ávallt til þess að hækka skatta og skera niður útgjöld samstundis sem dýpkar niðursveifluna og kemur af stað neikvæðri efnahagslegri víxlverkun. Í uppsveiflu yrði að sama skapi meiri hætta á ofhitnun. Fjármálaregla fyrir ríkið þyrfti því að miðast við hagsveifluna, það er gefa ríkisstjórnum olnbogarými til að hafa halla á fjárlögum í kreppu en hvetja til afgangs af fjárlögum í uppsveiflu. Mat á fjárlagajöfnuði, leiðréttum fyrir hagsveifluna, er hins vegar flókið tæknilegt viðfangsefni. Verkefnið þyrfti því að fela faglegri stofnun sem sætti ekki pólitískum þrýstingi. Eins mætti fjármálareglan ekki miðast við að allar skuldir ríkisins skyldu að lokum hverfa. Ríkið fjárfestir í innviðum samfélagsins, menntun borgaranna, réttarkerfinu og fleiri málaflokkum sem auka framleiðslumöguleika landsins til frambúðar. Til að greiða fyrir slíkar fjárfestingar er skynsamlegt að gefa út skuldabréf sem deila kostnaðinum yfir tíma rétt eins og ábatanum. Hófleg skuldsetning þarf því ekki að vera af hinu slæma og því þarf ríkisstjórn eftir sem áður að hafa vald til að skuldsetja þjóðina þegar lagst er í fjárfestingar.

Sé vel að verkinu staðið kann vel að vera að fjármálareglur geti aukið stöðugleika í íslensku hagkerfi. Vissir stjórnmálamenn hafa vakið máls á þessum möguleika á síðustu misserum en umræðan er varla langt komin. Hún má endilega fara af stað.




Handprjónaðar kasmírpeysur, kasmíryfirhafnir og aðrar fallegar jólgjafir.
VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA VERSLUN AÐ INGÓLFSSTRÆTI 5, 101 REYKJAVÍK
WWW.ELLABYEL.COM
ÍSLENSK HÖNNUN

ALLT KLÁRT



SHARP SJÓÐVÉL
ER-A220

15/30 vöruflokkar
Allt að 500 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Sérstaklega fyrirferðalítil skúffa

Kr. 39.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A213

Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
EÐALVÉL

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Vélar og verkfæri




Útskurðarjárn og tálguhnífar frá Flexcut USA. Ásborg Smiðjuvegi 11 S: 5641212

## Til bygginga

**Lagerhreinsun**
Gólfdúkar frá 500kr. pr,fm. Innihurðir frá 15.000kr stk. Gólflistar og frágangslistar mjög gott verð. Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




Verslunarhillur í búð með raufapanil. Frístandandi, mjög góð nýting á vörum. Flottar einingar ásamt krókum og stöfum. Selst í litlu eða miklu magni. S 6643177

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

**Húsgagnalökkun**
**Sprautulökkum: innhurðir, eldhús og baðinnréttingar, stóla og borð, skápa og skenka. Smiðjuborg ehf Smiðjuvegi 11 S:8941867**

## Dýrahald



**Vizsla**
3ja ára rakki leitar að góðu heimili og vönu hundafólki. Þarf mikla útivist, hreyfingu og atlæti. Uppl. Í síma 8205260 / agust@linan.is

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Til leigu mjög góð hesthúsapláss í Víðidalnum Gott hesthús með góðri aðstöðu. Uppl í S. 6975090 og 8996555.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Einstaklingsíbúð í kjallara Kópavogsmegin í Fossvogsdal til leigu . Húsal. 70 þ. á mán. (hiti og rafmg. innifalið) Uppl. 844 2231

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 65 m2 tveggja herb íbúð í raðhússkjallara í Árbæ. Laus frá áramótum. 85.000 með hita. Uppl. í síma 8648351

Hálf-stúdíó eða herbergi til leigu á sv. 105. Skammtíma-eða langtímaleiga. Hiti og rafmagn innifalið . S. 869 2618.

## Fasteignir

Leiguskoðun við leigubyrjun og leiguskil eru traust viðskipti S. 587-7120 skodunarstofan.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starsmaður í varahlutaverslun óskast.**
**Leitum að þjónustuliprum og reyndum starfsmanni í bílavarahlutaverslun.**

**Þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Áhugasamir sendi umsóknir á: thjonusta@365.is merkt „varahlutir"**

Castello PIZZERIA

**CASTELLO pizzeria**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Einnig vantar fólk í aukavinnu á kvöldin og um helgar. Hentar skólafólki. 18 ára og eldri. Umsóknir castello.is eða castello@simnet.is

Ert þú sú/sá sem við leitum að? Okkur vantar manneskju í hlutastarf við þrif. Allar frekari upplýsingar og umsóknir sendist á thorunn@samhjalp.is fram til 10.desember 2011. öllum umsóknum svarað.

Smíðavinna Er ekki eitthvað sem þarf að laga eða smíða t.d. fyrir jólin, 48 ára húsasmíðameistari með mikla reynslu af allri innismíðavinnu getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 616-9100 Kjartan.

## Viðskiptatækifæri

**Hlutafélag-til sölu**
Til sölu hlutafélag sem er með verulega skuld við eiganda, inneign hjá félaginu fylgir með í kaupum. Áhugasamir sendi fyrirspurn á thjonusta@365.is merkt „hlutafélag"

## Einkamál




**Á besta aldri?**
Kona með fallega rödd vill kynnast ógiftum karlmanni á besta aldri. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl. nr. 8956.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

**Tilbreyting?**
Spennandi konur og heitir karlar ná saman á Rauða Torginu og hafa gert um árabil. Ókeypis að auglýsa: Konur, s. 555-4321. Karlar, s. 535-9923.

## Fasteignir

**heimili FASTEIGNASALA**
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson lögg. fasteignasalar

**Vesturberg 27 – með aukaíbúð**




Frábærlega staðsett einbýli. Um er að ræða 233 fm einbýli með aukaíbúð ásamt bílskúr. Glæsilegt útsýni yfir allar borgina. Eignin er staðsett neðst í botnlanga við óbyggt svæði. Hagstæð kaup!!!!! Áhv. 20 m. **V 39,7 m.**

**EIGNIN ER TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL 12:30 – 13:00.**

**Skipholt 29a • Sími 530 6500 • heimili.is**

NÓTTIN VAR SÚ ÁGÆT EIN

Sérblaðið **OPIÐ 24/7** fylgir Fréttablaðinu mánudaginn 12. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is





Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið








– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011
Allt sem þú þarft


„...síðan vil ég bara segja að það fyllir
mig stolti að vera umkringdur ykkur
hér í kvöld, kæru vinir og fjölskylda.
Takk fyrir mig, takk fyrir ykkur!
Og gjörið svo vel."
Appelsínu- og engiferhjúpuð
önd með grænpiparsósu
Uppskriftina í heild sinni ásamt eldunaraðferð
er að finna á www.holta.is/uppskriftir
Holta
PEKING ÖND

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JÓRUNN VIÐAR** tónskáld er 93 ára í dag.

*„Ég hef aldrei haft minnimáttarkennd gagnvart körlum á neinu sviði og aldrei þurft að berjast fyrir að fá jafn há laun og þeir. Í mínu fagi erum við öll á sama báti – illa launuð.“*

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát móður okkar og tengdamóður,*

**Ástu Sigríðar Kristinsdóttur**

til heimilis á Dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hornbrekku.

**Magnús Magnússon, Sigursveinn Magnússon, Örn Magnússon, Þorgeir Gunnarsson og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Dómhildar Ástríðar Guðmundsdóttur.**

**Sigríður Árnadóttir Bernhöft**
**Magnús Árnason**
**Marta Árnadóttir**
**Birgir Bernhöft**
**Guðný Guðmundsdóttir**
**Hafsteinn Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Lárusdóttir**

Skútustöðum,

lést laugardaginn 3. desember.

**Höskuldur Þráinsson**
**Sigríður Magnúsdóttir**
**Baldvin Kristinn Baldvinsson**
**Sólveig Þráinsdóttir**
**Steinþór Þráinsson**
**Hjörtur Þráinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæru*

**Maríu Guðbjargar Snorradóttur**

sem andaðist 30. október síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar 11E LHS, Heimahjúkrun Karítas og öllu starfsfólki líknardeildar LHS í Kópavogi fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

**Þorsteinn Theodórsson**
**Kristín Hlín Þorsteinsdóttir**
**Morten Praem**
**Sigurður Þorsteinsson**
**Guðrún Guðbjörnsdóttir**
**Kolbrún G. Þorsteinsdóttir**
**Sigurður Andrésson**
**Theodóra S. Þorsteinsdóttir**
**Ólafur Viggósson**
**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Þorvaldar Bergmanns Björnssonar**

Holtagerði 56, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Erna Jónsdóttir og fjölskylda.**

---



*Okkar ástkæri faðir, bróðir og mágur,*

**Sævar Líndal Jónsson**

stýrimaður,
Asparfelli 4, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 9. desember kl. 15.00. Þeim, sem vilja minnast hans, er bent á líknarstofnanir.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Eva Sævarsdóttir**
**Unnur Huld Sævarsdóttir**
**Hafdís Líndal Jónsdóttir**
**Marinó Sigurpálsson**
**Jón Líndal Bóasson**
**Sigrún Karlsdóttir**
**Sæþór Líndal Jónsson**
**Halla Hallgrímsdóttir**
**Sædís Líndal Jónsdóttir**
**Magnús Guðmundsson**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Höskuldur Bjarnason**
**afabörnin og langafabarn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Gústafsdóttir**

frá Kjóastöðum, Biskupstungum,

sem lést að Hjúkrunarheimilinu Ási, sunnudaginn 27. nóvember, verður jarðsungin frá Skálholtskirkju föstudaginn 9. desember kl. 14.00. Jarðsett verður í Haukadalskirkjugarði. Aðstandendur vilja koma á framfæri kæru þakklæti til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Áss í Hveragerði fyrir einstaka umhyggju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Áss, sími: 480 2000.

**Sigríður Jónasdóttir**
**Gústaf Svavar Jónasson**
**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Ólafur Þór Jónasson**
**Guðrún Mikaelsdóttir**
**Karl Þórir Jónasson**
**Þórlaug Bjarnadóttir**
**Svanhvít Jónasdóttir**
**Stefán Ó. Guðmundsson**
**Þórey Jónasdóttir**
**Þórir Sigurðsson**
**Halldóra Jóhanna Jónasdóttir**
**Geir Sævar Geirsson**
**Guðrún Steinunn Jónasdóttir**
**Haraldur Hinriksson**
**Eyvindur Magnús Jónasson**
**Kristín Ólafsdóttir**
**Loftur Jónasson**
**Vilborg Guðmundsdóttir**
**Þorvaldur Jónasson**
**Agnes Böðvarsdóttir**
**Guðmundur Jónasson**
**Katrín Guðjónsdóttir**
**Ágústa Halla Jónasdóttir**
**Ingi Eggertsson**
**Egill Jónasson**
**Kolbrún Sæmundsdóttir**
**Bárður Jónasson**
**Halldóra Sigríður Árnadóttir**
**Sigþrúður Jónasdóttir**
**Jón Bergsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristjönu Samúelsdóttur**

öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, sem lést þann 13. nóvember sl. Einnig fær starfsfólk deildarinnar sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun á meðan hún dvaldi þar.

**Samúel Gústafsson**
**Anna Lára Gústafsdóttir**
**Sverrir Jóhannesson**
**Kristjana Samúelsdóttir**
**Skorri Aikman**
**Eggert Samúelsson**
**Ruth Samúelsson**
**Sigþór Samúelsson**
**Lovísa Skaptadóttir**
**Hulda Steingrímsdóttir**
**Jón Gauti Jónsson**
**Gústaf Steingrímsson**
**Anna Kristjánsdóttir**
**Kristjana Steingrímsdóttir**
**Sigþór Júlíusson**
**og langömmubörn.**

---



**UMVAFIN HEKLI** Tinna í afar litfögru og fallegu hekluðu teppi sem kemur sér vel í vetrarkuldanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR:
GEFUR ÚT BÓKINA ÞÓRA HEKLBÓK

# Engin hætta á lykkjuföllum

„Langamma mín, Þóra Ólafsdóttir frá Hvítárvöllum, kenndi mér að hekla þegar ég var tíu ára gömul og er bókin tileinkuð henni,“ segir Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir sem gefur út bókina Þóra heklbók. Tinna hefur stundað miklar hannyrðir alla tíð síðan. „Ég prjónaði meira framan af en fór að hekla meira upp úr tvítugu,“ segir hún og þótti gott við heklið hve auðvelt var að þróa það og breyta. „Ég hef enda aldrei verið mikið fyrir að fara nákvæmlega eftir uppskriftum,“ segir hún glaðlega og bendir á að heklið sé að mörgu leyti auðveldara en prjónið. „Þar er bara ein lykkja opin og ekki hætta á lykkjuföllum.“



Tinna hefur kennt hekl á námskeiðum síðastliðin tvö ár. „Ég fór út í það alveg óvart. Hafði lært að gera heklaða jólabjölluseríu og setti uppskrift inn á hannyrðasíðu. Þegar ég var búin að fá fjölda símtala frá konum sem vildu leiðbeiningar ákvað ég að halda námskeið,“ segir Tinna sem brátt var farin að halda námskeið hvert kvöld fyrir jólin. „Í framhaldi af því fór ég að halda námskeið í hefðbundnu hekli,“ segir Tinna en henni kom mjög á óvart að hannyrðakonur kynnu ekki allar að hekla. „Ég hélt að það væri eitthvað sem allar hannyrðakonur kynnu en svo er ekki,“ segir hún og furðar sig á því af hverju heklið verður út undan í handavinnukennslu grunnskólanna.

Tinna segir að síðasta íslenska bókin um hefðbundið hekl hafi komið út árið 1948. „Það er ótrúlegt í þessu hannyrðaæði sem hefur gripið þjóðina,“ segir hún og ákvað að bæta úr þessu með útgáfu bókar. Í Þóru heklbók er að finna 32 hekluppskriftir að öllu frá bókamerkjum upp í teppi, gardínukappa og peysur. Fremst í bókinni er líka greinargóður kennslukafli fyrir byrjendur í hekli. „Svo hvet ég líka konur til að skapa sjálfar,“ segir Tinna sem lagði mikla áherslu á að bókin yrði falleg aflestrar. „Ég fékk því til liðs við mig systurnar og listakonurnar Ingibjörgu og Lilju Birgisdætur sem gerðu bókina guðdómlega fallega.“

Þóra heklbók kemur út laugardaginn 10. desember. Kynning verður á henni í Litlu prjónabúðinni í Hátúni 6a frá 12 til 14 og útgáfuhóf verður í Máli og menningu á Laugavegi frá 16 til 18.

solveig@frettabladid.is

---



*Elskuleg móðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Halldóra Halldórsdóttir**

andaðist sunnudaginn 4. desember á Dvalarheimilinu Lundi. Hún verður jarðsungin frá Oddakirkju laugardaginn 10. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Lund á Hellu. Reikningsnúmer 0308-13-300709.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Lúðvík Vignir Ingvarsson**

Nikon

*At the heart of the image*




# I AM MERRY CLICKMAS

## D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi,HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

***Verð 149.995.-***

TILBOÐ! MEÐ **NIKON D5100 18-55VR KIT**
FYLGIR NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)



Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** endir, **6.** í röð, **8.** beiskur, **9.** illæri, **11.** býli, **12.** óbundið mál, **14.** strita, **16.** sjó, **17.** bókstafur, **18.** námstímabil, **20. 999, 21.** bandaríkjamaður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** rauf, **3.** þys, **4.** listastefna, **5.** traust, **7.** biðja ákaft, **10.** stilla, **13.** atvikast, **15.** formóðir, **16.** afbrot, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lykt, **6.** rs, **8.** súr, **9.** óár, **11.** bú, **12.** prósi, **14.** baksa, **16.** sæ, **17.** emm, **18.** önn, **20.** im, **21.** kani.
**LÓÐRÉTT: 1.** gróp, **3.** ys, **4.** kúbismi, **5.** trú, **7.** sárbæna, **10.** róa, **13.** ske, **15.** amma, **16.** sök, **19.** nn.


Á MORGUN
POPP
FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

VIÐ ERUM HAM



JÓN JÓNSSON OG MATTI PAPI Í ROKKPRÓFINU
ÚLFUR ÚLFUR OG FÖSTUDAGURINN LANGI
PLÖTUDÓMAR, FRÉTTIR OG FLEIRA


# Verslað eins og fífl

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Verslunarferðir Íslendinga til útlanda eru farnar að valda hérlendum verslunarrekendum höfuðverk. Þetta heyrði ég í fréttunum um daginn en þar kom fram að milli fjögur og fimm þúsund manns hafi meðal annars bókað ferðir til Boston nú fyrir jólin. Ég veit ekkert hvort allir ætli sér eingöngu að versla, en hef þó grun um að flestir kíki í búðir. Allavega er talið að íslenskir kaupmenn verði af milljónum.



**ÉG VEIT** ekki hvort óhófleg kaupgleði er eitthvert þjóðareinkenni á okkur Íslendingum eða hvort við séum bara svo fá að eftir því er tekið í hvert sinn sem við bregðum okkur í búð. Ég vildi helst að það síðara væri rétt en er ekki viss. Lindex-ævintýrið fór ekki fram hjá neinum en loka þurfti búðinni tveim dögum eftir opnun því allt seldist upp!

**VIÐ RÉTTLÆTUM** verslunarferðirnar með því að þær „borgi sig“ þegar upp er staðið þrátt fyrir ferða- og hótelkostnað. Úrvalið sé líka svo miklu meira í útlöndum.

Sjálf nota ég þessar réttlætingar kinnroðalaust, mér finnst óskaplega gaman að kíkja í búðir, einmitt í útlöndum. Ég á mér eina uppáhalds búð eins og margir sem ég þreytist ekki á að heimsækja, H&M. Jafnvel þó að ég væri búsett um tíma í borg þar sem H&M búðir voru á hverju horni var ég nánast daglegur gestur.

**AFGREIÐSLUFÓLKIÐ** bretti þá gjarnan upp ermarnar þegar ég nálgaðist borðið og bað glottandi fyrir kveðju til Íslands um leið og það gjóaði augunum sín á milli. Ein afgreiðslustúlkan sagðist þekkja okkur greinilega úr fjöldanum og vildi alls ekki að opnuð yrði H&M búð á Íslandi. „Við viljum fá ykkur hingað, þið eruð okkar bestu viðskiptavinir,“ sagði hún og tróð flissandi í pokana fyrir mig. Bað mig svo kankvíslega að eiga góðan dag. Ég brosti eins og kjáni og leið eins og verið væri að hafa mig að fífli þar sem ég rogaðist út með pokana.

**SÚ TILFINNING** að ég hafi verið höfð að fífli hefur þó látið á sér kræla annars staðar en í H&M. Ég þarf ekki einu sinni að vera stödd í útlenskri búð og þarf heldur ekki einu sinni að hafa straujað greiðslukortið oft. Þessi tilfinning læðist oft að mér í alíslenskum verslunarleiðöngrum þegar ég kem heim, ekki bara með hálftómt veskið heldur líka hálftóma pokana.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# „MAGNAÐUR HROLLVEKJUTRYLLIR.“

ARNAR EGGERT THORODDSEN / MORGUNBLAÐIÐ



STEINAR BRAGI




2. PRENTUN VÆNTANLEG

MÁL OG MENNING

★★★★★

„Gríðarflott, frumlegt og hyldjúpt skáldverk.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

„Frábærlega vel skrifuð bók.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / RÁS 2

„Hugmyndaauðgi höfundar nýtur sín vel í sögunni sem og lúmskur húmorinn.“

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSSON / VÍÐSJÁ

„... þú þarft að drífa þig í gegnum hana, þú verður bara að vita hvað gerist. Taugatryllingur!“

GUÐRÚN DÍS EMILSDÓTTIR / RÁS 2

★★★★½

„... einhver áhugaverðasta og óvenjulegasta íslenska lestrarreynsla sem ég man eftir.“

INGI FREYR VILHJÁLMSSON / DV

„... mjög góður í að skapa hroll.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„... þetta er tveggja martraða bók (ég hrökk tvisvar upp við eigin hróp eftir að hafa lesið mig í svefn) sem gerði mig myrkfælna og nojaða í heila viku. Það er ansi gott bara.“

GUÐRÚN ELSA BRAGADÓTTIR / BOKVIT.BLOGSPOT.COM

„Mér finnst þessi bók brilljant ... mjög vel hugsað og vel unnið verk.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

# menning

menning@frettabladid.is

! **ERINDI UM SONATORREK** Klaus Johan Myrvoll flytur erindið Orti Egill Sonatorrek? í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands klukkan 16 á morgun. Erindið er haldið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og rannsóknarverkefnisins Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar. Klaus Johan Myrvoll vinnur að doktorsritgerð um dróttkvæði við háskólann í Ósló. Hann hefur í haust verið fræðimaður á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Erindið verður flutt á norsku.

## Um óhóf og barnaþrælkun

Bækur ★★★★

**Með heiminn í vasanum**

Margrét Örnólfsdóttir

**Bjartur**

Ari Mar Jónasson er unglingspiltur sem býr við fáheyrðan munað. Faðir hans er auðmaður sem stundar sín viðskipti um allan heim og móðirin fyrrverandi ofurfyrirsæta, sem nú er heiðurssendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta gerir það að verkum að Ari býr sjaldnast lengi í sama landi, heldur er sífellt á ferð og flugi og nær hvergi að festa rætur. Hann er sannkallaður heimsborgari, talar fjölda tungumála, ferðast með einkaþotu og hefur haft barnfóstru frá Filippseyjum til að hugsa um allar sínar þarfir frá því að hann fæddist.

Í bókinni vindur fram tveimur sögum. Á meðan Ari leikur sér með kreditkort föður síns og tekur ólundarköst yfir hegðan foreldra sinna fá lesendur einnig að fylgjast með jafnöldru hans, kínversku stúlkunni Jinghua, sem er þræll í leikfangaverksmiðju og þarf að sæta innilokun, ofbeldi og kúgun. Það er varla hægt að hugsa sér meiri aðstöðumun en þarna birtist. Málið tekur þó óvænta stefnu þegar Jinghua nær að senda út neyðarkall með einu hátæknileikfanginu og það rekur á fjörur hins stríðalda Ara.




Höfundi tekst vel að skapa spennu og viðhalda forvitni lesenda. Ekki er ljóst hvort Ari nær nokkurn tíma að hafa afskipti af Jinghua, enda við ofurefli að etja, þegar kínversk stórfyrirtæki eru annars vegar – og svo grunar Ara í ofanálag að foreldrar hans séu ekki allir þar sem þeir eru séðir. Hluti sögunnar gerist í heimi tölvuleiks sem Ari spilar grimmt og í þeim köflum datt sá aldraði lesandi sem hér skrifar aðeins út, en þó fléttast tölvuleikurinn raunveruleikanum í lokin og þáttur hans verður vel skiljanlegur.

Sagan hefur þann meginþráð að hver manneskja geti alltaf gert eitthvað til þess að bæta heiminn, jafnvel þótt það virðist nær óyfirstíganlegt á köflum. Hróplegum andstæðum er stefnt saman og bent á nöturlegar aðstæður fólks, svo sem filippseysku barnfóstrunnar Marifé, sem þarf að skilja við sín eigin börn til þess að hugsa um Ara, vegna þess að foreldrar hans eru of uppteknir af fé og frama til þess að geta verið til staðar fyrir hann. Unglingar sem lesa söguna eru hvattir til þess að hugsa út fyrir rammann og setja sig í spor fólks í óhugsandi aðstæðum.

Margrét Örnólfsdóttir nær líka að flétta inn í þessa meðvituðu sögu hversdagslegum áhyggjum unglings, sem verður skotinn í stelpu og óttast að hennni líki ekki við sig, þarf að sætta sig við skilnað foreldra sinna og er að uppgötva að heimurinn er ekki eins einfaldur og hann hélt.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Með heiminn í vasanum er spennandi unglingabók í háum gæðaflokki, samin af innilegri löngun til þess að jafna aðstöðumun barna og bæta heiminn.

# BLÓÐHÓFNIR SKEIÐAR AF STAÐ INN Í NORÐURLÖND

**Blóðhófnir Gerðar Kristnýjar fær sex stjörnur af sex mögulegum hjá dönskum bókagagnrýnanda. Ljóðabálkurinn kom út í danskri þýðingu í lok nóvember og var tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir Íslands hönd nú fyrir helgi.**



**GERÐUR KRISTNÝ** Hún hefur ferðast vítt og breitt um heiminn á þessu ári til að lesa upp úr ljóðabálknum Blóðhófni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er auðvitað himinlifandi með þessa dóma. Maður veit svo sem aldrei á hverju maður á von en ég bjóst aldrei við að þessi tólf mínútna bálkur hlyti þær viðtökur sem hann hefur þegar gert. Ég er búin að fara átta upplestrarferðir til útlanda í ár, aðallega til að lesa upp úr honum," segir Gerður Kristný skáld.

Ljóðabálkur Gerðar, Blóðhófnir, kom út í danskri þýðingu í síðustu viku. Á útgáfudaginn birtust tveir afar jákvæðir dómar í dönskum miðlum, annars vegar í Politiken og hins vegar í Information. Nýverið birtist síðan dómur í Nordjyske þar sem Gerður fékk sex stjörnur af sex mögulegum.

Fyrir helgi var Blóðhófnir tilnefndur fyrir Íslands hönd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs á næsta ári, en bókin fékk jafnframt Íslensku bókmenntaverðlaunin í fyrra.

„Maður verður voðalega feginn fyrir hönd útgefenda sinna þegar svona góðar fréttir berast," segir Gerður Kristný. „Mér þykir líka mikill heiður að þýðandinn, Erik Skyum-Nielsen, skyldi fara af stað og þýða verkið af því að hann langaði svo mikið til þess sjálfan."

Auk dönsku hefur Blóðhófnir verið þýddur á sænsku, finnsku, ensku og esperantó.

Í Blóðhófni segir af nöfnu Gerðar, Gerði Gymisdóttur, sem Skírnir, skósveinn Freys, sótti til Jötunheima handa húsbónda sínum. Gerður vonast til þess að tilnefningin nú verði til þess að auka frekar áhuga á verkinu á Norðurlöndunum. „Þetta er sameiginlegur norrænn sagnaarfur sem þarna er verið að glíma við, og hann á erindi við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Svo er auðvitað líka gaman að fara til fjarlægari landa, eins og Kína og Indlands, og tala um Skírnismál þar," segir Gerður. Hún er einmitt nýkomin heim úr einu slíku ferðalagi, en hún tók þátt í bókmenntahátíð í Kerala á vesturströnd Indlands.

Þessa dagana ferðast Gerður á milli skóla og les upp úr þriðju bók sinni um forsetann á Bessastöðum – Forsetinn, prinsessan og höllin sem svaf. „Þetta er voðalega mikið fjör, því krakkarnir þekkja fyrri bækurnar, leikritið og lögin úr því svo vel."

holmfridur@frettabladid.is

## Hver á að stíga á bremsuna?

Leikhús ★★★★

**Jarðskjálftar í London**

Nemendaleikhúsið. Sýnt í Smiðjunni, Listaháskóla Íslands.

**Höfundur:** Mike Bartlett.
**Leikarar:** Hjörtur Jóhann Jónsson, Kolbeinn Arnbjörnsson, Olga Sonja Thorarensen, Ólöf Haraldsdóttir, Pétur Ármannsson, Saga Garðarsdóttir, Sara Margrét Nordahl, Sigurður Þór Óskarsson, Snorri Engilbertsson og Tinna Sverrisdóttir. Þýðing: Heiðar Sumarliðason. Leikstjóri: Halldór E. Laxness.

Nemendaleikhúsið við Sölvhólsgötu sýnir spánnýtt leikrit eftir Mike Bartlett leiklistarfræðing sem hefur slegið í gegn upp á síðkastið. Halldór E. Laxness leikstýrir útskriftarnemum sem nutu aðstoðar skólasystkina sem nokkru skemur eru komin í náminu.

Þetta er nútímaverk þar sem flakkað er fram og til baka í tíma í um hundrað ár. Elst þeirra er Shara, en hún tekur á sig alla ábyrgð fjölskyldunnar eftir að faðir þeirra sneri baki við þeim þá er móðirin lést. Saga Garðarsdóttir laumar sér fimlega inn undir skinnið á þessari metnaðargjörnu framakonu. Saga hvílir alveg einstaklega vel í hlutverkinu og þó hún þurfi að ganga í gegnum sorgir og erfið uppgjör þá er það nú húmorinn sem fleytir henni áfram í persónusköpuninni.

Hinar systurnar voru einnig fantagóðar. Sú í miðið, með allar byrðar og efasemdir heimsins á herðunum, sem Sara Margrét Norðdahl lék, verður eins konar öxull leiksins. Hlutverkið er vel skrifað en einnig sérlega vel komið til skila með öllum blæbrigðum breytinga af hálfu leikkonunnar ungu. Sú yngsta er pönkari, reið, frökk, lífsglöð og kjaftfor í senn. Tinna Sverrisdóttir fór með það þakkláta hlutverk. Hún naut þess að ögra og gerði það vel.

Nokkrir karlar hringsóla í kringum þessar sterku systur, til dæmis faðir þeirra og eiginmaður miðsysturinnar Freyju, sem og Colin sem situr heima atvinnulaus meðan ofurkonan Shara bjargar fundum meðal framagosa. Föðurinn leikur Snorri Engilbertsson. Það er vandasamt hlutverk, því bæði er þetta kverúlant og rígfullorðinn maður, sem bregst dætrum sínum. Snorri leysir þetta vel, lætur vera að tifa og breyta röddinni en herpist þess í stað saman. Fyrsta samtal hans við dóttur sína er mjög vel unnið.

Kolbeinn Arnbjörnsson leikur Steve, mann Freyju, auk annarra hlutverka. Hann var sterkur og viðkvæmur og framsögn til fyrirmyndar. Hjörtur Jóhann Jónsson fer með hlutverk Colins sem fær svo sannarlega samúð áhorfenda, fyndinn og hjárænulegur en um leið svo mannlegur. Ólöf Haraldsdóttir bregður sér í hlutverk sem þeytast milli kynslóða. Látbragð hennar í hlutverki gamallar konu var gott en raddbreytingin var óþörf. Í hlutverki ungu rómantísku stúlkunnar í upphafi var hún blíð en þó stefnuföst með sínum furðulega kærasta sem síðar varð faðir stúlknanna.

Sigurður Þór Óskarsson fer með nokkur hlutverk og leikur snilldarvel á hláturtaugar áhorfenda. Olga Sonja Thorarensen fær mörg tækifæri í þessu verki og nýtti hún þau til fulls til að sýna hvað í henni býr. Pétur Ármannsson lék vin yngstu systurinnar og vélmenni og fleiri hlutverk og tókst honum vel upp.

Tinna Ottesen hannar leikmynd og búninga. Leikmyndin heppnast sérlega vel inni í þessu steypta rými með vísanir í hönnuði blómabarnatímabilsins.

Verkið er langt, meira en þrír tímar og því gæti reynt á þolrifin en svo var nú ekki þar sem allt hafði sinn stað og stund. Þó hefði mátt draga aðeins úr söng- og dansatriðum.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Á heildina litið var þetta frábær sýning.





Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.



Frábærir eiginleikar:

| | |
|---|---|
| 10 ára ábyrgð | Veldur ekki ofnæmi |
| 12 stærðir (90-500 cm) | Eldtraust |
| Stálfótur fylgir | Þarf ekki að vökva |
| Ekkert barr að ryksuga | Íslenskar leiðbeiningar |

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir


Gamla Bíó kynnir
3voices & Beatur
3voices & Beatur
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Jólatónleikar 17 desember kl 21:00
Miðasala í síma 563-4000eða á gamlabio.is - midi.is



**ÁNÆGÐAR MEÐ BOÐIÐ** Vilborg, Eva Rún og Eva Björk hlakka mikið til að kynna íslenska sviðslist vestanhafs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Boðið að sýna í New York

„Við erum ótrúlega ánægðar með þetta,“ segir Eva Rún Snorradóttir, einn þriggja meðlima Framandverkaflokksins Kviss búmm bang. Evu hefur ásamt Vilborgu Ólafsdóttur og Evu Björk Kaaber verið boðið að sýna verk sitt, Safari, á listakaupstefnunni APAP Global Performing Arts í New York í janúar. Sýningin er sú stærsta sinnar tegundar.

Eva segir verkið munu eiga vel við á kaupstefnunni. „Þetta er ádeiluverk á það þegar list verður söluvara. Við kennum fólki að ná 100 prósenta árangri í listahátíðum og hvernig það á að umgangast mikilvæga aðila – þarna úti verða í rauninni eingöngu mikilvægir aðilar þannig að þetta verður öfgakennd útgáfa af verkinu.“

Kviss búmm bang verður einn þriggja fulltrúa íslenskrar sviðslistar á stefnunni, sem ætlað er að kynna það áhugaverðasta í sviðslistum á alþjóðavettvangi. „Þetta er glæsileg kynning fyrir okkur. Allir sem sjá verkið eru hátíðahaldarar í Norður-Ameríku og það væri gaman ef boð á góðar hátíðir fylgdu í kjölfarið,“ segir Eva, en þær stöllur hafa þegar ferðast víða með verkið, til Frakklands, Finnlands og Litháen.

Listahópurinn vinnur nú að nýju verki sem verður frumsýnt í febrúar. „Verkið heitir Hótel Keflavík. Takmarkaður fjöldi gesta kemst að á sýninguna því þetta er sólarhrings þátttökuverk. Sýningargestir gista á Hótel Keflavík og fylgja handriti frá okkur,“ segir Eva og bendir þeim sem vilja forvitnast frekar um verkið að hafa samband á kvissbummbang@gmail.com. - bb



**FERNIR TÓNLEIKAR** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns spilar á fernum tónleikum á næstunni.

## Sálin komin í jólagírinn

**Sálin hans Jóns míns er komin á stjá og ætlar að spila á fernum tónleikum á næstunni. Hljómsveitin sívinsæla hefur tekið því rólega undanfarið og aðeins komið einu sinni fram á árinu en ætlar að vera í hörkustuði í desember og janúar. Fyrsta ballið verður á heimavelli sveitarinnar, Nasa, næsta laugardagskvöld. Eftir það taka við böll í Stapanum í Njarðvík 17. desember, á Selfossi 26. desember og á nýársdag spilar hljómsveitin á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi.**



**MEÐ BJÖRGUNARSVEITINNI** Friðrik Ómar og Jógvan Hansen með björgunarsveitarmönnum í Færeyjum.

## Til stuðnings Færeyjum

**Vinirnir og söngvararnir Friðrik Ómar og Jógvan Hansen standa fyrir samstöðutónleikum á sunnudaginn kl. 15 í Norðurljósasal Hörpu. Þeir eru haldnir til stuðnings Björgunarsveitum LFB í Færeyjum.**

**Gríðarleg eyðilegging varð þar í landi þegar ofviðri gekk yfir eyjarnar fyrir skemmstu og hefur mikið álag verið á björgunarsveitum. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er verndari söfnunarinnar. Auk Friðriks Ómars og Jógvans, koma fram Ragnheiður Gröndal, KK, Ellen Kristjánsdóttir og Stúlknakór Reykjavíkur.**

**Reikningur vegna söfnunarinnar er 0101-26-102000, kt. 480208-0480 undir heitinu Samstöðutónleikar.**



**NÝ PLATA** Stereo Hypnosis ásamt Praveer Baijal frá Kanada sem er staddur hér á landi.

## Tvöfaldir tónleikar

Tvöfaldir útgáfutónleikar hljómsveitanna Reptilicus og Stereo Hypnosis verða haldnir á Gauki á Stöng á föstudagskvöld. Ný sjö tommu vínilplata Reptilicus, Initial Conditions, er samstarfsverkefni með Praveer Baijal frá Kanada og þýska raftónlistarmannsins Senking. Stereo Hypnosis, sem er skipuð feðgunum Óskari og Pan Thorarensen, er að gefa út sína þriðju plötu sem heitir Synopsis. Á henni starfar sveitin með ítalska raftónlistarmanninum Marco Galardi. Hún var tekin upp í Toscana á Ítalíu.

Á tónleikunum á föstudag koma fram Reptilicus, Stereo Hypnosis, Þóranna Björnsdóttir eða Trouble, Gjöll, AMFJ & Auxpan og Inside Bilderberg.


# Sértryggð skuldabréf í NASDAQ OMX Iceland hf.

**Birting grunnlýsingar og viðauka við grunnlýsingu**

Útgefandi: Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík

Íslandsbanki hefur birt grunnlýsingu, endanlega skilmála og viðauka við grunnlýsingu í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, NASDAQ OMX Iceland hf.

Grunnlýsingin, dagsett 4. nóvember 2011, endanlegir skilmálar, dagsettir 6. desember 2011 og viðauki við grunnlýsingu, dagsettur 6. desember 2011 eru gefin út á ensku og birt á vefsíðu bankans, http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/sertryggd-skuldabref/

Skjölin má nálgast á pappírsformi hjá útgefanda, Íslandsbanka hf., Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík næstu 12 mánuði frá 7. desember 2011.

**Nafnverð útgáfu**
Þegar hafa verið gefnir út og seldir 4.000.000.000 íslenskra króna að nafnverði.

**Til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.**
Hinn 7. desember 2011 mun NASDAQ OMX Iceland hf. taka til viðskipta þegar útgefin og seld skuldabréf að fjárhæð 4.000.000.000 íslenskra króna að nafnvirði.

**Skilmálar skuldabréfa**
Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og bera fasta 3,5% árlega vexti. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári, 7. júní og 7. desember fram að lokadegi. Útgáfudagur er 7. desember 2011 og lokadagur er 7. desember 2016. Fyrsti vaxtagreiðsludagur er 7. júní 2012. Verðtryggður höfuðstóll skuldarinnar verður endurgreiddur með einni greiðslu 7. desember 2016.

**Auðkenni skuldabréfaflokksins**
Auðkenni skuldabréfanna í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. verður ISLA CBI 16, ISIN númer skuldabréfanna er IS0000020758. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í 10.000.000 kr. einingum.

Reykjavík,
7. desember 2011

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 7. desember 2011**

### ➜ Tónleikar



**20.00 Listasmiðjan Litróf** verður með jólatónleika í **Fella- og Hólakirkju.** Miðaverð er kr. 500.

**20.00 Jólatónleikarnir Hátíð í bæ** fara fram í **íþróttahúsi FSU, IÐU (Selfossi).** Flytjendur eru meðal annars **Jórukórinn, Diddú, Pálmi Gunnarsson, Maríanna Másdóttir og Gissur Páll Gissurarson.** Miðaverð er frá kr. 3.200.

### ➜ Leiklist

**20.00 Leikhópurinn Fullt hús** sýnir leikverkið **Póker** eftir **Patrick Marber** í **Tjarnarbíói.** Miðaverð er kr. 3.400.

### ➜ Fundir



**19.30 Jólafundur Hvítabandsins** verður að **Hallveigarstöðum** við **Túngötu.** Boðið verður upp á tónlistaratriði og veitingar auk þess sem **sr. Anna Sigríður Pálsdóttir** flytur hugvekju.

### ➜ Sýningar

**17.30 Sönglist,** söng og leiklistarskóli, sýnir tvær sýningar í **Borgarleikhúsinu.** Fyrri sýningin hefst kl. 17.30 og sú seinni kl. 20.00. Miðaverð er kr. 1.000.

### ➜ Uppákomur



**12.34 Norræna húsið** heldur áfram með **jóladagatalið** sitt. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

**14.00 Félagsmiðstöðin Aflagranda 40** býður upp á aðventudagskrá þar sem **Oddný Eir Ævarsdóttir** les úr bók sinni, Jarðnæði, auk þess sem **Ingólfur Steinsson og dætur** flytja lög við ljóð **Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.**

### ➜ Málþing

**10.30 Jón Sigurðsson og bláu miðarnir.** Málþing **Stofnunar Árna Magnússonar** í íslenskum fræðum um fræðastörf Jóns Sigurðssonar verður haldið í fyrirlestrasal **Þjóðminjasafns.** Allir velkomnir.

### ➜ Handverkskaffi

**20.00 Megan Herbert** verður með sýnikennslu á nokkrum ólíkum leiðum til að pakka inn og skreyta jólapakkana á handverkskaffi í **Gerðubergi.** Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



### ➜ Tónlist

**19.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur Beethoven-hringinn í sal **Eldborgar** í Hörpu undir stjórn **Hannu Lintu.**

**22.00 Dj Hús þeytir** skífum á **Prikinu.**

**22.00 Nóri, Oddur Ingi og hljómsveit,** auk **Hljómsveitar Trausta Laufdal** spila á **Gauki á Stöng.** Frítt inn í boði Beck's.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is
+20% afsláttur
Strepsils Cool
36 stk. Áður: ~~1.599 kr.~~ Nú: 1.279 kr.
24 stk. Áður: ~~1.249 kr.~~ Nú: 999 kr.


Tilboðið gildir í desember.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 57415 11/11


Ljósmynd: Ingólfur Bjargmundsson

Dagatal Eimskips 2012 er komið út

Eimskipafélag Íslands gaf fyrst út dagatal árið 1928, prýtt teikningu eftir Tryggva Magnússon. Dagatal Eimskips hefur átt sér fastan sess á heimilum landsmanna allar götur síðan. Í ár var efnt til ljósmyndasamkeppni meðal áhugaljósmyndara með viðfangsefnið íslenskt landslag. Myndirnar sem urðu hlutskarpastar í þeirri keppni skreyta dagatalið að þessu sinni.

Hægt er að nálgast dagatalið á næsta afgreiðslustað Eimskips.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM
Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is
Fíton / SÍA

VEIÐI JÓLA GJÖF

Einarsson fly fishing
einarsson FLUGUHJÓL
Frí áletrun fylgir til jóla
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 Reykjavík
www.veiðiflugur.is | S: 527 1060



**703 MILLJÓNIR** íslenskra króna kostar að kaupa hús leikaraparsins Robert Pattinson og Kristen Stewart í Bel Air, Los Angeles. Miklar sögusagnir hafa verið á kreiki um að parið sé að flytja til London en Pattinson er frá Bretlandi.

# Duran Duran bönnuð – aftur

**Nýjasta myndband ´80 hetjanna í Duran Duran hefur verið tekið úr spilun af tónlistarstöðvunum MTV og VH1 þar sem myndbandið þykir of ögrandi og krassandi. Sænski leikstjórinn Jonas Åkerlund stýrði myndbandinu en það skartar mörgum af frægustu ofurfyrirsætum samtímans í aðalhlutverkum.**

Breska poppsveitin Duran Duran er ekki dauð úr öllum æðum og hefur verið að kynna breiðskífuna All You Need is Now sem kom út á síðasta ári. Sveitin fékk einn umdeildasta myndbandaleikstjóra heims, Jonas Åkerlund, til að gera myndband við lagið Girl Panic en Åkerlund gerði meðal annars hið ákaflega klámfengna Pussy með rokksveitinni Rammstein og Telephone með þeim Beyoncé og Lady Gaga.

Útkoman reyndist vera níu mínútna löng stuttmynd með þeim Naomi Campbell, Cindy Crawford, Evu Herzigovu, Helenu Christensen og Yasmin Le Bon í aðalhlutverkum. Sem sagt, frægustu fyrirsætur allra tíma samankomnar í einu og sama myndbandinu. Fyrirsæturnar leika meðlimi Duran Duran sem sjálfir birtast í mýflugumynd í líki bílstjóra, ljósmyndara, barþjóna og vikapilta. En þrátt fyrir háan framleiðslukostnað og mikla vinnu ákváðu bæði MTV og VHI að banna myndbandið samkvæmt frétt á vef contactmusic.com.

Þar kemur fram að MTV og VHI hafi talið myndbandið vera of ögrandi og krassandi ásamt því að vörumerkja-innsetning sé alltof „augljós“ og of mikil í myndbandinu, um sé að ræða dulbúna auglýsingu fyrir hinar og þessar vörur. „Viðbrögð MTV fara yfir strikið, þarna er ekki verið að brjóta blað í sögu tónlistarmyndbanda sem eru yfirleitt alltaf umdeild. Miðað við sum myndbönd er Girl Panic tiltölulega sakleysislegt,“ hefur vefurinn eftir heimildarmanni sínum sem bendir jafnframt á að yfir fjórar milljónir hafi séð það á myndbandavefnum YouTube. „Allir skemmtu sér konunglega við gerð myndbandsins sem hefur öll vörumerki Duran Duran, sjálfshæðnin og húmorinn eru aldrei langt undan.“

Eins merkilegt og það kann að hljóma eru nákvæmlega þrjátíu ár liðin síðan myndband með Duran Duran var bannað síðast. Það var myndbandið Girls on Film þar sem fáklæddar stúlkur tókust á í glímu og sviptu loks sig og keppinauta sína klæðum. Það hneykslaði rækilega þegar það var frumsýnt og var í kjölfarið sett á svartan lista MTV og annarra sjónvarpsstöðva.

freyrgigja@frettabladid.is



**BANNAÐIR AFTUR**
Þrjátíu ár eru liðin síðan MTV neitaði að spila myndbandið Girls on Film með Duran Duran. Sveitin er nú aftur komin á bannlista með myndbandi sínu við lagið Girl Panic sem skartar meðal annars Naomi Campbell og Cindy Crawford í aðalhlutverkum.



**VILJA BRÚÐKAUP** Börn Angelinu Jolie og Brads Pitt vilja að foreldrar þeirra giftist eins og Shrek og Fiona gerðu í teiknimyndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Börnin vilja brúðkaup

**Angelina Jolie segir að þrátt fyrir að brúðkaup milli hennar og leikarans Brad Pitt sé ekki á dagskránni sé það efst á óskalista barna sinna. Jolie og Pitt eiga saman sex börn og telur leikkonan það alveg nógu mikla skuldbindingu í bili. Hún furðar sig því á þessum óskum barna sinna í nýlegu sjónvarpsviðtali.**

**„Ég spyr þau hvort það sé vegna þess að þá fái þau stóra köku en þau vilja að við giftum okkur eins og Shrek og Fiona gera í teiknimyndinni. Við höfum hins vegar útskýrt fyrir þeim að þegar við ákváðum að stofna fjölskyldu saman vorum við að skuldbinda okkur að hvort öðru ævilangt,“ segir Jolie en það eru greinilega fleiri en aðdáendur parsins sem bíða spenntir eftir brúðkaupi.**

MORKINSKINNA




TVÖ NÝ BINDI ÍSLENZKRA FORNRITA

*Við óskum þeim Ármanni Jakobssyni og Þórði Inga Guðjónssyni til hamingju með tilnefninguna. Nánari upplýsingar um heildarútgáfu Íslenzkra fornrita er að finna á www.hib.is*

**Morkinskinna** er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritið mun í öndverðu hafa náð fram að valdatöku Sverris Sigurðarsonar seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð elsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.
**Morkinskinna** er hér í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Myndir og kort prýða útgáfuna.

HIÐ ÍSLENZKA FORNRITAFÉLAG

*Dreifing*
HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

Kvikmyndir ★★★★

**Arthúr bjargar jólunum**
Leikstjóri: Sarah Smith

**Aðalhlutverk:** Ævar Þór Benediktsson, Arnar Jónsson og Harald G. Haraldsson

## Jólunum bjargað

Teiknimyndin Arthúr bjargar jólunum byggir á kunnuglegri spurningu; hvernig í ósköpunum jólasveininum takist að dreifa pökkum til allra barna í heiminum. Sveinki er að þessu sinni frekar syfjulegur og seinn, langþreyttur á löngum ferðalögum og hefur falið syni sínum, Stefáni, að nútímavæða starf jólasveinsins. Þannig eru allir með android-síma og bæði sleðanum og hreindýrunum hefur verið skipt út fyrir risastórt geimfar. Jólanóttin er skipulögð í þaula og ekkert getur farið úrskeiðis.



Leikstjóranum Söruh Smith tekst að skapa skemmtilegan heim í kringum jólasveininn á norðurpólnum. Jólasveinastarfið gengur í arf og líkt og í öðrum fjölskyldum er stöðugur metingur um hver sé fremstur meðal jafningja. Myndin er keyrð áfram á mjög látlausan og einfaldan hátt og hasarinn verður hvorki yfirþyrmandi né óþarflega hávaðasamur heldur bara hæfilegur. Persónurnar eru flestar kostulegar, þá sérstaklega Arthúr, hinn gleymdi sonur jólasveinsins sem tekur það vanþakkláta hlutverk að sér að bjarga jólunum. Þá er Stefán tæknitröll ákaflega skondinn, tæknivæddur fram úr hófi með tölfræðina á hreinu (í hans tíð hafa bréfin verið flokkuð á vélrænan hátt og börnin eru eingöngu tölur á blaði). Íslensk talsetning er auðvitað til fyrirmyndar.

Arthúr bjargar jólunum er óður til gamalla gilda sem minnir okkur rækilega á að hver einasti einstaklingur skiptir máli. Og þegar jólamynd tekst að græta tvo fullorðna einstaklinga og yngsti meðlimurinn fer fyrr að sofa til að reyna að heilla jólasveininn upp úr svörtu stígvélunum hefur hún augljóslega náð markmiði sínu. **Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Arthúr bjargar jólunum er hugljúf teiknimynd með sönnum anda jólanna.

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri
SLENDERTONE™




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÍLAVÖRUR Í BÓNUS




698 KR. 250 ML

**SONAX**
**BÍLABÓN** 250ML




698 KR. 2 LTR.

**SONAX**
**BÍLASÁPA 2 LTR.**




698 KR. 1 LTR.

**I LÍTRI**
**TJÖRUHREINSIR**




459 KR. 5 LTR.

**5 LÍTRAR**
**RÚÐUVÖKVI** -9 GRÁÐUR




298 KR. STK

**ÖRTREFJA**
**STÓR BÓNKLÚTUR**




259 KR. 750 ML

**ASTONISH**
**DEKKJAHREINSIR**




59 KR. 250 ML

**EUROSHOPPER**
**ORKUDRYKKUR 250 ML.**

## SUDUKU ÞRAUT BÓNUS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | | 6 | | 7 | | | 1 |
| 9 | | | | | 8 | | 7 | |
| | 7 | | | | | 6 | | |
| | | 5 | 7 | | | 8 | 2 | 4 |
| | | | | | | | | |
| 3 | 2 | 7 | | | 4 | 5 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| | 3 | | 5 | | | | | 7 |
| 7 | | | 9 | | 3 | | 5 | 8 |

Lausnin á suduko þrautinni er á bonus.is

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**SNÝR AFTUR** Kiefer Sutherland í hlutverki Jacks Bauer snýr aftur í nýrri kvikmynd.

# Tökur á 24 hefjast í apríl

Tökur á kvikmynd byggðri á sjónvarpsþáttunum vinsælu 24 hefjast í apríl á næsta ári. Kiefer Sutherland verður sem fyrr í hlutverki Jacks Bauer.

Í október sagði Sutherland að handritið að myndinni væri nánast tilbúið og núna hafa tökudagar verið ákveðnir. Talið er að Mark Bomback, sem skrifaði handritið að Die Hard 4, hafi lokið við handritið fyrir stuttu. Myndin hefur verið í undirbúningi síðan áttunda og síðasta þáttaröðin af 24 lauk göngu sinni í fyrra.



**METNAÐARFULL** Lady Gaga mun koma fram á tónleikum oftar en annan hvern dag á næstu tveimur árum.

# Stærsta tónleikaferðin?

Ofurpoppstjarnan Lady Gaga er þessa dagana að leggja lokahönd á skipulagningu næsta tónleikaferðalags síns. Söngkonan er ekki þekkt fyrir að feta áður troðnar slóðir og því kom það ekki á óvart þegar fréttir af umfangi ferðalagsins láku út.

Haft var eftir heimildarmanni að Gaga ætlaði sér að spila á 450 tónleikum á tveggja ára tímabili til að kynna plötu sína, Born This Way, sem kom út fyrr á árinu. Söngkonan á að hafa fengið þessa hugdettu í svefni, og setur það ekki fyrir sig að aldrei hafi nokkur tónlistarmaður farið í jafn stórt tónleikaferðalag.



**NOTALEG STEMMING** Hildur Yeoman og Sissa, starfsstúlka í Kronkron, voru að sjálfsögðu mættar.



**EIGENDURNIR** Skötuhjúin Magni Þorsteinsson og Hugrún Dögg Árnadóttir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara ásamt söngkonunni Kristínu Bergsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# JÓL HJÁ KRONKRON

**Verslunin Kronkron bauð viðskiptavinum sínum í jólagleði á föstudagskvöldið þar sem jólaútstilling listakonunnar Hildar Yeoman var afhjúpuð. Það voru margir sem nýttu tækifærið og yljuðu sér á heitri jólaglögg og skoðuðu jólafatnað.**



**Í NÝJUSTU TÍSKU** Þær Ragnheiður Elísabet og Eva Katrín voru komnar í jólaskap.



**BROSMILDAR** Þær Þorbjörg og Sædís komu við í Kronkron.






**LEIKUR TIPPI HEDREN** Sienna Miller leikur Tippi Hedren í nýrri sjónvarpsmynd.

# Miller leikur Tippi Hedren

Sienna Miller fer með hlutverk Tippi Hedren í nýrri sjónvarpsmynd, The Girl, sem verður sýnd á BBC á næsta ári. Myndin fjallar um kynferðislega þráhyggju leikstjórans Alfreds Hitchcock gagnvart Hedren, sem lék í tveimur myndum hans, The Birds og Marnie. Hedren var 31 árs en Hitchcock 62 ára þegar hann áreitti hana kynferðislega og gerði hvað hann gat til að vinna ástir hennar. Slík áreitni var ekki talin refsiverð í þá daga. Hitchcock var frægur fyrir áhuga sinn á aðalleikkonum sínum, sem undantekningarlítið voru ljóshærðar. Þar má nefna Grace Kelly, Kim Novak og Eva Marie Saint.


66° NORÐUR
Tinna
Viðey húfa
5.900 kr.
Magni hettupeysa
10.800 kr.
Bragi dúnúlpa
Einstaklega hlý dúnúlpa úr vatnsfráhrindandi efni og með 70% gæsadúnsfyllingu. Hettan er með þvottabjarnarskinni sem hægt er að smella af. Úlpan þolir frost niður í -25°C. Endurskinsmerki að framan og aftan.
36.800 kr
Lítið, skrýtið og skítkalt
Í Sandgerði fundum við þennan 80 ára gamla frystiklefa. Frystiklefinn er næstum jafn gamall okkur en í ár urðum við einmitt 85 ára. Samkvæmt gæðakröfum í dag er frystiklefinn of rakur fyrir matvæli og brúkast því aðeins undir fiskafóður núorðið þó hann nái niður í 20 stiga frost. Hann er hins vegar kjörinn fyrir myndatöku af fötunum okkar, enda eins og smækkuð mynd af Fróni — lítill, kaldur og dimmur en samt dálítið snotur.
Sjáðu meira um 66°NORÐUR, kalda frystiklefann í Sandgerði og vörurnar okkar á magazine.66north.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| TRESPASS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BREAKING DAWN :PART 1 VIP | kl. 9:20 | 2D | VIP |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| THE HELP VIP | kl. 6 | 2D | VIP |
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 5:40 - 10:45 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 16 |
| TRESPASS Síðustu sýningar | kl. 10:20 | 16 |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 12 |
| SEEKING JUSTICE Síðustu sýningar | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:30 í 2D & 3D | | L |
| A GOOD OLD FASHOINED ORGY | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RODELINDA Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| TRESPASS | kl. 10:40 | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE HELP | kl. 5:10 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRESPASS | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BLITZ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| BLITZ LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 10.20 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÞÓR 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| ARTHUR CHRISTMAS 3D ÁN TEXTA | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 6 | L |
| BLITZ | KL. 8 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 5.50 | 16 |
| JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D | KL. 10 | 16 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BLITZ | 8 og 10.15 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 6 |
| JACK AND JILL | 8 |
| HAPPY FEET 2 3D - ISL TAL | 6 |
| IMMORTALS 3D | 8 og 10 |
| BORGRÍKI | 10.15 |


# Skytturnar að norðan snúa aftur eftir sjö ára hlé

**Rapphljómsveitin Skytturnar snýr aftur á föstudag eftir að hafa legið sjö ár í híði. Nýtt efni verður á dagskrá sem varð til í vikulangri sumarbústaðaferð.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er eins gott að fólk mæti. Annars gerum við þetta aldrei aftur," segir Hlynur Ingólfsson rappari og hlær, en hann og Heimir Bjéjóð úr norðlensku rappsveitinni Skyttunum ætla að binda enda á sjö ára fjarveru hljómsveitarinnar frá tónleikastöðum Reykjavíkur næstkomandi föstudag. Þá munu þeir stíga á svið á Freyðibaðskvöldi Priksins ásamt Emmsjé Gauta og gefa aðdáendum sínum langþráð tækifæri til að berja þá augum.

Skytturnar gáfu út breiðskífuna Illgresið árið 2003. Sú fékk frábæra dóma og sama ár voru Akureyringarnir tilnefndir sem bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hljómsveitarmeðlimir héldu stuttu síðar hver í sína áttina og því hefur lítið farið fyrir þeim á síðustu árum, fyrir utan stöku tónleika á Akureyri. Hlynur staðfestir þó að á Prikinu megi tónleikagestir eiga von á að heyra nýtt efni frá sveitinni. „Við eyddum heilli viku í sumarbústað síðasta sumar og tókum upp nýtt efni þar. Við tökum örugglega eitthvað af því á tónleikunum."

Prikið er ekki stærsti tónleikastaður Reykjavíkur en Hlynur hefur ekki áhyggjur af plássleysi. „Prikið er fullkomið fyrir þetta kvöld, það er svo langt síðan við höfum spilað að maður veit ekkert hverjir mæta. Ef það koma fáir verður það ekki vandræðalegt fyrir okkur af því að það þarf bara nokkrar hræður til að það sé fullt þarna. Ef það mæta margir myndast bara góður sviti."

## SJÖ ÁRUM SEINNA

Það var **Emmsjé Gauti** sem sannfærði **Skytturnar** um að koma fram, en Hlynur segir Gauta hafa verið svo ákveðinn og erfiðan að þeir hafi ekki getað sagt nei. Sveitin var tilnefnd sem bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2003 en fyrsta plata sveitarinnar, Illgresið, sló eftirminnilega í gegn.



Það virðist þó engin hætta vera á því að fámennt verði á Prikinu, því netheimar hafa logað af umræðum um endurkomuna síðan af henni fréttist. „Það er að myndast mikil spenna. Þetta verður klikkað, því skal ég lofa."

- bb

# Tuttugu tilnefndar til Kraums

Tuttugu plötur hafa verið tilnefndar til Kraumsverðlaunanna 2011. Á meðal þeirra eru nýjar plötur Of Monsters and Men, FM Belfast, Lay Low, Ragnheiðar Gröndal og Snorra Helgasonar.

Framkvæmd Kraumslistans 2011 er með þeim hætti að sex manna dómnefnd valdi tuttugu plötur á úrvalslista Kraumslistans. Við honum tekur tuttugu manna dómnefnd sem velur bestu plöturnar þannig að eftir standa fimm til sex verðlaunaplötur. Tilkynnt verður um þær 16. desember.

Markmið Kraumslistans er að kynna og styðja við plötuútgáfu íslenskra hljómsveita og listamanna með sérstöku tilliti til þeirra sem yngri eru. Viðurkenna og vekja sérstaka athygli á þeim verkum sem skara fram úr í gæðum, metnaði og frumleika.

Formaður dómnefndar er Árni Matthíasson. Í úrvalslistanefnd áttu sæti ásamt Árna þau Andrea Jónsdóttir, Trausti Júlíusson, Egill Harðarson, Helena Þrastardóttir og Hildur Maral Hamíðsdóttir.

Kraumsverðlaunin voru í fyrsta sinn afhent árið 2008. Aðstandandi Kraumslistans er Kraumur tónlistarsjóður sem er sjálfstætt starfandi sjóður á vegum Auroru velgerðarsjóðs.



**TILNEFND** Of Monsters and Men er ein þeirra hljómsveita sem eru tilnefndar til Kraumsverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRVALSLISTI KRAUMSLISTANS 2011:

**ADHD** - ADHD2
**Anna Þorvalds** - Rhízoma
**Ben Forst og Daníel Bjarnason** - Sólaris
**Dead Skeleton** - Dead Magick
**FM Belfast** - Don't want to sleep
**For a Minor Reflection** - EP
**Helgi Hrafn Jónsson** - Big Spring
**Hljómsveitin Ég** - Ímynd Fíflsins
**Lay Low** - Brostinn Strengur
**Nolo** - Nology
**Of Monster and men** - My Head is an Animal
**Ofvitarnir** - Stephen Hawking/ Steven Tyler
**Ragga Gröndal** - Astrocat Lullaby
**Reykjavík!** - Locust Sounds
**Samaris** - Hljóma Þú (ep)
**Sin Fang** - Summer Echoes
**Skurken** - Gilsbakki
**Snorri Helga** - Winter Sun
**Sóley** - We Sink
**Sólstafir** - Svartir Sandar


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: HJEM TIL JUL (HEIM UM JÓLIN) 18:00, 20:00, 22:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 18:00, 20:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# *Göngum frá verknum*






# Íbúfen®

*– Bólgueyðandi og verkjastillandi*

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Íbúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, mígreni, tannpínu, tíðaverkjum og hita. **Ekki má taka Íbúfen:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbúprófeni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgnað upp eftir að hafa tekið íbúprófen eða skyld lyf. Þeir sem þjáðst hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) í tengslum við fyrri notkun bólgueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) eða hafa áður þjáðst af slíku, tvisvar eða oftar, með alvarleg lifrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómar meðtaldir), þeir sem þjást af umtalsverðum vökvaskorti (vegna uppkasta, niðurgangs eða of lítillar vökvaneyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldar), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfsnæmissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáraristilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn´s) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumnamyndun, vandamál tengd blóðstorknun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinaholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lifrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð ættu ekki að nota lyfið. **Meðganga/brjóstagjöf:** Íbúprófen má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Íbúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Íbúprófen getur gert konum erfiðara með að verða þungaðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Íbúprófen berst í brjóstamjólk í litlum mæli og brjóstagjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtíma meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjörukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsviði, kviðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlífi, sáramyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarmabólga og versnandi bólga í ristli og meltingarvegi (Crohn´s) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgu í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefnleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Íbúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára**. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu**. Nóvember 2011.

actavis

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - Actavis 111140

# sport

sport@frettabladid.is



**STELPURNAR OKKAR** verða aftur í eldlínunni í kvöld er þær mæta Þýskalandi klukkan 21.30 í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Þá verður allt undir og íslenska liðið verður að næla í að minnsta kosti stig til þess að eygja von um að komast áfram í keppninni.



**ÞJÁLFARINN HEITUR** Ágúst lét vel í sér heyra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ágúst Þór Jóhannsson:

## Enn möguleiki til staðar

**HANDBOLTI** „Þetta er munurinn á þessum liðum, við erum bara á eftir," sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska landsliðsins, eftir 27-14 tapleikinn gegn Noregi á HM í handbolta í Brasilíu.

Ísland komst í 2-1 en fékk á sig 7 mörk í röð og eftirleikurinn var auðveldur.

„Við náðum þó að halda þeim í 27 mörkum sem er jákvætt. Það var lítil markvarsla hjá okkur í þessum leik. Vörnin var þó ágæt en í sóknarleiknum erum við að gera of mörg mistök. Möguleikar okkar eru enn til staðar. Það er ekkert annað að gera en að fá 3 stig í næstu tveimur leikjum," sagði Ágúst. - seth

## ÚRSLIT

*HM kvenna:*

**Ísland-Noregur 14-27**

Ísland - Mörk (skot): Stella Sigurðardóttir 5/3 (16/4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (6), Karen Knútsdóttir 3 (7), Arna Sif Pálsdóttir 1 (1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (2), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (5).
Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 7 (27/4, 26%), Sunneva Einarsdóttir 3 (10/3, 30%),
Hraðaupphlaup: 2 ( Arna, Þórey)
Fiskuð víti: 4 ( Anna 2, Þorgerður, Hanna )
Utan vallar: 10 mínútur.
Noregur - Mörk (skot): Linn Jørum Sulland 6/2 (6/2), Amanda Kurtovic 4/3 (4/3), Camilla Herrem 3 (3), Marit Malm Frafjord 3 (5), Linn-Kristin Riegelhuth 3/2 (6/2), Ida Alstad 3 (8), Stine Bredal Oftedal 2 (2), Heidi Løke 1 (1), Tonje Nøstvold 1 (2), Kari Mette Johansen 1 (3).
Varin skot: Katrine Lunde Haraldsen 11 (21/2, 52%), Kari Aalvik Grimsbø 4/1 (8/2, 50%),
Hraðaupphlaup: 5 (Herrem 2, Frafjord 2, Alstad )
Fiskuð víti: 8 (Frafjord 4, Sulland, Johansen, Breivang)
Utan vallar: 8 mínútur.

*Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

**Chelsea-Valencia 3-0**
1-0 Didier Drogba (3.), 2-0 Ramires (22.), 3-0 Didier Drogba (76.)
**Genk-Bayer Leverkusen 1-1**
1-0 Jelle Vossen (30.), 1-1 Eden Derdiyok (78.)
**Lokastaðan:** Chelsea 11, Leverkusen 10, Valencia 8, Genk 3.

**F-RIÐILL:**

**Olympiacos-Arsenal 3-1**
1-0 Rafik Djebbour (15.), 2-0 David Fuster (35.), 2-1 Yossi Benayoun (57.), 3-1 Francois Modesto (89.)
**Dortmund-Marseille 2-3**
1-0 Jakub Blaszczykowski (22.), 2-0 Mats Hummels, víti (32.), 2-1 Loic Remy (45.), 2-2 Andre Ayew (85.), 2-3 Mathieu Valbuena (86.)
**Lokastaðan:** Arsenal 11, Marseille 10, Olympiacos 9, Dortmund 4.

**G-RIÐILL:**

**Porto-Zenit St. Petersburg 0-0**
**Apoel Nicosia-Shaktar Donetsk 0-2**
0-1 Luiz Adriano (62.), 0-2 Yevhen Seleznyov (77.)
**Lokastaðan**: Apoel 9, Zenit 9, Porto 8, Shaktar 5.

**H-RIÐILL:**

**Barcelona-BATE Borisov 4-0**
1-0 Sergi Roberto (35.), 2-0 Martin Montoya (60.), 3-0 Pedro (63.), 4-0 Pedro, víti (87.)
**Viktoria Plzen-AC Milan 1-2**
0-1 Pato (47.), 0-2 Robinho (47.), 1-2 David Bystron (88.)
**Lokastaðan:** Barcelona 16, Milan 11, Plzen 4, BATE 2.

*Sænski körfuboltinn:*

**Jämtland-Boras 85-97**
Brynjar Þór Björnsson skoraði 5 stig fyrir Jåmtland
**08 Stockholm-Solna 114-107**
Helgi Már Magnússon skoraði 24 stig og tók 8 fráköst fyrir Stockholm og Logi Gunnarsson skoraði 20 stig fyrir Solna.




**GLEÐI OG TÁR** Norsku stúlkurnar fagna á meðan svekktur leikmaður íslenska liðsins gengur fram hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# LEIKUR KATTARINS AÐ MÚSINNI

**Ísland átti aldrei möguleika gegn firnasterku liði Noregs á HM í Santos. Norðmenn hafa byggt upp frábært lið með markvissum hætti. Á sama tíma eru styrkir til afreksíþrótta á „steinöld" á Íslandi.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er í erfiðri stöðu eftir 27-14 tap gegn Evrópu- og ólympíumeistaraliði Noregs á heimsmeistaramótinu í Brasilíu. Ísland þarf að ná í 3 stig úr síðustu tveimur leikjunum gegn Þýskalandi og Kína til þess að komast í 16-liða úrslit. Erfitt verkefni en til þess þarf Ísland að gera margt mun betur en gegn Noregi í gærkvöld í Arena Santos.

Styrkleiki Noregs kom strax í ljós í fyrri hálfleik. Líkamsstyrkur, hraði og tækni þeirra er einfaldlega meiri. Ísland komst ekkert áleiðis gegn uppstilltri vörn Noregs. Til marks um það skoruðu aðeins þrír leikmenn þessi 7 mörk liðsins í fyrri hálfleik, 14-7.

Eftir ágætar upphafsmínútur dró í sundur með liðunum og gæðamunurinn var öllum ljós. Í stöðunni 2-1 fyrir Ísland skoruðu Norðmenn 7 mörk í röð, staðan orðin 7-2 og Þórir Hergeirsson, þjálfari Noregs, gat leyft sér að nota alla sína leikmenn og hvíla lykilmenn.

Markverðir Íslands náðu sér aldrei á strik í gær með aðeins 5 varin skot. Þrátt fyrir það náðu Norðmenn aðeins að skora 27 mörk – sem verður að teljast jákvætt. Sóknarleikurinn er enn stærsta vandamál Íslands. „Ég er eiginlega bara búin að gleyma þessum leik. Ætla ekki að dvelja mikið við hann. Það hefur verið 20 marka munur á þessum liðum að undanförnu, við erum enn langt á eftir. Mér finnst við vera of ragar að skjóta á markið – hugsum of mikið um að gera ekki mistök, í stað þess að láta bara vaða og framkvæma," sagði Hrafnhildur.

Í raun þarf ekkert að segja mikið meira um leikinn. Munurinn á Noregi og Íslandi er í dag þessi. Það er staðreynd. Hins vegar má velta því fyrir sér hvað Norðmenn gera fyrir sitt lið og sína leikmenn til þess að ná þessum árangri.

Þórir Hergeirsson fær um 200 milljónir kr. á ári til þess að undirbúa sitt lið. Leikmenn liðsins fá um 4-6 milljónir kr. árlega sem stuðningsgreiðslu frá handknattleikssambandinu til þess að geta æft meira með námi eða vinnu.

Allt er gert til þess að létta undir með leikmönnum til þess að þær geti verið í fremstu röð í heiminum. Norska þjóðin er stolt af því að eiga íþróttalið og einstaklinga í fremstu röð. Íslendingar eru ekkert öðruvísi – en Norðmenn gera hins vegar eitthvað í því, Íslendingar ekki.

Samanburðurinn er svo skakkur að það er í raun ótrúlegt að íslenska A-landslið í boltaíþróttum skuli yfirleitt taka þátt á stórmótum. Fjárhagslegur stuðningur frá íslenska ríkinu er nánast enginn. Og það sem verra er, þeir sem forgangsraða skatttekjum okkar, stjórnmálamenn og konur, þeim virðist vera skítsama. Afsakið orðbragðið.

Kostnaður HSÍ við þetta mót er um 15 milljónir kr. og á þessu ári 25-30 milljónir kr. alls. Og styrkurinn frá okkur, íslensku þjóðinni, er til skammar. Rétt um 1,5 milljónir kr. Þar af rétt um helmingur beint af fjárlögum Alþingis. Það undarlega er að það hefur enginn stjórnmálamaður eða stjórnmálaafl nokkurn áhuga á slíkum hlutum. Jú, þegar vel gengur, þá eru allir í stuði með kampavínsglas í hendi.

„Það er í raun ótrúlegt hvað Ísland hefur náð góðum árangri miðað við það fjármagn og mannskap sem handknattleikssambandið fær. Ísland er með spennandi lið en þetta er munurinn á þessum liðum í dag," sagði Þórir eftir leikinn í gær.

**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson**
**fjalla um HM í Brasilíu**
seth@frettabladid.is – pjetur@365.is




Lokaumferðin í fjórum riðlum Meistaradeildar Evrópu fór fram í gærkvöld þar sem Chelsea fór áfram:

# Drogba sýndi gamla takta og skaut Chelsea áfram

**FÓTBOLTI** Chelsea, Bayer Leverkusen, Arsenal, Marseille, Apoel, Zenit, Barcelona og AC Milan eru öll komin áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu en lokaumferðin í fjórum riðlum fór fram í gær.

Stórleikur kvöldsins var leikur Chelsea og Valencia. Talsverða athygli vakti að André Villas-Boas, stjóri Chelsea, skyldi henda Frank Lampard á bekkinn. Sú ákvörðun sprakk ekki í andlitið á honum því honum datt einnig í hug að hafa Didier Drogba í liðinu og það reyndist vera frábær ákvörðun.

Leikurinn var nýhafinn þegar Drogba kom Chelsea yfir. Það mark veitti liðinu aukið sjálfstraust og Chelsea hafði öll völd á vellinum það sem eftir lifði leiks. 3-0 sigur staðreynd þar sem Chelsea lék vel og Drogba skoraði tvö mörk.




**TIL BJARGAR** Drogba stimplaði sig inn í lið Chelsea á nýjan leik í gær með fínum leik. Hann fagnar hér marki í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea vann þess utan riðilinn þar sem Genk náði óvænt jafntefli gegn Bayer Leverkusen. „Þetta eru frábær úrslit og ég gleðst með strákunum. Það er frábært að enda á toppi riðilsins eftir alla gagnrýnina sem við höfum fengið. Það fengu ansi margir þá gagnrýni í andlitið núna," sagði sigurreifur stjóri Chelsea, André Villas-Boas, eftir leikinn.

Arsenal var komið áfram og Arsene Wenger, stjóri Arsenal, gat því leyft sér að hvíla lykilmenn og Arsenal tapaði leiknum. Það breytti engu þar sem Arsenal var búið að vinna riðilinn.

Marseille komst einnig áfram í riðlinum eftir ótrúlegan endasprett gegn Dortmund þar sem liðið skoraði tvö mörk. Hefði liðið ekki klárað leikinn má gera ráð fyrir að franska liðið hefði hugsað Arsenal þegjandi þörfina.

AC Milan og Barcelona hvíldu einnig lykilmenn en unnu samt sína leiki og voru ávallt örugg áfram. - hbg

*Það er sport að spara*

# HLÝTT Í VETRARKULDA

## fyrir alla sem elska snjóinn!





(fullt verð 22.990)

**17.990**

### MCKINLEY BELU / FALCON SKI JACKET

Hlýr skíðajakki úr EXODUS útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Límdir saumar og góðir öndunareiginleikar. Dömu- og herrastærðir.

---

## KLÚBBTILBOÐ VIKUNNAR

**13.990**

(fullt verð 16.990)

### MCKINLEY SUN / SAM SKI PANTS

Skíðabuxur úr EXODUS útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Límdir saumar og góð öndun. Dömu- og herrastærðir.



K INTERSPORT KLÚBBURINN

**GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!**



**12.490**

(fullt verð 15.980)

### MERINO TOP / PANT

Nærfatnaður úr hlýrri MERINO-ull. Dömu- og herrastærðir.



**24.990**

### MCKINLEY FIELD M SKI JACKET / MARTHE W SKI JACKET

Skíðajakki úr EXODUS útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Límdir saumar og mjög góð öndun. Dömustærðir / herrastærðir.



**29.990**

(fullt verð 34.990)

### ALTITUDE CARRIE W JACKET

Vönduð skíðaúlpa úr DURATEC EXTREME útivistarefni með 10.000 mm vatnsheldni. Vindheld með límdum saumum og mjög góðri öndun. Dömustærðir. **FÆST Á BÍLDSHÖFÐA OG Í LINDUM.**



**21.990**

(fullt verð 26.990)

### ALTITUDE SPIN SHOFTSHELL PANT

Vandaðar skíðabuxur úr DURATEC SOFTSHELL með 8.000 mm vatnsheldni. Vindhelt og teygjanlegt efni. Dömustærðir.

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 7. – 24. DESEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

# LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM ÞÓTT VIÐ DETTUM ÚT

**Manchester-liðin þurfa bæði að berjast fyrir lífi sínu í Meistaradeildinni í kvöld, en útlitið er heldur bjartara hjá United, sem nægir jafntefli á móti Basel. City-liðið verður hins vegar að treysta á önnur lið. Fjögur af átta sætum í riðlum A til D eru óbókuð.**

**FÓTBOLTI** Tvö efstu lið ensku úrvalsdeildarinnar, nágrannarnir í Manchester City og Manchester United, eiga það á hættu að spila sinn síðasta leik í Meistaradeildinni á tímabilinu í kvöld og komast því ekki áfram í sextán liða úrslitin. Úrslitin ráðast þá í riðlum A til D, en fjögur af átta sætum eru enn laus. Bayern München, Inter Milan, Benfica og Real Madrid eru þegar komin áfram og öll nema portúgalska liðið hafa unnið sinn riðil.

Auðveldi riðillinn hjá Manchester United hefur reynst aðeins erfiðari en menn spáðu fyrir þegar liðin komu upp úr pottinum í haust. Benfica tryggði sig áfram með 2-2 jafntefli á Old Trafford í síðustu umferð, sem þýðir að Basel og United spila úrslitaleik um hitt sætið á St. Jakob-Park í Basel í kvöld. Manchester-menn eru stigi á undan Svisslendingunum og nægir því jafntefli í leiknum.

„Eina forskotið sem við höfum fyrir þennan leik er að Basel verður að vinna og þarf því að spila til sigurs," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United. Javier Hernández og Dimitar Berbatov eru báðir frá vegna ökklameiðsla og Ferguson mun treysta á Wayne Rooney og Danny Welbeck í framlínunni þótt sá síðarnefndi sé að koma til baka eftir meiðsli.

Manchester United hefur aðeins þrisvar sinnum setið eftir í sínum riðli í sögu Meistaradeildarinnar og það gerðist síðast tímabilið 2005-2006, þegar tap á útivelli á móti Benfica þýddi að liðið endaði í fjórða og síðasta sæti síns riðils. Sá leikur fór fram fyrir nákvæmlega sex árum, hinn 7. desember 2005. Ensku meistararnir hafa ekki verið allt of sannfærandi síðustu vikur og því eru stuðningsmenn liðsins langt frá því að vera vissir um að komast áfram á útivelli á móti liði sem skoraði þrjú mörk í seinni hálfleiknum í leik liðanna á Old Trafford.

Möguleikar Manchester City eru hins vegar langt frá því að vera eins góðir og hjá nágrönnunum. City tapaði gríðarlega mikilvægum leik á móti Napoli í síðustu umferð og þarf því bæði að vinna topplið Bayern München og treysta á að botnlið Villarreal taki stig af Napoli, sem er með stigi meira en City og betri árangur í innbyrðisleikjum.

„Lífið heldur áfram þótt við dettum út úr Meistaradeildinni. Við munum þá bara spila í Evrópudeildinni og reyna að vinna hana. Við gerðum nokkur mistök í þessum riðli og þá geta svona hlutir gerst," sagði Roberto Mancini, stjóri Manchester City.

„Við viljum ekki gefa neinar jólagjafir. Það væri ekki sanngjarnt gagnvart Napoli, fyrir utan það að 800 þúsund evrur eru ágætur jólabónus. Við þurfum á peningunum að halda en Manchester hefur sinn eigin sjeik," sagði Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður Bayern München, og það voru fleiri að skjóta á City-liðið.

„Það verður gott fyrir Meistaradeildina ef City dettur út. Fótboltinn er leikur þar sem menn þurfa alltaf að vera að sanna sig," sagði Thomas Müller, framherji Bayern.

Ajax nægir stig á heimavelli á móti Real Madrid til að komast áfram en fer líka áfram með tapi ef Lyon tekst ekki að vinna upp 7 mörk á hollenska liðið. Liðin eru jöfn innbyrðis en á sama tíma og markatala Ajax er +3 (6-3) er markatala franska liðsins -4 (2-6).

Inter Milan er komið áfram í B-riðli en öll hin þrjú lið riðilsins eiga enn möguleika á að fylgja þeim. Trabzonspor er með stigi meira en Lille og CSKA Moskva. Lille tekur á móti Trabzonspor og bæði lið fara áfram með sigri. CSKA Moskva verður að vinna Inter og treysta á að Lille og Trabzonspor geri jafntefli.

**ooj@frettabladid.is**

## Leikir kvöldsins

**(Feitletruðu liðin eru komin áfram)**

**A-riðill**
Man. City - **Bayern** Stöð 2 Sport 3
Villarreal - Napoli Stöð 2 Sport 4
**Stig liðanna (markatala):** Bayern München 13 (11-4), Napoli 8 (8-6), Man. City 7 (7-6), Villarreal 0 (2-12).

**B-riðill**
**Inter Milan** - CSKA Moskva
Lille - Trabzonspor
**Stig:** Inter 10 (7-5), Trabzonspor 6 (3-5), Lille 5 (6-6), CSKA Moskva 5 (7-7)

**C-riðill**
Basel - Man. United Stöð 2 Sport
**Benfica** - Otelul Galati
**Stig:** Benfica 9 (7-4), Man. United 9 (10-6), Basel 8 (9-9), Otelul Galati 0 (3-10)

**D-riðill**
Ajax - **Real Madrid**
Dinamo Zagreb - Lyon
**Stig:** Real Madrid 15 (16-2), Ajax 8 (6-3), Lyon 5 (2-6), Zagreb 0 (2-15)



**7. DESEMBER 2005** Wayne Rooney getur ekki leynt vonbrigðum sínum eftir tap á móti Benfica í Lissabon sem kostaði Manchester United sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar 2005-2006. NORDICPHOTOS/GETTY






Bjarki Már Elísson verðlaunaður í N1-deild karla:

# Lyftingarnar í sumar eru að skila sér

**HANDBOLTI** HK-ingurinn Bjarki Már Elísson var í gær valinn besti leikmaður fyrstu sjö umferða N1-deildar karla. Það kom fáum á óvart enda hefur Bjarki farið á kostum með HK í vetur.

„Það var mjög ánægjulegt að fá þessi verðlaun. Ég var ekkert að gera ráð fyrir að fá þessi verðlaun en það kom mér heldur ekkert á óvart enda finnst mér ég hafa staðið mig vel. Mér fannst ég alveg eiga þetta skilið," sagði hinn 21 árs gamli Bjarki Már, sem nemur íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík.

„Mér gekk vel í fyrra og fannst mikilvægt að fylgja því eftir. Sjálfstraustið hefur síðan vaxið með hverjum leik í vetur. Ég get þó viðurkennt að ég átti kannski ekki alveg von á að mér myndi ganga eins vel og raun ber vitni," sagði Bjarki, sem lagði hart að sér í sumar og nýtti tímann vel.

„Ég var að lyfta á fullu og hljóp eiginlega ekki neitt. Ég ákvað að bæta við mig smá krafti og það hefur skilað sér sínu. Ég var rúm 82 kíló í fyrra en er um 90 kíló núna," sagði Bjarki, en hann segist einnig hafa farið að vinna meira með andlega þáttinn hjá sér. „Ég er farinn að pæla mun meira í honum en áður. Þegar ég klikkaði í fyrra fór ég í mínus en nú hef ég miklu meiri trú á sjálfum mér."

Frammistaða Bjarka náði athygli landsliðsþjálfarans, Guðmundar Guðmundssonar, sem valdi hann í æfingahóp landsliðsins á dögunum.

„Það ýtti vel undir sjálfstraustið og var ánægjulegt," sagði Bjarki, sem ætlar að festa sig í sessi í landsliðshópnum. „Stefnan er að vera orðinn fastamaður í landsliðinu á næstu tveim árum. Í kjölfarið opnast vonandi tækifæri í atvinnumennskunni. Síminn er ekkert farinn að hringja ennþá en það fer vonandi að breytast," sagði Bjarki Már léttur. **- hbg**



**LANDSLIÐSMAÐUR** Bjarki var valinn í landsliðið á dögunum og þar ætlar hann að festa sig í sessi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bestir í umferðum 1-7

**Besti leikmaðurinn:**

| | |
|---|---|
| Bjarki Már Elísson | HK |

**Besti þjálfarinn:**

| | |
|---|---|
| Aron Kristjánsson | Haukar |

**Bestu dómarar:**
Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson

**Besti varnarmaður:**

| | |
|---|---|
| Ægir Hrafn Jónsson | Fram |

**Besta umgjörð:**
Akureyri

**Lið umferðarinnar:**

| | |
|---|---|
| Markvörður: | Hlynur Morthens, Valur |
| v. horn: | Bjarki Már Elísson, HK |
| v. skytta: | Ólafur Gústafsson, FH |
| Miðja: | Tjörvi Þorgeirsson, Haukar |
| h. skytta: | Bjarni Fritzson, Akureyri |
| h. horn: | Gylfi Gylfason, Haukar |
| Lína: | Ægir Hrafn Jónsson, Fram |

# Gefðu góða gjöf

Mediflow



9.750 kr.

## Einstakur heilsukoddi með vatnsfyllingu – nýjung á Íslandi

Klínískar rannsóknir sýna að Mediflow heilsukoddinn er einn besti koddi á markaðnum til að minnka verki í hálsi og auka svefngæði.*
Hann er mjúkur en veitir samt fullkominn stuðning fyrir hálsinn.

**Arch Phys Med Rehabil 1997;78: 193-8. Lavin RA, Pappagallo M, Kuhiemejer Ky. Cervical pain: a comparison of three pillows.*



## Fjölnota Nuddpúði

Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti.

Hentar vel fyrir bak, herðar og fótleggi.

Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.

17.950 kr.





## Háls- og herðanudd – fjölnota

Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu.

Hentar einnig á bak, mjaðmir og læri.

Margskonar stillimöguleikar.

16.980 kr.



## Lumie Dagljósið

**Sólarljósið í skammdeginu**

**Bætir líðan og eykur afköst.**

**Vaknið endurnærð!**

17.750 kr.





## Ný kynslóð nuddsæta Shiatsu- og þrýstinudd

**Fullkomin slökun með þrýstinuddi sem teygir á mjóbaki og mjöðmum**

Shiatsu nudd með infrarauðum hita.

Kröftugt þrýstinudd í hliðum og sessu.

Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

Áklæði sem hægt er að þvo.

52.790 kr.



# Heilsa · Slökun · Vellíðan

Eirberg



Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Eirberg • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## > Stöð 2 Sport 2 kl. 21.25
## Ísland – Þýskaland

***Bein útsending frá leik Íslands og Þýskalands á HM í handbolta er í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport 2. Nú er að duga eða drepast fyrir stelpurnar okkar. Í kvöld eru einnig leikir í Meistaradeild Evrópu og leikur Basel og Manchester United er sýndur beint á Stöð 2 Sport kl. 19.30. Á sama tíma er leikur Manchester City og Bayern München á Sport 3 og leikur Villarreal og Napólí á Sport 4.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON OG BOLTINN

# *Fleiri mánudagsleiki, eða ekki*

Á föstudögum kemur jafnan svokallaður púki í minn mann. Tveir unaðslegir frídagar fram undan og maður veit varla hvar maður á að byrja í skipulagningunni. Hversu lengi á ég að sofa út á morgun? Ætla ég að kaupa bjór? Hversu mikið af bjór? Og síðast en ekki síst, hvenær er leikurinn?



Ég fagna ákaft þegar Liverpool spilar klukkan fimm á laugardögum. Það er hinn fullkomni tími. Sunnudagsleikirnir geta líka verið góðir, en síðasta mánudag kynntist ég fátíðum lúxus: Að eiga leik inni á mánudegi.

Spennan var mögnuð þegar ég kom heim eftir erfiðan vinnudag. Liverpool var að fara að mæta Fulham og sigur var krafa. Ég var þó ekki lengi í paradís því liðið mitt tapaði leiknum, þrátt fyrir að hafa vaðið í færum.

Liverpool tapar víst alltaf á mánudögum. Ég sem ætlaði að gera kröfu um miklu fleiri mánudagsleiki þar sem það er erfitt að finna eitthvað til að vera spenntur fyrir á þessum guðs voluðu dögum. Ég vil laugardagana aftur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Könglar og kertaljós **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Tilhugalíf **15.25** Nóbelsverðlaunin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (Pagten) (e)
**15.30 Íþróttaannáll 2011** (4:7)
**16.00 Djöflaeyjan.**
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Disneystundin**
**17.31 Finnbogi og Felix** (9:26) (Phineas and Ferb)
**17.53 Sígildar teiknimyndir** (9:42)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (Pagten)
**18.25 Kafað í djúpin** (8:14) (Aqua Team)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**20.55 Dans dans dans - Dansar í úrslitum** (e)
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Matur hf.** (Food Inc.) Bandarísk heimildamynd um matvælaframleiðslu stórfyrirtækja þar í landi.
**23.55 Landinn** (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Daddy's Little Girls**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 Daddy's Little Girls**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 The Day the Earth Stood Still**
**22.00 Next**
**00.00 Mechanik**
**02.00 Fuera del cielo**
**04.00 Next**
**06.00 Bye, Bye, Love**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (74:175)
**10.15 Harry's Law** (2:12).
**11.00 The Big Bang Theory** (4:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (6:24)
**11.50 Grey's Anatomy** (10:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (14:24)
**13.25 Ally McBeal** (10:22)
**14.10 Ghost Whisperer** (17:22)
**14.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (11:25)
**19.55 My Name Is Earl** (10:27)
**20.25 The Middle** (8:24)
**20.50 Cougar Town** (20:22)
**21.20 Hawthorne** (5:10) Önnur þáttaröð þessarar vinsælu þáttaraðar.
**22.10 Medium** (7:13) Sjöunda og jafnframt síðasta þáttaröðin af þessum dulmagnaða spennuþætti um sjáandann Allison Dubois.
**22.55 Satisfaction** Önnur þáttaröðin um líf og ástir fimm kvenna sem starfa á háklassa vændishúsi í Melbourne. Þátturinn fjallar um fylgdarkonurnar og umboðsmenn þeirra og hvernig þær takast á við álagið á milli einkalífs og atvinnugreinar sinnar.
**23.55 Fletch**
**01.30 Human Target** (4:13)
**02.15 The Good Guys** (18:20)
**03.00 Breaking Bad** (4:13)
**03.50 Angus, Thongs and Perfect Snogging**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**14.40 Ísland - Noregur** Útsending frá HM í handbolta í Brasilíu.
**16.05 Þorsteinn J. og gestir**
**16.35 Meistaradeild Evrópu**
**18.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Basel - Man. Utd.** Bein útsending. Á sama tíma er leikur Manchester City og Bayern München sýndur á Sport 3 og leikur Villarreal og Napoli á Sport 4.
**21.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.25 Meistaradeild Evrópu: Man. City - Bayern Munchen**.
**00.15 Meistaradeild Evrópu: Villarreal - Napoli**
**02.05 Ísland - Þýskaland** Útsending frá HM í handbolta í Brasilíu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.25 Everton - Stoke**
**17.15 Blackburn - Swansea**
**19.05 Q.P.R. - West Bromwich Albion**
**20.55 Þorsteinn J. og gestir**
**21.25 Ísland - Þýskaland** Bein útsending.
**23.10 Þorsteinn J. og gestir**
**23.40 Premier League Review 2011/12**
**00.35 Football League Show**
**01.05 Sunnudagsmessan**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (57:175)
**20.15 Gilmore Girls** (19:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.05 Modern Family** (1:24)
**22.30 Mike and Molly** (13:24)
**23.00 Chuck** (12:24)
**23.45 Community** (9:25)
**00.10 Daily Show. Global Edition**
**00.40 My Name Is Earl** (10:27)
**01.00 Gilmore Girls** (19:22)
**01.45 The Doctors** (57:175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (3:19) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Outsourced** (13:22) (e)
**16.20 Mad Love** (5:13) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Charlie's Angels** (1:8) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (43:50) (e)
**19.30 Geðveik jól á Skjá Einum** Þáttur til styrktar Geðhjálp í umsjón Sóla Hólm. Fimmtán fyrirtæki hafa unnið baki brotnu við gerð jólatónlistarmyndbanda sem verða nú sýnd. Þjóðin kýs svo besta myndbandið með símakosningu.
**20.55 Pan Am** (3:13).
**21.45 Tobba** (12:12) Í þetta sinn kíkir Tobba á fyndin mistök í íslensku sjónvarpi og gestir hennar verða þau Logi Bergmann og Brynhildur Ólafsdóttir. Pétur Blöndal tjáir sig um hláturskast hans á Alþingi og Tobba fagnar tuttugasta og sjöunda afmælisdeginum með pomp og prakt.
**22.15 CSI: Miami** (10:22)
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 Dexter** (6:12) (e)
**00.40 HA?** (11:31) (e)
**01.30 Nurse Jackie** (10:12) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (8:25) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Chevron World Challenge (3:4) **12.00** Golfing World **12.50** Chevron World Challenge (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** Dubai World Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2009 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn suðurland

## BBC entertainment

**06.15** The Weakest Link **07.00** Dalziel and Pascoe **08.45** Come Dine With Me **09.30** Dalziel and Pascoe **11.15** EastEnders **11.45** Live at the Apollo **12.30** Come Dine With Me **13.20** The Inspector Lynley Mysteries **14.55** Top Gear **16.10** Come Dine With Me **17.00** Live at the Apollo **17.45** QI **18.20** QI **18.50** Top Gear **20.10** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** The Thick of It **22.45** The Graham Norton Show **23.30** The Graham Norton Show **00.15** Top Gear **01.10** Live at the Apollo **01.55** QI **02.25** The Thick of It

## DR 1

**11.10** Kontant **11.35** Hvor er vi landet? **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvad er det værd? **17.30** TV Avisen med vejret **18.05** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Sporløs **19.30** Sådan er kærlighed **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** Sporten med VM håndbold **21.10** Skyggespil **22.10** Onsdags Lotto

## NRK 1

**12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Teenage Boss **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nasjonalgalleriet **22.45** Småbyliv **23.15** Bare Egil

## SVT 1

**12.00** Dag **12.25** Starke man **13.00** Svenska komediaktörer **13.10** Gänget **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Sommarpratarna **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Nordstan **21.00** Homeland **21.50** How to Make It in America **22.15** Kjell 5000 **22.25** Anklagad **23.25** Rapport **23.30** Skavlan **00.30** Rapport **00.35** Inside job

## ÍNN

**20.00** Græðlingur **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# fimbulfamb

{blekk·ing·ar·leik·ur}

**„SKEMMTILEGASTA ÍSLENSKA SPILIÐ SEM KOMIÐ HEFUR ÚT."**

*- Gísli Einarsson í Nexus*

## LOKSINS NÝ SENDING!

- Hið sögufræga og stórskemmtilega spil sem reynir á ímyndunarafl og útsjónarsemi þátttakenda.
- Áhugaverður blekkingarleikur með á annað þúsund skrýtnum, skondnum og sjaldgæfum orðum.
- Spennandi, gáskafullt, fróðlegt og þroskandi spil fyrir hressa Íslendinga.
- Spil fyrir unga sem aldna; klækjarefi, gabbara, gáfnaljós, stuðbolta, orðháka, snillinga og grínara.

**LOKSINS KOMIÐ AFTUR**
**TAKMARKAÐ UPPLAG!**

**OPIÐ í Smáralind til kl. 22 öll kvöld til jóla**




**Í fyrra seldist spilið upp löngu fyrir jól!**

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## MORGUNMATURINN



*„Þegar jólin nálgast geri ég stundum vel við mig og fæ mér ristað brauð með bóndabrie og rifsberjahlaupi, og Egils jólaöl og appelsín með.“*

Siggeir F. Ævarsson, sagnfræðingur og menntaskólakennari.

# Fransmenn sjúkir í Feigð



**FRAKKAR HRIFNIR** Franska forlagið Gallimard hefur gert tilboð í nýjustu bók Stefáns Mána, Feigð, en Frakkar hafa verið hrifnir af bókum höfundarins.

„Þetta hefur ekkert með mig persónulega að gera heldur virðast þeir bara vera að fatta mig og það sem ég er að gera. Sem er ekkert skrýtið. Ég er sjálfur undir áhrifum frá frönskum höfundum og franskri heimspeki,“ segir Stefán Máni, rithöfundur. Franska forlagið Gallimard hefur gert tilboð í nýjustu bók Stefáns, Feigð, eftir að hafa fengið þrjár framúrskarandi umsagnir um bókina hjá sínu fólki. Stefán segist samt sem áður ekki vera búinn að skrifa undir neitt en er þó bjartsýnn á framhaldið. „Eftir að þeir fengu þessar umsagnir fóru hjólin að snúast fyrir alvöru,“ segir Stefán.

Frakkar hafa verið hrifnir af bókum Stefáns Mána undanfarin ár og Gallimard-forlagið ætlar til að mynda að gefa út bókina Svartur á leik í apríl, en kvikmynd byggð á bókinni er væntanleg í kvikmyndahús í mars. Franska menningartímaritið Lire valdi síðan Skipið sem bestu glæpasögu ársins 2010 og Stefán Máni lét þá hafa eftir sér að Frakkar væru miklir smekkmenn. Smekkur þeirra virðist lítið hafa breyst á þessu eina ári því rithöfundurinn hefur þrisvar sinnum farið til Frakklands og lesið upp úr bókum sínum á þessu ári. „Ég hef líka mikið farið á franskar bókmenntahátíðir,“ segir Stefán.

Feigð er glæpasaga af köldustu gerð, en hún segir frá lögreglumanninum Herði Grímssyni og eltingarleik hans við undirheimahrottann Simon Örn Rekoja, en eltingaleikurinn teygir sig frá Reykjavík til Vestfjarða. - fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir er í óða önn að bóka tónleika fyrir næsta ár og á dögunum var staðfest að hún yrði eitt af aðalnúmerum Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku næsta sumar. Í gær kom í ljós að Björk yrði einnig aðalnúmerið á Øya-tónlistarhátíðinni í Ósló í byrjun ágúst á næsta ári. Talsmenn Øya eru í skýjunum og segja Björk hafa verið efst á óskalista sínum fyrir næstu hátíð, en hún verður lokanúmerið á hátíðinni. Tónleikar Bjarkar í Hörpu fyrr í haust lögðust vel í Íslendinga og fékk tónlistarkonan prýðisdóma fyrir plötu sína Biophilia. Þar steig Björk á stokk ásamt stúlknakórnum Graduale Nobili en ekki er ljóst hvort kórinn fær að fljóta með í tónleikatúrinn næsta sumar. - áp


# Tölvuhjálp omnis - engar áhyggjur!

**Við komum heim til þín með nýju tölvuna og setjum hana upp fyrir þig fyrir aðeins 4.990 kr. ef keypt með nýrri tölvu. Listaverð á þessari þjónustu er 12.990 kr.**

- Setjum tölvuna upp ásamt fylgihlutum ✓
- Tengjum nýju tölvuna við internetið* ✓
- Setjum upp eitt netfang ✓
- Tengjum prentarann og flakkarann ✓
- Setjum upp hugbúnað að þínu vali** ✓
- Göngum snyrtilega frá öllum köplum ✓



* Nettenging þarf að vera til staðar. ** Einn hugbúnað, t.d MS Office.
Gildir eingöngu fyrir höfuðborgarsvæðið, Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



**Apple iMac 21.5" - 234.900 kr.**

Þú færð örugglega verðlaun fyrir fallegasta vinnuborðið með þessari. Glæsileg Apple iMac tölva með sambyggðum skjá. Þráðlaust lyklaborð og mús fylgja með.



**Dell Inspiron One - 169.900 kr.**

Einfaldaðu líf þitt og hámarkaðu borðpláss með glæsilegri Inspiron One 2320 borðtölvu með innbyggðum FULL HD 23" snertiskjá, vefmyndavél og nýrri kynslóð Pentium örgjörva frá Intel.

REYKJAVÍK Ármúli 11
REYKJANESBÆR ▪ AKRANES ▪ BORGARNES

omnis – Við þekkjum tölvur


## ÓSKAR AXEL ÓSKARSSON: PABBI VAR ALVEG AÐ GEFAST UPP Á MÉR

# Rappar um fátækt sína og fangelsisvist á nýrri plötu



**RAPPAR UM UNGLINGSÁRIN** Óskar Axel Óskarsson rappar um unglingsárin á fyrstu plötu sinni, Maður í mótun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta eru mín unglingsár í hnotskurn,“ segir rapparinn Óskar Axel Óskarsson, sem hefur gefið út sína fyrstu plötu.

Hún nefnist Maður í mótun og hefur að geyma tíu rapplög undir R&B-áhrifum, sungin á íslensku. Platan var tekin upp fyrir tveimur árum, skömmu eftir bankahrunið, þegar mikil reiði og óvissa var í þjóðfélaginu. „Mig langaði að koma tilfinningum mínum á framfæri.“

Í lokalaginu, Erfiðir tímar, syngur Óskar Axel um hvernig það er að vera fátækur og eiga foreldra sem eru á bótum. „Þegar hrunið skall á var ég búinn að ganga í gegnum ýmsa hluti. Mamma og pabbi voru búin að eyðileggja kennitölurnar sínar á einhverjum tímapunkti og allt var rosalega erfitt og í miklu klúðri. Við höfðum misst húsið okkar í bruna þegar hrunið gerist og þau voru nýfarin að standa almennilega í lappirnar,“ segir hinn tvítugi rappari. „Mér finnst eins og fólk í kringum mig sé að upplifa svipaða hluti og ég gerði, að missa húsið sitt og foreldrarnir höndla lífið ekki alltaf. Það er alltaf eitthvert vesen að koma upp en svona er bara lífið. Það kemur alltaf annar dagur.“

Í titillaginu Allt sem ég er, sem hann syngur með Ingó Veðurguði, biður hann pabba sinn fyrirgefningar á að hafa þurft að sækja sig í fangelsi. „Áður en ég var búinn að ná átján ára aldri var pabbi alveg að gefast upp á mér,“ segir Óskar Axel, sem hefur snúið blaðinu við og hyggur á nám í hljóðtækni. Núna er hann í Borgarholtsskóla.

Rapparinn steig fyrst fram á sjónarsviðið þegar hann lenti í öðru sæti í Músíktilraunum árið 2008 á eftir Agent Fresco. Þar fékk hann viðurkenningu fyrir textagerð, en með honum í keppninni var Karen Pálsdóttir sem syngur einmitt á nýju plötunni, rétt eins og popparinn Júlí Heiðar. „Eftir það fór ég á fullt. Ég vissi alltaf að þetta væri eitthvað sem mig langaði að gera,“ segir hinn efnilegi Óskar Axel, sem hefur í hyggju að setja upp tónlistarsýningu byggða á plötunni. Útgáfa Maður í mótun dróst einmitt á langinn vegna þess að sýningin átti að verða að veruleika um leið og platan kæmi út. Tveir kennarar höfðu hjálpað honum að semja handrit í kringum lögin og sýningin átti að vera í Hörpunni um jólin en erfitt reyndist að fá styrki í verkefnið. „Ég ætla 99% að gera þetta einhvern tímann þegar rétti tíminn finnst. Ég skora á menntamálaráðherra að kynna sér þetta verkefni betur.“ freyr@frettabladid.is

# Listfræðinemar stofna gallerí



**ÁNÆGÐ** Viktoría og félagar eru himinlifandi með góðar móttökur við framtakinu.

„Okkur hefur verið tekið opnum örmum,“ segir Viktoría Jóhannsdóttir Hjördísardóttir, listfræðinemi og einn stofnenda hins glænýja Artíma gallerís.

Listfræðinemar við Háskóla Íslands tóku sig til á haustmánuðum og opnuðu nýtt gallerí, sem þeir sjá sjálfir alfarið um að reka. „Listfræðin er tiltölulega nýtt nám hjá HÍ og það hefur í raun vantað verklegt nám inn í námið frá upphafi. Þessi hugmynd hefur verið til lengi en alltaf bara á því stigi. Í haust var svo bara rétta fólkið á rétta staðnum og við ákváðum að kýla á að opna gallerí.“ Rekstur gallerísins er þannig upp byggður að listfræðinemarnir fá að spreyta sig á sýningarstjórn og öllu því sem tengist uppsetningu á listasýningu og fá í leiðinni dýrmæta reynslu sem nýtist þeim í áframhaldandi námi og starfi. Nemendur Listaháskóla Íslands eru meðal þeirra sem hafa sýnt verk sín í salnum, en mikil vöntun hefur verið á sýningarrými fyrir ungt listafólk.

Viktoría segir viðtökurnar hafa verið framar björtustu vonum. „Það var mikil þörf fyrir þetta, við fundum það um leið og fórum að ræða hugmyndina við fólk í myndlistargeiranum. Það sýnir sig líka í því að við erum búin að bóka sýningar fram í maí á næsta ári og mikill fjöldi fólks hefur sýnt þessu áhuga og mætt á þessar tvær sýningar sem við höfum verið með.“

Næsta sýning Artíma gallerís verður opnuð á föstudaginn kl. 17 og hvetur Viktoría allt listaáhugafólk til að leggja leið sína að Smiðjustíg 10 þar sem salurinn er til húsa.-

# Viltu auka hamingju þína?

**„Hamingja þátttakenda í námskeiðinu jókst svo ótvírætt að ég óska þess að ég hefði sjálfur fengið að taka þátt í því.“**

*Dr. Þorlákur Karlsson dósent í sálfræði og sérfræðingur í aðferðafræði og tölfræði við Háskólann í Reykjavík.*




*Hamingjan sanna er komin út á DVD*

*Hamingjan er óþrjótandi auðlind sem allir hafa aðgang að!*

**Hamingjan sanna er einstök þáttaröð þar sem fylgst er með 8 venjulegum Íslendingum takast á við ótta sinn, fortíðardrauga og lífsstíl.**

## 8 þættir á 2 diskum

1. Góðar venjur
- veita öryggi og frelsi

2. Þakklæti
- bætir hugarfar og líðan

3. Styrkleikar, merking og ánægja
- að finna tilgang sinn

4. Jákvæðar tilfinningar
- að styrkja hamingjusvæðin í heilanum

5. Út fyrir þægindahringinn
- að takast á við óttann

6. Erfið reynsla
- að gangast við sárum tilfinningum

7. Heilindi og gildi
- samkvæmni veitir sjálfsvirðingu

8. Að gera öðrum gott
- stuðlar að samhygð og auðmýkt

**Ásdís Olsen er höfundur og umsjónarmaður þáttanna. Ásdís leiðir þátttakendur í gegnum þessa umbreytandi vinnu sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja.**



www.sena.is/hamingjansanna

sena sagafilm UNDUR OG STÓRMERKI www.undur.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fögnuðu brúðkaupi í Vodafone-höllinni

Fótboltamaðurinn **Bjarni Ólafur Eiríksson** og handboltakonan **Berglind Íris Hansdóttir** gengu í það heilaga um síðustu helgi. Bjarni er samningsbundinn Stabæk í Noregi og Berglind lék þar í landi með Fredrikstad áður en hún lagði skóna á hilluna. Þau eru hins vegar bæði Valsarar að upplagi og því við hæfi að brúðkaupsveislan væri haldin í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda. Veislan stóð langt fram eftir nóttu og meðal ræðumanna var annar kunnur Valsari, Sigurður Eggertsson, sem flutti ræðu sem vakti mikla lukku auk þess sem hann söng lag fyrir brúðhjónin.



### Leikur í stuttmynd

**Darri Ingólfsson** heldur áfram að koma sér á framfæri í Hollywood, en hann hefur landað nokkrum hlutverkum í litlum myndum. Nýjasta hlutverk hans er í stuttmyndinni Escape. Ekki er hægt að finna miklar upplýsingar um hlutverk Darra á vefnum imdb.com aðrar en þær að hann muni leika mann. Meðal aðalleikara í myndinni er leikari að nafni John Rhys-Davies sem er kannski hvað þekktastur fyrir að leika hinn skapstirða dverg Gimli í þríleiknum um Hringadróttinssögu. Þá lék Rhys-Davies einnig Sallah, góðvin fornleifafræðingsins snjalla Indiana Jones, í Indiana Jones and the Last Crusade.



**- þeb, fgg**

### Mest lesið VÍSIR

1. Nauðgunarkæran forgangsmál hjá lögreglunni
2. Dreifingu símaskrárinnar hætt og standar fjarlægðir …
3. Frostið fór í 27,3 gráður við Mývatn
4. Ræktandi afhendi fimm hunda
5. Kynjafræði opnaði augu karlrembu – vill kynjafræði …




